



Ísland úr heiðskíru lofti
náttúra 34



Skrýtið að
anda í kafi
krakkar 46



spottið 16

Græddu á gulli á Grand Hótel
Laug. sun, mán, frá kl 11:00 til 19:00
Skoðið nánar á bls. 29

Staðgreiðum allt gull, silfur, demanta og vönduð úr.

FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað
12. maí 2012
111. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ A ÍSLANDI*



Ekki upp á punt
Andrea Jóhanna Ólafsdóttir vill verða forseti fólksins og láta verkin tala.
framboð 26



Fullkomið frelsi
Hjónin Unnar og Guðný fara saman út að hjóla.
vélhjóll 24



Sítrónur og hjólabuxur
Skemmtilegu lögin sem minna á liðin sumur.
tónlist 28



3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Hestaferðir | Fólk | Atvinna

Brýn þörf á mansals- og vændisdeild hjá lögreglu

Nauðsynlegt er að koma á fót deild innan rannsóknarlögreglunnar sem sér alfarið um vændi og mansal. Innanríkisráðherra mun beita sér í málinu. Segir ráðuneytið meðvitað um þrýsting grasrótarsamtaka.

LÖGREGLUMÁL „Það er alveg ljóst að lögreglan hefur þörf fyrir rannsóknarteymi sem einbeittir sér eingöngu að vændi og mansali,“ segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri í Reykjavík. Vændi- og mansalmál flokkast ýmist sem kynferðisbrot eða skipulögð glæpastarfsemi innan lögreglunnar, en á hinum Norðurlöndunum eru sérstakar deildir helgaðar málaflokknum.

Að mati Stefáns og fleiri yfirmanna innan lögreglunnar hefur stofnunin hvorki fjármagn né mannskap til að rannsaka vændismál af fullum krafti, sem gerir að verkum að þau lenda oftar en ekki aftur í forgangsröðuninni.

Í aðgerðaáætlun ríkisins gegn mansali fyrir árin 2008 og 2009 segir að koma verði á fót sérfræðiteymi í kringum mansalmál og formlegri yfirumsjón með mála-

Það þarf að stokka upp í þessu, það er alveg ljóst.

ÖGMUNDUR JÓNASSON
INNANRÍKISRÁÐHERRA

flokknum. Ellefu ár eru síðan ríkið lét síðast gera úttekt á umfangi vændis á Íslandi.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra ætlar að taka málið til skoðunar og reyna að beina frekari fjármunum til málaflokksins. „Það er í samræmi við þær hugmyndir sem við settum fram þegar eyrnamerkir fjármunir fóru til rannsókna á skipulagðri glæpastarfsemi,“ segir Ögmundur. „Það þarf að stokka upp í þessu, það er alveg ljóst.“

Ráðherra segir nauðsynlegt að við getum borið okkur saman við

Engar handtökur vegna vændis í tvö ár

Enginn hefur verið handtekinn eða ákærður fyrir kaup á vændi í tvö ár. Árið 2010 voru níu manns sakfelldir í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir vændis kaup, en alls voru ellefu manns ákærðir. Þeir sem sakfelldir voru þurftu flestir að greiða fjórutíu til átta tíu þúsund króna sekt fyrir brotið.

Alls voru sautján einstaklingar til rannsókna vegna vændis kaupa á tímabilinu, en fallið var frá málum sex manna vegna skorts á sönnunum.

aðrar þjóðir að því er varðar baráttu gegn vændi og mansali. „Í samfélaginu er greinileg vitundarvakning gagnvart þessu bóli og það á einnig við um lögregluna sem þekkir málin vel,“ segir hann. „Síðan eru grasrótarsamtök farin að þrýsta hressilega á og við erum mjög meðvituð um það innan ráðuneytisins.“

Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, verkefnisstýra í Kristínarhúsi, sem er athvarf fyrir konur á leið úr vændi eða mansali, er sammála

því að koma verði á sérteymi til að sjá um málaflokkinn. Hún segir það sína tilfinningu að vændi og mansal sé að aukast á Íslandi og brýnt að bregðast við þeirri þróun.

„Málaflokkurinn er hjá kynferðisbrotadeild og keppir við mál eins og nauðganir og kynferðisbrot gegn börnum,“ segir Steinunn. „Þá er auðvitað alveg augljóst að þau lenda aftur í forgangsröðinni. Það þarf að vera sérteymi sem sér um þessi mál.“



Í GÖNGUTÚR MEÐ AFA Hálfbræðurnir Hugi og Móri voru í göngutúr með afa sinn á milli sín, öldunginn Hrekk, þegar ljósmyndari Fréttablaðsins rakst á þá í veðurblíðunni í Hveragerði. Á myndinni glittir í fætur eiganda hundanna þriggja, Hilmars Hafsteinssonar kennara, sem hefur tekið ástfóstri við hunda af þessari tegund, en þeir eru kínverskir faxhundar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

KAUPI GULL

Magnús Steinþórsson
Demantar.is
Upplýsingar í síma 699 8000
Verið velkomin
Pósthússtræti 13 101 Reykjavík
– sjá bls. 41
Opíð alla helgina frá 10 – 18

Sumartilboð
Fosshótela!
SJÁ NÁNAR Á FOSSHOTEL.IS

FOSSHOTEL
VINALEGI UM ALLT LAND

Opíð
til **18**
í dag

Smáralind

SPURNING DAGSINS



Unnar, er Ísland ekki algerlega ógleymanlegt?

„Ja, það fer eftir því hvað ferðamennirnir drekka mikið af íslensku brennivíni.“

Unnar Helgi Danielsson Beck býður upp á þjónustu þar sem ferðamönnum er fylgt eftir og stutt heimildarmynd er gerð um ferðalagið, svo ekkert gleymist úr ferðinni.

Jóhanna um veiðigjaldið:

Mun nýttast í samgöngur

STJÓRN MÁL Eðlilegt gjald á auðlindir hafnsins mun gera stjórnvöldum kleift að hraða samgöngubótum á borð við jarðgöng, uppbyggingu græns hagkerfis og að styrkja velferðarkerfið, segir Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra í aðsendri grein í Fréttablaðinu í dag.



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Jóhanna segir þar eðlilegt, eftir það högg sem heimilin í landinu hafi tekið á sig í hrúninu, að almannasjóðir taki til sín hluta af þeirri auknu framlegð sem sjávarútvegurinn hafi fengið í sinn hlut með gengishrúninu.

- bj / sjá síðu 18

Eiturlyf í þremur íbúðum:

Maður tengdur Hells Angels var handtekinn

LÖGREGLUMÁL Lögregla höfuðborgarsvæðisins fann fíkniefni við húslit í þremur íbúðum í fjölbýlishúsi í Reykjavík í gær.

Í einni íbúðinni var rúmlega fertugur karlmaður, sem tengist Hells Angels, handtekinn, en um 70 grömm af amfetamíni fundust í frysti í íbúð mannsins.

Í annarri íbúð fundu lögreglumen amfetamín og maríjúana. Barnshafandi kona á þrítugsaldri sem býr í íbúðinni viðurkendi neyslu á maríjúana.

Þá fann lögregla búnað til að rækta maríjúana í þriðju íbúðinni sem húsráðandi hafði nýverið fest kaup á, auk þess sem maríjúana fannst í íbúðinni.

- bj

Stærsti banki Bandaríkjanna tapaði tveimur milljörðum dala á hálfu ári:

Játa á sig mistök og kæruleysi

BANDARÍKIN, AP JPMorgan Chase, stærsti banki Bandaríkjanna, tapaði tveimur milljörðum dala á vogunarviðskiptum síðasta hálfu árið. Bankinn segir að tapið gæti orðið meira, jafnvel heill milljarður dala í viðbót.

„Það voru mörg mistök gerð vegna kæruleysis og lélegrar dómgreindar,“ viðurkendi Jamie Dimon, framkvæmdastjóri bankans, heldur niðurlútur.

Vogunarviðskiptin áttu að tryggja bankann gegn áhættu í viðskiptum með eigin fjármuni.

„Eignasafnið reyndist áhættusamara, ótraustara og gerði minna gagn sem baktrygging en við töldum,“ sagði Dimon.

Þetta mikla tap er vandræðalegt fyrir bankann, sem komst mun betur út úr kreppunni 2008 en aðrir bandarískir stórbankar. Hann hafði forðast áhættusamar fjárfestingar sem urðu mörgum öðrum bönkum að falli þegar kreppan skall á.

JPMorgan Chase féll töluvert í verði á mörkuðum í gær, eftir að tilkynnt var um tapið. Aðrir bankar féllu einnig í verði.

- gb



JAMIE DIMON Framkvæmdastjóri bankans var nýverið útnefndur framkvæmdastjóri ársins í Bandaríkjunum. NORDICPHOTOS/AFP

Þungra dóma krafist yfir Exeter-mönnum

Saksóknari segir forstjóra Byrs ekki hafa haft heimild til að kasta peningum út um gluggann. Taka þurfi fast á sakborningunum í svokölluðu Exeter-máli. Verjandi forstjórans segir fráleitt að hann hafi tekið þátt í „plotti“ og blekkingarleik.

DÓMSMÁL Miklir annmarkar eru á dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í svokölluðu Exeter-máli, að mati saksóknara. Þar eru dregnar rangar ályktanir og litið fram hjá mikilvægum atriðum sem máli skipta. Þetta kom fram í máli saksóknarans Björns Þorvaldssonar fyrir Hæstarétti í gær.

Sakborningarnir í málinu, Ragnar Z. Guðjónsson, fyrrverandi forstjóri Byrs, Jón Þorsteinn Jónsson, fyrrverandi stjórnarformaður sparisjóðsins, og Styrmir Þór Bragason, fyrrverandi forstjóri MP banka, voru allir sýknaðir í málinu í héraði.

Einn dómari, Ragnheiður Harðardóttir, skilaði sératkvæði og vildi sakfella Jón Þorstein og Ragnar. Saksóknari tók undir flest í sératkvæði Ragnheiðar, en þó ekki þá niðurstöðu að sýkna bæri Styrmí. „Mér finnst þetta frekar neyðarlegt,“ sagði Ragnar Hall, verjandi Styrmis, um það.

Premeningunum er gefið að sök að hafa misnotað aðstöðu sína til að bjarga sér, öðrum lykilstarfsmönnum Byrs og MP banka frá veðköllum með því að láta Byr lán félaginu Exeter eins milljarðs lán gegn ótryggum veðum.

Ragnar hefur bent á að hann hafi sem forstjóri haft heimild til að lána allt upp undir einn og hálfan milljarð þvert á lánareglu félagsins. Björn sagði fyrir dómi í gær að þessi rök hrykkju skammt, enda hafi Ragnari borið að starfa með hagsmuni Byrs að leiðarljósi. „Hann hafði ekki heimild til að kasta peningum út um gluggann – það hlýtur að liggja í augum uppi.“

Björn sagði að þremningarnir ættu sér engar málsbætur, taka



STYRMIR BRAGASON RAGNAR Z. GUÐJÓNSSON JÓN ÞORSTEINN JÓNSSON

Vill ógildingu vegna vanhæfis dómara

Björn Þorvaldsson saksóknari fór fram á það að dómur héraðsdóms yrði ómerkur þar sem einn dómara hefði verið vanhæfur til að dæma í því. Þar vísaði hann til Einars Ingimundarsonar, sérfræðings í þriggja manna dómnum, sem Björn sagði að hefði verið náinn samstarfsmaður eins vitnanna í málinu hjá fyrirtækinu Íslenskum verðbréfum.

þyrfti af festu á málinu og dæma þungar refsingar. Hann fór fram á fjögurra og hálfis árs fangelsisvist, en tók fram að ef dómurinn teldi að brot Styrmis væri gáleysisbrot þá mætti dæma hann í tveggja til fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi.

Reynir Karlsson, verjandi Jón Þorsteins, sagði fráleitt að líta svo á að skjólstæðingur hans hefði stýrt lánveitingum Byrs. Stjórnarformaður hafi ekki getað veitt lán og enn síður borið að kanna bakgrunn félaga sem þiggja lán.

Ólafur Eiríksson, verjandi Ragnars, sagði fráleitt að Ragnar hefði ákveðið að eyðileggja mannorð sitt og valda vinnuveitanda sínum til margra ára tjóni upp á milljarð til að bjarga einkahlutfélagi sínu, Jóni Þorsteini eða starfsmönnum bankans. Látið sé eins og um „plott og blekkingarleik“ hafi verið að ræða, en Ragnar hafi ekki tekið þátt í því – að minnsta kosti ekki vitandi vits. Búast má við dómi í málinu innan mánaðar.

stigur@frettabladid.is

Ísland veitir fé í neyðaraðstoð:

13 milljónir til Sahel og Súdan

PRÓUNARMÁL Utanríkisráðuneytið hefur ákveðið að veita um 13 milljónum króna til neyðaraðstoðar Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna á Sahel-svæðinu og í Suður-Súdan að því er fram kemur í tilkynningu ráðuneytisins.

Sahel-svæðið í Afríku nær til ríkjanna Búrkína Fasó, Tsjad, Gambía, Malí, Míritaníu, Níger og Senegal. Langvarandi þurrkar, hátt kornverð og jarðvegseyðing auka þar vanda íbúa. Í S-Súdan eru nær fimm milljónir í hættu vegna uppskerubrests og ófriðar.

- bj

Ísland um Icesave-rök:

ESA svarað fullum hálsi

ICESAVE Íslensk stjórnvöld vísa málatilbúnaði Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) í Icesave-málinu algerlega á bug.

Í andsvörum ESA við afstöðu Íslands fyrir EFTA-dómstólum var rökum Íslands hafnað. Því er nú svarað fullum hálsi. Í nýju svari Íslands segir meðal annars að ESA hafi „afbakað málsvörn Íslands og vanrækt að svara hinum efnislegu rökum sem Ísland hefur sett fram“. Þar séu líka mótsagnir um hvort innstæðutryggingartilskipunin feli í sér notkun ríkisfjár. ESA hafi verið „vaklandi í þessum þætti málatilbúnaðarins“.

- bj

Eftirlit yfir Reykjaneshrygg:

Sautján togarar í línudansinum

LANDHELGISMÁL Sautján erlendir togarar voru að veiðum í hálfgerðum línudansi við mörk íslensku efnahagslögsögunnar þegar TF-SIF, flugvél Landhelgisgæslunnar flaug yfir Reykjaneshrygg í gær.

Skip frá aðildarríkjum Norð-austur-Atlantshafs Fiskveiðiráðsins mega veida á þessu svæði frá 10. maí samkvæmt samkomulagi sem gert var í fyrra.

Fimmtán af skipunum sem voru að veiðum í gær voru frá Rússlandi, en Rússar hafa mót-mælt samkomulagi um veiðar á svæðinu og gefið einhliða út kvóta.

- bj

MENNINGARMÁL

Orðabók öllum opin

ISLEX, íslensk-skandinavísk veforðabók, hefur nú verið aðlöguð þannig að hún nýtist þeim sem tengjast netinu með spjalatölvu eða síma. Fram kemur í tilkynningu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum að orðabókin hafi verið opnuð í fyrra og sé öllum aðgengileg og ókeypis á vefnum.

Veðurfræðingur segir ekki óvanalegt að vonskuskot geri í veðri í maímánuði:

Spáð brjáluðu veðri á sunnudag


VEDUR Veðurstofan varar við stormi með rigningu og snjókomu víða um land á morgun. Spáð er allt að 23 metrum á sekúndu og mun ganga í norðaustan- og norðanatt með rigningu eða slyddu og síðan snjókomu um norðan- og austanvert landið. Úrkomulítið verður sunnanlands, þó mikið hvassviðri eða stormur.

Björn Sævar Einarsson, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands, segir veðrið verða verst á öllu norðanverðu landinu.

„Fyrst verður þetta á Vestfjörðum, en færast norður yfir og verður hvassast á austanverðu landinu um kvöldið,“ segir hann. „Það verður sennilega þá komið víða tveggja til sex stiga frost.“

Að sögn Björns má alltaf búast við svona veðurfari í maí, þetta sé ekkert óvenjulegt.

Í tilkynningu frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg er því beint til ferðafólks að hafa góðar gætur á veðurspám á morgun og mánudag. Fólk skuli skipuleggja ferðir sínar þannig að ekki skapist af þeim erfiðleikar eða hætta og best sé að halda kyrru fyrir á meðan veðrið gengur yfir. Ef nauðsynlegt þykir að leggja land undir fót skuli skilja eftir ferðaáætlunina á vefnum www.safetravel.is.



STORMUR OG HRÍÐ Landsbjörg varar fólk við að vera á ferðinni á sunnudag vegna ofsaverðs.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í næstu viku fer veður svo kólnandi á landinu öllu og spáð er vægu frosti síðdegis á morgun á Norðurlandi en frostlausu sunnanlands. Þá dregur úr vindi á þriðjudag en spáð er frosti um mest allt land, en 0 til 5 stiga hita að deginum syðra. Áfram verður kalt í veðri út vikuna, kaldast fyrir norðan.

- sv

SNJÖLL OG GRÍPANDI



NÝ KILJA!

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

GJÖF TIL ÞÍN

**PYLSUPARTY
UM LAND ALLT!**

Laugardaginn 12. maí eru allir velkomnir í pylsuparty, kl. 12:00 í öllum verslunum Húsasmíðjunnar um land allt, meðan birgðir endast. Komdu og fáðu þér pylsu og gos!

Mæðradags
vöndurinn
2.990 kr.

1.000 kr.
renna til
Mæðrastyrks-
nefndar

MÆÐRA DAGURINN

sunnudaginn 13. maí

Blómaval og íslenskir blómabændur styrkja Menntunarsjóð Mæðrastyrksnefndar sem hefur það takmark að styrkja tekjulágar konur til menntunar.

blómaval

GJÖF TIL ÞÍN

Nýttu ávísunina strax!

Nú hafa öll heimili landsins fengið **Ávísun á gott sumar**. Ávísunin gildir sem **3.000 kr. innborgun** í öllum verslunum Húsasmíðjunnar og Blómavals ef keypt er fyrir 10.000 kr. eða meira.

Nýttu ávísunina strax!



1.695

Pallaolía
Pallaolía á gagnvarið efni.
7049123



12.900

**LÆGSTA
LAGA
VERÐ**
HÚSASMÍÐJUNNAR

Sunset Tasman 200
Grillflötur: 500x358mm
Hlíf yfir brennara
3000391



Risasýpris
3.990 kr.
6.990 kr.



**STJÚPU
SPRENGJA**
10 stk.
999 kr.
20 stk.
1.699 kr.
30 stk.
2.499 kr.



**SÆLUREITURINN ER KOMINN Á HUSA.IS
OG Í NÆSTU VERSLUN**

HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

GENGIÐ 11.05.2012

GJALDMÍDLAR	KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	125,39 125,99
	Sterlingspund	201,91 202,89
	Evra	162,22 163,12
	Dönsk króna	21,819 21,947
	Norsk króna	21,366 21,492
	Sænsk króna	18,023 18,129
	Japanskt jen	1,5675 1,5767

SDR 192,68 193,82

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
223,8627

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



ÆTI Meira er um æti í tjörninni á sumrin og óparfi að gefa brauð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Mávarnir mættir á tjörnina:

Borgarbúar gefi ekki fuglunum

REYKJAVÍK Borgaryfirvöld hvetja fólk til að gefa hvorki öndum né öðrum fuglategundum á Reykjavíkurtjörn brauð á meðan á varptíma stendur. Á vef borgarinnar kemur fram að sílamávarinn, einn helsti vargfuglinn við tjörnina, sé mættur til leiks á ný.

Mávarinn sækir í skyndibita sem fólk hendir í miðborginni, auk þess sem hann ténir upp andarunga þegar þeir skríða úr eggi.

Brauðgjafir á tjörninni laða mávana að, en gagnast hvorki öndunum né ungunum þeirra. Sleppa ætti brauðgjöfum þar til ungarnir eru komnir á legg. - bj

Kostuðu þátt í opinni dagskrá:

Fengu afslátt vegna lokunar

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær Prentsmiðjuna Leturprent til að greiða Skjá einum helming umsamins kostnaðar við kostun á sjónvarpsþætti á stöðinni árið 2009.

Prentsmiðjan samdi um kostunina þegar Skjár einn var auglýsingastöð með opna dagskrá og taldi kostunina lítils virði eftir að stöðinni var breytt í áskriftarsjónvarp. Héraðsdómur taldi eðlilegt að slá helming af kröfu Skjás eins og dæmdi prentsmiðjuna til að greiða um 500 þúsund krónur. - bj

4

Lyktarmengun óleystur vandi og bæjarstjórnin í Mosfellsbæ sammála íbúunum:

Sorpu verði komið frá Álfsnesi

UMHVERFISMÁL „Vettvangsferð bæjarráðs á urðunarstað Sorpu í Álfsnesi staðfestir áhyggjur bæjarstjórnar af lyktarmálum frá urðunarstaðnum,“ segir í samþykkt bæjarstjórnar Mosfellsbæjar.

Viðvarandi kvartanir hafa verið frá íbúum í Mosfellsbæ undan lyktarmengun frá Sorpu á Álfsnesi. Á íbúafundi 3. maí var lagst gegn áframhaldandi starfsleyfi Sorpu í Álfsnesi.

„Íbúafundurinn telur starfseminna ekki eiga heima nálægt byggð meðal annars vegna lyktarmengunar. Þær aðgerðir sem

gripið hefur verið til á undanförunum árum til að bregðast við lyktarmenguninni hafa ekki skilað tilætlunum árangri,“ ályktaði íbúafundurinn og skoraði á stjórn Sorpu og aðildarsveitarfélög Sorpu að standa saman að því að finna nýtt framtíðarsvæði fyrir starfseminna.

Bæjarstjórn segist taka undir ályktun íbúafundarins. „Ljóst má vera að ekki hefur tekist að leysa þessi mál svo ásættanlegt sé og hefur bæjarstjórn Mosfellsbæjar miklar áhyggjur af þróun mála í Álfsnesi,“ sagði bæjarstjórnin. -gar



URÐUNARSTAÐURINN Í ÁLFNESI Bæjarfulltrúi Íbúahreyfingarinnar sem fór með í vettvangsskoðun á Álfsnes lýsti lyktinni við losun á seyru úr gámabil sem „gríðarlegri og óþarlegri“. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skrúðganga og dagskrá:

Fjölmenning í fyrirrúmi í dag

FÓLK Fjölmenningardagur er haldinn hátíðlegur í Reykjavík í dag.

Dagskráin hefst með göngu frá Hallgrímskirkju klukkan eitt, niður Skólavörðustíg og að Ráðhúsi Reykjavíkur. Þar verður markaður og dagskrá til fimm. Handverk og matur frá ýmsum löndum er á meðal þess sem þar verður kynnt. Þá verða skiptinemasamtökin AFS einnig með kynningu, en samtökin leita nú að heimilum fyrir 26 skiptinema.

Þá verður dagskrá í Tjarnarbíói frá tvö til sjö í kvöld. - þeb

Búið að endurskipuleggja Eignarhaldsfélagið Fasteign

Bygging Háskólans í Reykjavík er á meðal eigna sem færðar verða út úr félaginu. Það mun starfa áfram og verða í eigu sveitarfélaga og Arion banka. Leiga lækkar um 40-50% til ársloka 2014 og 24-40% frá 2015.

VIÐSKIPTI Eignir verða seldar út úr Eignarhaldsfélaginu Fasteign (EFF), leyst verður úr leigumálum Háskólans í Reykjavík (HR) og málefnum sem tengjast Álftanesi, nýir skilmálar verða settir inn í lánasamninga, leigusamningar verða lækkaðir gríðarlega og rekstur lágmarkaður. Þá verður allt hlutfélagið félaginu fært niður og þeir aðilar sem verða leigutakar þess munu auka það aftur. Þetta kemur fram í kynningu á fjárhagslegri endurskipulagningu EFF, sem Fréttablaðið hefur undir höndum.

EFF var stofnað af nokkrum sveitarfélögum og Glitni í árslok 2002. Stofnaðilar lögðu eignir inn í félagið og leigðu þær síðan aftur af því. Á meðal eigna sem sveitarfélögin lögðu inn voru íþróttamannvirki og skóla- og stjórnsýslubyggingar. Glitnir lagði eignir sem hýstu hluta af starfsemi bankans og lóð við Kirkjusand sem átti að hýsa framtíðarhöfuðstöðvar bankans. EFF réðst auk þess í margs konar framkvæmdir. Þeirra kostnaðarsómust var nýbygging Háskólans í Reykjavík. Kostnaður vegna hennar stóð í rúmum 15 milljörðum króna í lok árs 2010, samkvæmt síðasta birta ársreikningi EFF.

Þeir kröfuhafar sem koma að endurskipulagningunni, sem eru að mestu leyti Íslandsbanki og skilaneftnd Glitnis, hafa þegar ritað undir samkomulagið. Búið er að skrifa undir það fyrir hönd EFF með fyrirvara um samþykki leigutaka og hluthafafundar félagsins. Samkvæmt tímaáætlun



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK Bygging Háskólans í Reykjavík er ein þeirra eigna sem mun fara út úr Eignarhaldsfélaginu Fasteign ef allir leigutakar þess samþykkja endurskipulagninguna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

er stefnt á að samþykki leigutaka fáiast í næstu viku og að hluthafafundur EFF geti staðfest samningana 21. maí næstkomandi. Kröfuhafarnir munu þurfa að afskrifa milljarða króna vegna byggingar HR, ógjaldfærni Álftaness og lánabreytinga annarra sveitarfélaga sem átt hafa hlut í félaginu.

Í endurskipulagningunni felst að húsið sem hýsir veitingastaðinn Nauthól, lóð við Kirkjusand og ákveðnar eignir á Álftanesi verða seldar út úr EFF. Þá verður

bygging Háskólans í Reykjavík (HR) og eignir sem Íslandsbanki, Kreditkort og Borgun settu inn í Fasteign færðar í dótturfélag ásamt öllum áhvílandi skuldum. Íslandsbanki, Kreditkort og Borgun munu síðan yfirtaka þau félag.

Eftir mun standa nýtt fasteignafélag utan um þær eignir sem sveitarfélög lögðu upprunalega inn í það. Auk þess verða eignir sem Arion banki leigir þar inni. Félagið verður í eigu leigutakanna, sveitarfélaga og Arion banka, en ákvæði verða sett inn

í lánasamninga sem mun gera lánardrottnum kleift að grípa inn í ef áætlunin gengur ekki eftir.

Í kynningunni segir: „Áætlað er að leiga lækki um 40-50% á tímabilinu 1. júlí 2011 til ársloka 2014, en 24-40% frá ársbyrjun 2015“. Eigendur EFF munu auk þess fá kauprétt á eignunum sem félagið heldur á. Á móti mun bókfært verð eignarhluta þeirra í Fasteign lækka mjög mikið vegna lækkunar á tekjum og annarra breytinga á starfsemi félagsins.

thorur@frettabladid.is


Sumar tilboð

SUMMER fellikollur
nú 995,-Litir: CHAIR
Fellikollur. H46 cm. 1.495,- NÚ 995,-ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
mán. - fös. 11-18:30 lau. 10-18, sun. 12-18

VEÐURSPÁ



VORHRET í dag verður vætusamt og milt en seint í kvöld og nótt hversir af norðaustri um allt land. Á morgun og mánudaginn má búast við stífum NA- og N-áttum með úrkomu norðantil. Þar má því búast við snjóhríð og hætt við að færd á vegum spillist.

Á MORGUN
10-18 m/s
viðast hvar.MÁNUDAGUR
Strekkingur,
hægari SA-til.

HEIMURINN

Alicante	26°
Basel	29°
Berlín	15°
Billund	11°
Frankfurt	16°
Friedrichshafen	17°
Gautaborg	10°
Kaupmannahöfn	10°
Las Palmas	26°
London	13°
Mallorca	22°
New York	24°
Orlando	29°
Ósló	12°
París	16°
San Francisco	25°
Stokkhólmur	9°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

STOFNUN ÁRSINS 2012

SFR - stéttarfélag í almannajónustu kynnir niðurstöður úr könnuninni um Stofnun ársins 2012. Könnunin er nú gerð í sjöunda sinn en hún tekur til 5500 starfsmanna. Valdar eru fyrirmyndarstofnanir úr flokki stærri, meðalstórra og minni stofnana auk hástökkvara, en þann titil hlýtur sú stofnun sem hækkar sig um flest sæti á milli ára.



STÉTTARFÉLAG
Í ALMANNAPJÓNUSTU



Stórar stofnanir

1. Sérstakur saksóknari
2. Umferðarstofa
3. Ríkisskattstjóri
4. Fríhöfnin ehf
5. Matís ohf

Meðalstórar stofnanir

1. Landmælingar Íslands
2. Skipulagsstofnun
3. Skattrannsóknarstjóri ríkisins

Litlar stofnanir

1. Persónuvernd
2. Sýslumaðurinn á Siglufirði
3. Blindrabókasafn Íslands

Hástökkvari ársins

Sýslumaðurinn í Borgarnesi

SFR – stéttarfélag í almannajónustu þakkar öllum þeim sem tóku þátt í könnuninni að þessu sinni. Ítarlegri upplýsingar er hægt að fá á vef SFR www.sfr.is.



KJÖRKASSINN



Munt þú versla í verslunum Iceland þegar þær opna hér?

Já	57,2%
Nei	42,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætlar þú í útilegu í sumar?

Segðu þína skoðun á Vísu.is



Í ÖSKJUHLÍÐ Nemendur í arkitektúr hafa sett upp „örinnsetningar“ í Öskjuhlíð í Reykjavík. MYND/LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS

Arkitektúrnemar spreya sig:

Strekkipörf og samskipti við kanínur skoðuð

LISTIR Gestir og gangandi geta nú barið augum í Öskjuhlíð í Reykjavík „örinnsetningar“ nemenda á fyrsta ári í arkitektúr við Listaháskóla Íslands. Verkin eru í tilkynningu sögð afrakstur skoðunar og greiningar nemenda á mismunandi notum borgarbúa á Öskjuhlíðinni.

„Afrakstur þeirrar vinnu birtist nú í innsetningum sem nemendur hafa sjálfir smíðað og nota til að magna upp stemningu eða getu á þeim stöðum sem þeir eru að vinna með,“ segir í tilkynningu. Unnið var með upplifunarferli barna, samskipti kanína og manna, strekkipörf hlaupara, leyndar lausagöngur hundaeigenda og trjáhus klifrarans. Verkin fá að standa í örfáa daga. - óka

DANMÖRK

Þrír slösuðust á Amager

Sprenging fór úrskeiðis á Amager í Kaupmannahöfn í gærmorgun með þeim afleiðingum að þrír slösuðust, þar af einn alvarlega. Með sprengingunni átti að fella stórt síló en sprengjurnar sprungu fyrr en til stóð.

Nýtt samvinnuverkefni stofnana og fyrirtækja í ferðamannþjónustunni um allt land kynnt í gær:

Íslendingar uppgötvi land sitt á nýjan leik

FERÐAÞJÓNUSTA „Við viljum senda þau skilaboð að Ísland sé fullt af kraumandi ævintýrum fyrir alla fjölskylduna og að hér heima sé hægt að upplifa margt sem er einstakt á heimsvísu.“

Þetta segir Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri um samkomulag sem var undirritað í gær milli Ferðamálastofu, markaðsstofa allra landshluta og Ferðaþjónustu bænda.

Verkefnið er til þriggja ára og er því ætlað að auka áhuga Íslendinga á ferðalögum innanlands.

„Síðustu misseri hafa ferðalög Íslendinga til útlanda verið að aukast aftur eftir hrún, en það hefur ekki verið að gerast með ferðalög innanlands,“ segir Ólöf.

„Það er eins og fólk hafi enn ekki vaknað til meðvitundar á ný um hversu Ísland er gott til ferðalaga.“

Ólöf bætir því við að verkefnið sé að frumkvæði markaðsstofa landshlutanna og með því sé horft sameiginlega til framtíðar.

„Við erum að horfa til lengri tíma en áður, til þriggja ára, en við stefnum að því að breyta viðhorfi þjóðarinnar gagnvart Íslandi sem ferðamannaáfangastað. Við viljum vekja upp hjá Íslendingum áhuga fyrir því að ferðast um landið eins og ferðamenn. Að hér alíst upp kynslóð sem líti á Ísland sem áfangastað til ferðalaga, til jafns við önnur lönd.“

- þj



ÍSLAND SEM ÁFANGASTAÐUR Samvinnuverkefni ferðaþjónustunnar um land allt miðar að því að kynna Ísland sem áfangastað fyrir landsmönnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tillagan samþykkt eftir 40 tíma umræðu

Alþingi samþykkti þingsályktunartillögu um fækkun ráðuneyta í gær. Breytingarnar munu eiga sér stað 1. september. Stjórnarandstaðan gagnrýndi málið áfram við atkvæðagreiðsluna. Málið var rætt í rúmar 40 klukkustundir.

ALÞINGI Alþingi samþykkti í gær þingsályktunartillögu Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra um fækkun ráðuneyta úr tíu í átta.

28 þingmenn ríkisstjórnarflokka og Hreyfingarinnar greiddu atkvæði með tillögunni en 21 þingmaður stjórnarandstöðunnar, auk Jóns Bjarnasonar, greiddi atkvæði gegn henni. Árni Páll Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar, sat hjá.

Markmið breytinganna er að gera stjórnarráðið öflugra og skilvirkara og að auki að skýra verkaskiptingu milli ráðuneyta. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið og iðnaðarráðuneytið verða sameinuð í nýtt atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti. Þá færast verkefni efnahags- og viðskiptaráðuneytisins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins annars vegar og fjármálaráðuneytisins hins vegar. Fjármálaráðuneytið verður því fjármála- og efnahagsráðuneyti. Þá verður umhverfisráðuneytið eflt og mun heita umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Þessar breytingar taka gildi 1. september næstkomandi.

Jóhanna sagðist við atkvæðagreiðsluna fullviss um að þessi breyting á stjórnarráðinu myndi marka tímamót í starfsemi þess og gera stjórnvísunna sterkari, faglegri og betri. „Þetta er loka-hnykkurinn í umfangsmestu breytingum sem gerðar hafa verið á stjórnarráðinu frá upphafi.“

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, sagði breytingarnar gerðar án samráðs við aðra stjórnarmálaflokka og í hreinni andstöðu við atvinnu-



ALÞINGI Þingið samþykkti breytingar á stjórnarráðinu með 28 atkvæðum gegn 21. Einn þingmaður sat hjá en aðrir voru ekki viðstaddir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

greinarnar sem undir ráðuneytin heyrta. „Þetta er því miður enn eitt dæmið um lélega forgangsröðun og óskiljanlegar ráðstafanir af hálfu þessarar ríkisstjórnar.“

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði sjaldan jafn mikla óreiðu og hringlandahátt hafa verið í stjórnarráðinu með þessu mál. „Þannig að það er hægt að taka undir það markmið með þessu máli að það þurfi meiri festu í stjórnarráðið. Því hefur ekki verið svarað í umræðunum um þetta mál hvernig því markmiði á að ná,“ sagði hann jafnframt.

Lilja Mósésdóttir sagði málið allt of seint fram komið. Hún sagðist óttast að breytingarnar tækju tíma og orku frá starfsfólki ráðuneytanna, sem betur væri varið í brýnni úrlausnarefni.

thorunn@frettabladid.is

40 klukkustundir og 37 mínútur var lengd umræðna á Alþingi um þingsályktunartillögu um stjórnarráðið.



BREYTINGAR FRAM UNÐAN Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið mun verða hluti af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu þegar breytingarnar taka gildi í september.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Forsetinn gegn fíkniefnum:

Verðlaunaður fyrir forvarnir

SAMFÉLAGSMÁL Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, tók í fyrirakvöld við heiðursverðlaunum evrópskra borga fyrir baráttu sína gegn fíkniefnum og forystu í forvarnarmálum á evrópskum vettvangi.

Ólafur Ragnar hefur frá upphafi verið verndari átaksins Evrópsk ungmenni gegn fíkniefnum en á vegum þess hafa um 20 evrópskar borgir nýtt sér íslenska forvarnarreynslu og rannsóknir við HR og HÍ. Þá hefði forsetinn haft forgöngu um að koma á árlegum forvarnadegi í grunnskólum Íslands. - ibs



ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON

Dómasafn á vefsíðu:

Birting kennitalna ólögleg

DÓMSMÁL Persónuvernd hefur úrskurðað að Fons Juris ehf. sé ekki heimilt að birta kennitölur í rafrænu dómasafni á vefsíðu fyrirtækisins.

Persónuvernd beinir þeim tilmælum til fyrirtækisins að komið verði í veg fyrir að í gagnasafninu verði unnt að leita uppi og samtengja upplýsingar um einstaka menn á grundvelli kennitalna þeirra.

Dómasafnið á vefsíðunni www.fonsjuris.is inniheldur dóma Hæstaréttar frá stofnun réttarins árið 1920. Fyrirtækið hafði óskað eftir sérstakri heimild til að birta kennitölurnar yrði niðurstaðan sú að vinnslan uppfyllti ekki skilyrði laga. - ibs

Fylgstu með í símanum

Fjölbreytt úrval hágæða IP myndavéla með frábærum myndgæðum. Þú getur sótt myndir beint í símann eða spjaldtölvuna.

Hringdu núna í 570 2400 eða kynntu þér málið á oryggi.is.

ÖRYGGI  VELFERÐ

Sími 570 2400 · oryggi.is

Stöndum vaktina allan sólarhringinn



RISA
TAX FREE
DAGAR

ALVÖRU KJARABÓT!

Mesta vöruúrvalið* á betra verði!

fimmtudag, föstudag, laugardag, sunnudag og mánudag

ALLT Í EINNI FERÐ...

SNYRTIVÖRUR...FATNAÐUR...SKÓR...LEIKFÖNG...
BÚSÁHÖLD...RÚMFÖT...HANDKLÆÐI...

...ÁN VIRÐISAUKASKATTS

DAGANA 10. - 14. MAÍ

*Mesta úrvalið
af snyrtivörum!**

*Fatnaður og skór
á alla
fjölskylduna!*



*Búsáhöld
fyrir heimilið!*

(Ekki VSK af kertum,
servíettum og garni)



*Leikföng fyrir
kátta krakka!*

(Ekki VSK af reiðhjólum)

**TAX
FREE**

DAGAR

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út mánudaginn 14. maí 2012.

* Samkvæmt markaðsrannsókn Capacent júní 2009, 2008 og 2006



HAGKAUP
Ein ferð betra verð

- DAGUR HARMONIKUNNAR -

Vortónleikar Harmonikufélags Reykjavíkur verða haldnir á morgun, sunnudaginn 13. maí kl. 15:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Fjöldmörg tónleikaatriði á dagskránni og margir flytjendur. Allir velkomnir.

Harmonikufélag Reykjavíkur



Bera endurskoðendur minni ábyrgð en stjórnendur og stjórnarmenn?

Are Auditors' legal responsibility less strict than that of directors and board members?




Lars Bo Langsted flytur fyrirlestur um ábyrgð og skyldur endurskoðenda hlutafélaga í Hátíðarsal Háskóla Íslands þriðjudaginn 15. maí nk. kl. 12-14

Lars Bo Langsted er prófessor í lögfræði við Háskólann í Arósum. Viðfangsefni hans eru einkum á sviði fjármálaréttar og efnahagsbrota.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
LAGASTOFNUN
VIÐSKIPTAFRÆÐIÐEILD

Samtök
fjárfesta
hluthafar.is



UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

ERFÐABREYTT RÆKTUN

SLEPPING OG DREIFING

Ráðstefna á vegum umhverfisráðuneytisins í Hvammi á Grand Hótel Reykjavík, 15. maí 2012.

Fyrirlesarar á ráðstefnunni verða úr röðum íslenskra vísindamanna og sérfræðinga á þessu sviði. Að auki fjallar Ole Kaae, sérfræðingur í danska umhverfisráðuneytinu, um stefnu í málefnum erfðabreyttrar ræktunar innan Evrópusambandsins og í Danmörku.

Svandís Svavarsdóttir, umhverfisráðherra setur ráðstefnuna.

Nánari upplýsingar um dagskrá og fyrirlesara er að finna á www.umhverfisraduneyti.is

Ráðstefnan hefst kl. 13.00 og stendur til kl. 17.00 með kaffihléi.

Aðgangur ókeypis – allir velkomnir

Reiður áhorfandi truflaði réttarhöldin yfir fjöldamorðingja í Noregi:

Sagði Breivik að fara til helvítis

NOREGUR, AP „Þú drapst bróður minn. Farðu til helvítis,“ hrópaði ævareidur áheyrandi og kastaði síðan skó sínum að Anders Behring Breivik við réttarhöldin í Ósló.

Breivik lét sér fátt um finnast og brosti reyndar aðeins. Nokkrir áheyrenda klöppuðu hins vegar og sumir tárudu.

Þetta er í fyrsta sinn sem einhver úr áheyrendahópnum truflar réttarhöldin, en þeim var síðan fram haldið eftir skamma stund þegar búið var að vísa manningum út.

Undanfarna daga hafa ungmennti, sem voru á Úteyju þegar Breivik drap þar tugi manna, borið vitni og lýst nákvæmlega öllu sem gerðist.

Breivik sjálfur tók stuttlega til máls í gær til að skýra málin. Meðal annars tók hann fram að ástæða þess að hann skaut ekki á einn ungan mann, sem bar vitni fyrir réttinum á fimmtudag, hefði verið sú að byssan hefði verið tóm.

Réttarhöldunum lýkur ekki fyrr en undir júnílok. Búist er við dómi upp úr miðjum júlí.

- gb



FRÁ RÉTTARHÖLDUNUM Anders Behring Breivik myrta 77 manns í Noregi þann 22. júlí síðastliðið sumar. NORDICPHOTOS/AFP



ANTONIS SAMARAS OG EVANGELOS VENIZELOS Leiðtogar íhaldsmanna og sósíaldemókrata virtust bjartsýnir um stund.

NORDICPHOTOS/AFP

Stundarbjarstýni hafnaði í blindgötu

Möguleikar á stjórnarmyndun á Grikklandi vart í sjónmáli. Um stund virtist í gær stefna í þriggja flokka samstarf hægrri manna, sósíaldemókrata og lítills vinstriflokks. Venizelos hefur frest þangað til í dag til að ljúka stjórnarmyndun.

GRIKKLAND Grískir stjórnálmenn virtust um tíma í gær nokkuð bjartsýnir á að Evangelos Venizelos, leiðtoga sósíalistaflokksins Pasok, tækist að berja saman meirihlutastjórn – eða í það minnsta minnihlutastjórn Pasok og Lýðræðislega vinstriflokksins, sem íhaldsflokkurinn Nýtt lýðræði myndi verja falli.

Antonis Samaras, leiðtogi Nýs lýðræðis, sagði hugmyndir Pasoks og Lýðræðislega vinstriflokksins vera mjög áþekkar hugmyndum hægrri manna.

„Við erum tilbúnir til að styðja þessa ríkisstjórn eða verja minnihlutastjórn falli,“ sagði Samaras.

Fotis Kouvelis, leiðtogi Lýðræðislega vinstriflokksins, tók hins vegar skýrt fram að hann hefði engan áhuga á að sitja í ríkisstjórn með sósíaldemókrötum og íhaldsmönnum, enda voru það þessir tveir flokkar sem sömdu við Evrópusambandið og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um þær ströngu

Peir hafa enga hugmynd um hvernig bankakerfið virkar.

ANTONIS SAMARAS 7PT
LEIÐTOGI NÝS LÝÐRÆÐIS Í GRIKKLANDI

aðhaldsaðgerðir sem Grikkir eru að kíkna undan.

Samaras gagnrýndi hins vegar harðlega Syrzas, bandalag röttækra vinstriflokka, sem varð næststærsta aflið á þjóðþingi landsins í kosningunum um síðustu helgi.

„Peir hafa enga hugmynd um það hvernig bankakerfið virkar,“ sagði Samaras og sagði að „ábyrgðarleysi og lýðskrum“ flokksins sé að stofna aðild Grikklands að myntbandalagi Evrópusambandsins í voða.

Alexis Tsipras, leiðtogi bandalags röttæku vinstriflokka, hafði ekki erindi sem erfiði þegar hann reyndi að mynda meirihlutastjórn fyrr í vikunni.

Á miðvikudag skrifaði hann leiðtogum Evrópusambandsins bréf þar sem hann sagði kosningaúrslitin í Grikklandi um síðustu helgi hafa kippt fótunum undan björgunarpakkanum, sem fyrri stjórn samþykkti með skilmálum um strangar aðhaldsaðgerðir í ríkisfjármálum. Hann sagði síðan niðurskurðinn ekki hafa leyst vandamál Grikkja. Þvert á móti sé hann að eyðileggja efnahag landsins svo nú stefni í neyðarástand. Wolfgang Schäuble, fjármálaráðherra Þýskalands, segir Grikki hins vegar ekki komast hjá því að framfylgja aðhaldsaformum. „Ef einhver segir Grikkjum eitthvað annað þá er hann ekki að sinna skyldu sinni við grísku þjóðina.“

Venizelos þarf að ljúka stjórnarmyndun í dag, að öðrum kosti verður Karolos Papoulias, forseti landsins, að gera tilraun til að mynda þjóðstjórn. Gangi það ekki verður boðað til nýrra kosninga strax í júní. gudsteinn@frettabladid.is

Sæmark, Bernhard og Johan Rönning útnefnd fyrirtæki ársins 2012 af VR:

Sæmark hæst frá upphafi

FÉLAGSMÁL Fiskútflutningsfyrirtækið Sæmark fékk hæstu einkunn sem gefin hefur verið frá upphafi í vinnuþróunarkönnun stéttarfélagsgæms VR. Fyrirtækið var útnefnt fyrirtæki ársins í hópi smærri fyrirtækja, en það fékk 4,97 stig af 5 mögulegum í könnuninni.

Raftækjaverslunin Johan Rönning fékk hæstu einkunn í hópi stórra fyrirtækja og bílaumbóðið Bernhard í hópi meðalstórra fyrirtækja. Fyrirtækin þrjú voru öll útnefnd fyrirtæki ársins af VR.

Valið á fyrirtækjum ársins

byggir á umfangsmikilli vinnuþróunarkönnun VR sem hefur verið gerð árlega síðustu 15 ár. Nafnlaus spurningakönnun var lögð fyrir um 20 þúsund starfsmenn fyrirtækjanna.

Almennt gefa niðurstöðurnar vísendingar um að jafnvægi hafi verið náð í starfsumhverfi á almennum vinnuþróunarkönnunum. Aukin sátt virðist vera um launakjör og vinnutíma, auk þess sem ímynd fyrirtækja sé farin að rétta úr kútnum þó hún sé enn langt um lakari en hún var á árunum fyrir hrun.

- bj

Stóðu sig best

Stór fyrirtæki:

1. Johan Rönning	4,614 stig
2. Securitas	4,462 stig
3. Íslenska gámafélagið	4,461 stig

Meðalstór fyrirtæki:

1. Bernhard	4,108 stig
2. Íslensk getsþá	4,599 stig
3. Kjarnavörur	4,591 stig

Lítill fyrirtæki:

1. Sæmark	4,970 stig
2. Vinnufót	4,956 stig
3. Skattur og bókhald	4,881 stig



Velkomin á SKODA daginn



Við höldum upp á SKODA daginn í dag kl. 12-16

Við hvetjum Skoda eigendur og unnendur til að fjölmenna á stóra **Skoda daginn** í dag laugardag kl. 12-16.

Reynsluakstur á lípum Skoda

Allir Skodar fá ókeypis þvott

Gos og pylsur fyrir alla

Glæsilegt úrval Skoda bifreiða

Blöðrur og glaðningur fyrir börnin

Komdu og eigðu góðan Skoda dag með okkur!

Skoda bifreiðar eru þekktar fyrir sparneytni og lága bilanatíðni. Það þekkja hinir fjölmörgu Skoda eigendur á Íslandi best.

Kynntu þér
Skoda Octavia
sem var mest
seldi bíll á
Íslandi árið 2011

Eitthvað
fyrir alla
í HEKLU
í dag!



Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

SKODA DAGURINN ER Í DAG - Opið frá 12 til 16

Costa del Sol

Allra síðustu sætin 22. maí
14 náttu ferð – einstakt tækifæri

Frá kr. **99.900** með „öllu inniföldu“

Heimsferðir bjóða frábært tilboð í 14 náttu ferð fyrir til Costa del Sol þann 22. maí. með „öllu inniföldu“ á Griego Mar hótelinu. Griptu þetta frábæra tækifæri og njóttu lífsins í vor á Costa del Sol á ótrúlegum kjörum.

Hotel Griego Mar ***

Kr. 99.000 - með „öllu inniföldu“

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í herbergi með „öllu inniföldu“ í 14 nætur. Verð m.v. gistingu í tvíbýli með „öllu inniföldu“ kr. 119.700. Aukagjald fyrir einbýli kr. 23.400.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is



Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á silku. Ath. að verð getur breyst á fyrirvara.



S A F T

HVETTU BARNIÐ TIL AÐ VERA GÆTID ÞEGAR ÞAÐ VEITIR PERSÓNULEGAR UPPLÝSINGAR Á NETINU

Heimill og skóli
www.saft.is

Rektor Háskólans í Reykjavík segir bresti vera á styrkjakerfi í vísindasamfélaginu:

Styrkja þarf samkeppnissjóði

MENNTAMÁL Ari Kristinn Jónsson rektor Háskólans í Reykjavík segir samkeppnissjóði á Íslandi vera allt of litla. „Okkar skoðun er að samkeppnissjóði beri að styrkja,“ segir hann. „Þeir gegna gríðarlega mikilvægu hlutverki við útdeilingu fjármagns til vísindarannsókna.“

Hópur vísindamanna afhenti á miðvikudag menntamálaráðherra undirskriftalista 544 vísinda- og fræðimanna til stuðnings samkeppnissjóðum á vegum hins opinbera. Í áskoruninni er bent á að skortur á fé og léleg stjórn á því til hverra féð er veitt hafi

áhrif á vísindastörf á Íslandi. Samkeppnissjóðir gangi út á að bestu verkefni séu valin. Þeir verði jafnframt að gæta jafnræðis svo ný verkefni fái styrki.

„Erlendis er mikill skilningur á þessu hlutverki sjóðanna,“ segir Ari. Tvennt valdi því að sjóðirnir séu ekki eins öflugir hér. „Annars vegar er fjármögnun



ARI KRISTINN JÓNSSON

háskóla hér mjög lág á alþjóðlegum mælikvarða. Hins vegar rennur stór hluti fjárveitinga ríkisins til vísindarannsókna beint til stofnana.“

Ari Kristinn leggur til millileið í fjárveitingu til stofnana og vill árangurstengja framlögin. „Hlutlaus aðili fylgdist með árangri vísindastofnana og til mats hans væri horft þegar ákveðið væri hvert fjármunir ættu að fara. Besta kerfið væri ef einhver hluti stofnanaframlags væri fastur, hluti framlagsins tengdur árangri og stór hluti í samkeppnissjóði,“ segir Ari Kristinn.

- bþh

LÖGREGLUFRETTIR

Fundvís og heiðarleg

Kona á þrítugsaldri sem fann peninga á förnun vegi í höfuðborginni í fyrradag skilaði þeim til lögreglu. Hún kærði sig ekki um fundarlaun færi svo að eigandinn kæmi í leitimar. Þess í stað nefndi hún ákveðna aðila sem gjarna mættu njóta fundarlaunanna, yrði eitthvað til skiptanna.

Unglingar með stolin blys

Neyðarblysi var skotið úr Gróttu um klukkan hálfjögur í fyrrinótt. Hófst þegar í stað eftirgrenslnan af hálfu starfsmanna vaktstöðvar siglinga og Gæslunnar. Lögreglumenn fóru út í Gróttu og fundu þar tvo unglunga, 15 og 18 ára, með rauð neyðarblysi í fórum sínum. Í bíl ungu manna fundust fleiri blys og viðurkenndu þeir að hafa stolið þeim úr húsi á Grandanum. Ekki lá fyrir í gær hvort sömu piltar hefðu áður skotið upp neyðarblysi í tvígang frá Álftanesi.



VIÐ SAMNINGABORÐIÐ Ísland hefur lagt fram áætlun um framkvæmd ESB-reglna í sveitarstjórnar- og byggðamálum, verði aðild samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu.

MYND/FRAMKV/EMDASTJÓRN ESB

Aðgerðaáætlun liggur fyrir

Stjórnvöld hafa lagt fram aðgerðaáætlun um breytingar á byggða- og sveitarstjórnarmálum komi til aðildar Íslands að ESB. Segja að engar breytingar verði gerðar eingöngu vegna aðildarviðræðna.

EVROPUMÁL Íslensk stjórnvöld hafa lagt fram tímasetta aðgerðaáætlun um hvernig undirbúningi á sviði byggða- og sveitarstjórnarmála verði háttáð komi til aðildar Íslands að Evrópusambandinu.

Þessi skýrsla er unnin eftir að fram kom við rýnivinnu framkvæmdastjórnar ESB um málaflökkana síðasta haust að slíkrar áætlunar væri þörf áður en samningaviðræður hefjast þar um. Það er vegna þess að íslensk stjórnvöld kváðust ekki munu breyta íslenska landbúnaðarkerfinu í tengslum við aðildarviðræðurnar fyrir en eftir samþykkt aðildarsamnings í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Áætlunin hefur verið afhent framkvæmdastjórn og aðildarríkjum ESB. Í frétt á vef utanríkisráðuneytisins kemur fram að fjallað hafi verið um áætlunina í ráðherranefnd um Evrópumál og utanríkisráðunefnd Alþingis áður en hún var kynnt ESB.

Á vefnum segir að skýrt komi fram í áætluninni „að ekki verða gerðar breytingar á núverandi löggjöf eða framkvæmd byggðastefnu á Íslandi eingöngu vegna samningaviðræðnanna við ESB fyrir en eftir þjóðaratkvæðagreiðslu. Hins vegar felst í áætluninni að Ísland verður tilbúið til að stíga þau skref sem nauðsynleg eru til að axla þá

ábyrgð og njóta þess ávinnings sem þátttaka í byggðastefnu Evrópusambandsins felur í sér.“

Í skýrslunni er ferlinu skipt í þrjú hluta; fram að hugsanlegri þjóðaratkvæðagreiðslu, eftir atkvæðagreiðslu, að því gefnu að aðildarsamningur verði samþykktur, og fram að innngöngu og loks eftir að Ísland er orðinn fullgildur aðili að ESB.

Í fyrsta áfanganum er undirbúningsáfanginn þar sem gerð eru drög að áætlunum, mótun stofnanaramma, og undirbúningur verkefnavísa. Í öðrum áfanga er gert ráð fyrir því að komið verði á nauðsynlegri stjórnsýslu og stofnanaumgjörð og kerfum auk þess sem lokið verður við gerð framkvæmdaáætlana. Í þriðja áfanga yrði samheldnistefna ESB tekin í gildi í samræmi við ákvæði aðildarsamningsins.

Áætlunin er unnin af samningshópi um 22. kafla í aðildarviðræðunum við ESB, um uppbyggingar- og byggðapróunarstyrki, en í hópnum eru 25 manns frá ráðuneytum, sveitarfélögum, aðilum vinnumarkaðarins og hagsmunaaðilum. Viðræður um samningskaflann um byggðamál munu hefjast síðar á þessu ári, að því er segir á vef utanríkisráðuneytisins.

thorgils@frettabladid.is

NORRÆNA HÚSIÐ BÝÐUR ÞÉR Á:

VATNSMÝRARHÁTÍÐ

LAUGARDAGINN 12. MAÍ FRÁ KL. 13–17

GRÓÐURHÚS:

13.00 Grillið opnar og tríó Ónundar spilar poppskotinn jazz

14.00 Svavar Knútur tekur lagið

15.00 Klarinetukórinn í sumarskapi

16.00 Myrra Rós Prastardóttir syngur

MATJURTAGARÐURINN:

15.00–16.00 Mads Holm setur niður kartöflur með ungvíðinu

ÚTI:

13.00–16.00 Hjólafærni með Dr. Bæk

14.00–16.00 Flugdrekar

14.00–16.00 Á hestbak með Íslandshestum

14.00–16.00 Portrettmyndataka – Þú og Norræna húsið

14.00–16.00 Portrett teiknarar teikna gesti

ANDDYRI:

14.00 Leiðsögn um Friðlandið og fuglaskoðun hefst í anddyri

SÝNINGARSALUR Í KJALLARA:

15.00 Leiðsögn um sýninguna Fólk í mynd

ALLAN DAGINN:

Prjónakaffi – Vatnsleiktæki Ásgarðs – Sandkastalar í sandkassanum – Kubbur, sápukúlur og krítar – Bókamarkaður og spurningaleikur fyrir börn á bókasafni Norræna hússins.

ATH! Endilega takið flugdrekana ykkar með, og ekki gleyma hjólunum!

20% AFSLÁTTUR af norrænum barnavörum í verslun Norræna hússins

Sturlugata 5 101 Reykjavík Tel. 5517030 www.norraenahusid.is facebook.com/norraenahusid **NORRÆNA HÚSIÐ**

Fagna viðleitni í afstöðu ríkisins

Samtök verslunar og þjónustu (SVP) fagna viðleitni í samningsafstöðu íslenska ríkisins gagnvart Evrópusambandinu sem miðar að því að afnema höft og aðrar takmarkanir sem hvíla á innflutningi landbúnaðarvara. Þetta kemur fram í athugasemdum sem SVP sendu utanríkisráðuneytinu og beinast að 29. og 30. kafla í aðildarviðræðum Íslands og ESB og varða milliríkjavíðskipti með landbúnaðarvörur og tollamál. „Óumdeilt er að hagsmunir aðildarfélaga SVP eru verulegir af því að íslenska ríkið virði þær skuldbindingar sem það hefur tekið á sig varðandi þennan málaflökk,“ segir í tilkynningu sem samtökin sendu frá sér í gær. „Þá er um leið mikilvægt, jafnt fyrir verslun sem og neytendur, að ávallt sé leitað leiða til að afnema höft og aðrar takmarkanir sem hvíla á innflutningi landbúnaðarvara.“

Alltaf lágt verð



PALLAEFNI
28 x 120 MM pallaefni úr gagnvarinni furu. NTR A/B vottuð. Verð pr. m.

205.-!



AFSKORIN BLÓM
Íslenskar rósir 7 stk 35-40 cm.
Verð pr. búnt

795.-!

Kids club



KRAKKA KLÚBBS MAURINN VERÐUR Á SVÆÐINU ALLAN DAGINN

12 og 13 maí
Maurinn mun vera á ferð um búðina og skemmtir börnunum ásamt því að dreifa glaðningi.



Andlitsmálning
12 og 13 maí frá kl. 10-18.
Andlitsmálarar verða á staðnum og bjóða upp á andlitsskreytingar fyrir börnin.



McCULLOCH
EDITION 1 SLÁTTUVÉL
160CC Honta mótör
Sjálfvirk sláttuvél með fjórhóladrifi. 53 cm sláttubreidd, safnkassa og BIO klip.

69.995.-!



Weibulls
PLÖNTUMOLD 40 L
Til notkunar í garðinn, matjurtagarðinn, blómapotta og útiker. Inniheldur næringu og heldur raka vel.
Pr. stk. 640,-

5 STK. 2.495.-!

Verðin gilda frá fimmtudeginum 10. maí til og með laugardagsins 12. maí 2012. Gildir á meðan birgðir endast.

VERÐVERND

12%

Það er markmið okkar að bjóða alltaf upp á lægsta verðið á markaðnum. Við gerum hagstæð innkaup án þess draga úr kröfum okkar um gott siðferði, gæði og notagildi. Einnig erum við vakandi fyrir verðlagi samkeppnisaðila okkar og ef við komumst að því að okkar verð sé ekki nógu lágt, lækkum við það enn frekar. Ef þú - innan 30 daga frá kaupum - finnur sömu vöru á lægra verði annars staðar endurgreiðum við mismuninn + 12% af verði samkeppnisaðilans. Þú þarft að framvísa kassakvittun auk staðfestingar frá öðrum söluaðila. Verðverndin gildir ekki þegar um er að ræða vörur sem aðrir bjóða aðeins í takmörkuðu magni og í takmarkaðan tíma, þegar um opnunartilboð er að ræða, eða vörur sem seldar eru í póstverslunum, á internetinu eða í vefverslunum.



BAUHAUS®

GÆÐI

ÞJÓNUSTA

GJAFVERÐ

VÖRUÚRVAL

Umferðaröryggi má auka með því að fjölga merktum gangbrautum

Talsmaður Umferðarstofu segir gangbrautum sem merktar eru með hvítum röndum hafa fækkað nokkuð í Reykjavík síðustu ár. Fyrrum lögreglumaður segir slys hafa hlotist af. Borgaryfirvöld leggja áherslu á að draga úr ökuhraða með fjölgun hraðahindrana.

FRÉTTASKÝRING

Hvernig má bæta umferðaröryggi við gangbrautir?

Merkingum við gangbrautir og hraðahindranir víða um borgina er ábótavant sem býður heim slysum. Þetta segir Gunnlaugur V. Snævarr, fyrrum lögregluþjónn, sem hefur komið að mörgum slysum síðustu ár sem hann segir að megi rekja til misræmis í umferðarmerkingum.

Í Safamýri, framan við Álftamýrarskóla, og á Háaleitisbraut eru til dæmis fjórar hraðahindranir, hið minnsta, sem bera það með sér að vera gangbrautir, eru meðal annars hellulagðar með tilliti til þess að þar fari gangandi vegfarendur um, en eru ekki merktar sem slíkar.

„Síðustu sex ár, sem ég hef sótt konuna mína í vinnu í Álftamýrarskóla, hef ég komið að þremur slysum í hverfinu þar sem ekið

hefur verið á börn við hraðahindrun,“ segir Gunnlaugur. „Það finnst mér einfaldlega of mikið, þrátt fyrir að ég sé ýmsu vanur frá mínum starfsferli. Þetta sama á við um marga aðra skóla og mjög oft munar bara sekúndubroti að illa fari.“

Gunnlaugur bætir því við að fleiri dæmi um misræmi í umferðarmerkingum megi finna í hverfinu, auk þess sem margir vegfarendur virði að vettugi merkingar. Meðal annars aki margir foreldrar barna í Álftamýrarskóla gegn einstefnu á bílastæði skólans sem skapi mikla ringulreið og hættu.

Einar Magnús Magnússon, upplýsingafulltrúi Umferðarstofu, segir í samtali við Fréttablaðið að ljóst sé að götumerkingum við gangbrautir, svokölluðum sebrabrautum, hafi fækkað.

„En ég hef ekki heyrt sannfærandi rök fyrir því að fækka þeim. Þær undirstrika forgang gangandi




YFIR Á HRAÐAHINDRUN Fjöldi barna gengur yfir Safamýri á þessari hraðahindrun sem ekki er gangbraut. Börnin á myndinni gættu vel að sér áður en þau fóru yfir, en oft hefur litlu munað að illa fari við slíkar aðstæður.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Ég nota mínar Aukakrónur í bensín“

Næstum 30 þúsund manns nota Aukakrónur til að kaupa allt frá matvælum til trygginga hjá tæplega 300 fyrirtækjum um land allt. Byrjaðu að safna Aukakrónum strax í dag.

Mánudagur » ÓB



Þriðjudagur » Jói Útherji



Miðvikudagur





GANGBRAUT Ofar í götunni er sérmerkt gangbraut, en hún er ekki sebrabraut.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJTUR

vegfarenda og eiga þar að auki að leiða gangandi umferð um hættuminni svæði. Ef Reykjavíkurborg hefur hins vegar haldbær rök og rannsóknir sem benda til þess að öryggi gangandi vegfaranda sé betur farið með því að sleppa sérstökum merkingum gangbrauta þá þarf að skoða það.

Stefán Agnar Finnson, yfirverkfræðingur hjá umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar,

segir í samtali við Fréttablaðið að hann telji sebrabrautum ekki hafa fækkað, heldur hafi ekki verið bætt við.

„Við höfum fjölgað hraðahindrunum við skóla en þær eru ekki alltaf merktar með röndum. Þær hafa verið taldar geta veitt falskt öryggi þar sem gangandi fara út á götuna og treysta á að ökumenn stoppi, sem gerist ekki alltaf.“

Stefán segir að annað geti mögu-

lega mælt með sebrabrautum, til að mynda geti þær verið til hægðarauka fyrir sjónskerta.

„Þessi umræða kemur alltaf upp öðru hvoru, en hingað til höfum við litið svo á að það sem skili bestum árangri sé að draga úr hraða með upphækkunum.“

Stefán segir áætlanir ekki gera ráð fyrir fjölgun sebrabrauta en málið sé alltaf í skoðun.

thorgils@frettabladid.is



ÚTLITIÐ GÆTI BLEKKT Hér er hellulagt eins og um gangbraut sé að ræða, en svo er ekki.


FRÉTTABLAÐIÐ/PIJTUR

Laugardagur



JÓNSSON & LE MACYS · JÚLÍUS · SÍA

Föstudagur » Olís




Það er auðvelt að safna. Þú færð Aukakrónur fyrir:

- » alla innlenda veltu af kreditkortu
- » viðskipti við samstarfsaðila
- » þjónustuþætti hjá Landsbankanum

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

Fimmtudagur » Office 1



KRÓNAN



- fyrst og fremst ódýr!



20% afsláttur

3698 kr. kg

Verð áður ~~4698~~ kr. kg
Folaldalundir



25% afsláttur

2898 kr. kg

Verð áður ~~3898~~ kr. kg
Folaldafilé

FOLALDAVEISLA

- ljúffengt og gott



35% afsláttur

1689 kr. kg

Verð áður ~~2598~~ kr. kg
Folaldasnitset eða folaldagúllas



1398 kr. kg

Lambalæri, ferskt



1498 kr. kg

Lambalæri, þú velur: ókryddað, eða með kryddjurtum, New York, hvítlauk og rós-marín eða trönuberja og eplamarineringu!

Veldu einhverja tíu ávexti á ávaxtamarkaði Krónunnar, settu þá í poka eins og þennan og borgaðu aðeins 390 kr.



Ávaxta-
markaður
Krónunnar



AÐEINS
39 kr.
STYKKIÐ



Íslenskur
barnamatur
9 bragðtegundir

196 kr. stk.

Barnavagninn, barnamatur, 9 teg., 130 g



Safnaðu AUKAKRÓNUM í öllum verslunum Krónunnar

EXPO • www.expo.is

Öl verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og eða myndbreytingu

40%
afsláttur

35%
afsláttur

2939 kr. kg

Verð áður 4348 kr. kg
Ungnauta entrecote, erlent

998 kr. kg

Verð áður 1548 kr. kg
Grísakótilettur, þú velur: New York, ítalska eða hvítlauk og rósmarín marineraðar

GÓMSÆTT Á GRILLIÐ

- ódýrt og gott

20%
afsláttur

30%
afsláttur

30%
afsláttur

3358 kr. kg

Verð áður 4148 kr. kg
Lambafilé

1189 kr. kg

Verð áður 1698 kr. kg
Grísahnakki, þú velur: ítalska eða hvítlauk og rósmarín marineraðan

1189 kr. kg

Verð áður 1698 kr. kg
Grísahnakki á spjóti, þú velur: New York, hvítlauk og rósmarín marineraðan

659 kr. stk.

Krónu bragðarefur, 1,33 l

1,33
lítrar



79 kr. stk.

Pepsi, Pepsi Max, appelsín, 7 Up og Mountain Dew, 33 cl dósir



Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

Úrelt kerfi stuðnings við vísindarannsóknir:

Pólitík eða gæði

Vísindarannsóknir á Íslandi eru fjársveltar. Þar að auki er alltof stórum hluta þeirra takmörkuðu fjármuna sem þó eru til úthlutað pólitískt, en ekki eftir gæðum rannsóknanna eða hæfni vísindamanna. Þetta var kjarninn í málflutningi Þórólfs Þórlindssonar prófessors í samtali í Fréttablaðinu í fyrradag.

Þórólfur er einn 544 vísindamanna sem skrifað hafa undir áskorun til Katrínar Jakobsdóttur menntamálaráðherra um að efla samkeppnissjóði, þar sem notað er jafningjamat við úthlutun fjár til rannsókna. Það þýðir í stuttu máli að alþjóðlegur hópur óháðra vísindamanna metur umsóknir um styrki áður en ákveðið er hvaða rannsóknir skuli styrktar.



Ólafur P. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Hér á landi er um það bil 16% opinbers rannsóknafjár úthlutað með þessum hætti, samanborið við 30-40% í hinum norrænu ríkjum og 85% í Bandaríkjunum. Talsverðum hluta þessa fjár er úthlutað úr sjóðum þar sem fulltrúar hagsmunaaðila eða stjórn-

mála úthluta peningum út frá öðrum viðmiðum en gæðum rannsókna. Afgangurinn, 84%, fer beint til rannsóknastofnana eða verkefna, iðulega án nauðsynlegs gæðamats og -eftirlits.

Í áskorun vísindamanna er vísað til nýlegra draga að skýrslu Vísinda- og tækniráðs um einföldun á vísinda- og nýsköpunarkerfinu. Í henni segir meðal annars: „Greining á fjárveitingum sýnir glögg að framlög eru ekki byggð á heildstæðri stefnu um markmið fjárveitinga, heldur á staðbundnum þörfum stofnana, atvinnugreina og byggðarlaga.“

Þar eru enn fremur færð rök fyrir því að stuðningur við vísindi og nýsköpun á Íslandi sé fastur í úreltum hugsunarhætti þar sem einblínt er á nýtingu náttúruauðlinda og styrki til rannsókna í hefðbundnum greinum á borð við landbúnað og sjávarútveg, en þekkingariðnaðurinn fær takmarkaðan stuðning. „Vaxandi nauðsyn á sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda takmarkar mjög þá verðmætasköpun sem fram að þessu hefur byggð á aukinni sókn í þær. Verðmætasköpun verður því að byggja á hugviti fremur en að auka nýtingu á náttúruauðlindum,“ segir í skýrsludrögunum.

Við þurfum að komast út úr þessu kerfi þar sem einstakar atvinnugreinar einoka stóran hluta þeirra takmörkuðu fjármuna sem eru til ráðstöfunar í vísindarannsóknir vegna einhvers konar sögulegrar hefðar og stofnanir bitast um peninga á forsendum byggðapólitíkur ekki síður og jafnvel fremur en á forsendum gæða og framlags til vísindanna.

Æskilegast væri auðvitað að hægt væri að auka verulega framlög til vísindarannsókna. Á meðan staðan er jafnþröng í ríkisfjármálunum og raun ber vitni er lágmarkskrafa að miklu stærri hluti peninga skattgreiðenda verði færður í samkeppnissjóði, þar sem beztu hugmyndirnar um rannsóknir í þágu verðmætasköpunar keppa á jafnréttisgrundvelli. Þannig sitja hefðbundnar greinar og vaxtargreinarar við sama borð og fé skattgreiðenda nýstítt betur.

Svo er spurning hvort Katrín Jakobsdóttir og samráðherrar hennar – því að þeir þurfa margir að koma að verkefningu – hafi pólitískan kjark og þor til að hrísta duglega upp í núverandi kerfi. Þar dugar ekkert minna en gagnger uppstokkun.



AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Málþófið

Í tímaþröng eru mál þæfið í öllum þjóðþingum. Tímaþröng er klípa sem ríkisstjórnir koma sér í sjálfar og stjórnarandstaða hagnýtir, stundum ómálefnalega. Málþófið á Alþingi nú á sér hins vegar dýpri pólitískar rætur.

Fyrst er rétt að hafa í huga að það var ákvörðun kjósenda í síðustu kosningum að skerpa pólitískar andstaðar. Núverandi ríkisstjórn er ekki hefðbundin málamiðlunaríkisstjórn. Reyndar er hún eina dæmið um einlita stjórn í lýðveldis-sögunni. Fyrsta þingræðisstjórn lýðveldisins var hægri vinstri stjórn. Síðan hafa setið hægri



ÞORSTEINN PÁLSSON

miðjstjórnir eða vinstri miðjstjórnir, en aldrei hrein hægri stjórn.

Málamiðlanir frá öðrum hvorum væng stjórnmalanna að miðjunni eða yfir hana leiða að öðru

jöfnu til meiri pólitískrar hófsemi en ella. Á hinn bóginn liggur í hlutarins eðli að einlitar stjórnir vilja meiri breytingar og ögra því minnihlutunum í ríkari mæli. Þetta leiðir til harðari stjórnmaláumræðu eins og raun-

in var í kreppunni miklu á fjórða áratug síðustu aldar. Sú saga virðist vera að ganga í endurnýjun lífdaganna.

Núverandi stjórnarflokkar boðuðu uppgjör og átök í síðustu kosningum. Þeir fengu riflegan meirihluta og hafa eins og vænta mátti notað hann í þeim tilgangi. Þannig er hagkerfið að færast úr farvegi jafnvægis milli velferðar og markaðar sem áður einkenndi Ísland eins og önnur Norðurlönd.

Hin hliðin á þessari ákvörðun kjósenda kemur fram í öfluga pólitísku andófi en venjulega. Þarna á milli er beint samhengi. Kjósendur hafa fengið það sem þeir báðu um.

Hólmganga við faglegt verklag

Annað atriði sem veldur því að mál eru nú þæfið meir en áður er sú staðreynd að aldrei hafa jafn mörg illa undirbúin mál komið til afgreiðslu á jafn skömmum tíma. Þessi ástæða skrifast hins vegar ekki á reikning kjósenda. Hér ber ríkisstjórnin alla ábyrgð þvert á gefin fyrirheit.

Sjávarútvegsfrumvörpin eru skýrt dæmi um þetta. Þegar þau voru fyrst lögð fram fyrir ári síðan krafðist forsætisráðherra þess að þau yrðu lögfest áður en nefnd sérfræðinga lyki umsögn um þau. Það er vasklegasta hólmganga við faglegt verklag sem saga Alþingis geymir. Utanríkisráðherra taldi

eftir á að legið hefði við alvarlegu efnahagslegu bílslysi. Slysavarnirnar fólust í málþófi.

Nú kappkostar ríkisstjórnin að koma stefnu sinni fram á ný og gengur lengra en í fyrra skiptið. Í ár virðist utanríkisráðherra styðja þetta efnahagslega bílslys þótt það útiloki að Ísland geti náð þeim efnahagslegu markmiðum sem aðild að Evrópusambandinu krefst. Það hefur fært stjórnarandstöðunni þungavopn sem hún hlífir þó ráðherranum við.

Aldrei áður í þingsögunni hafa faglegar umsagnir um höfuðstefnumál einnar ríkisstjórnar verið jafn neikvæðar. Þær koma úr öllum

áttum og eru allar á einn veg. Þá eru fá dæmi um jafn eindregna og almenna hagsmunaaandstöðu. Eina gildir hvort titið er á umsagnir sveitarstjórna, verkalyðsfélaga eða samtaka sjávarútvegsfyrirtækja.

Þegar aðstæður eru með þessum hætti, ekki aðeins varðandi þetta eina mál, heldur fleiri, á stjórnarandstaðan að beita þeim slysavörnum sem þingsköp leyfa. Það er skylda gagnvart fólkinu í landinu að því er varðar spurninguna um skort á faglegum vinnubrögðum. Eins er það eðlilegt í ljósi þeirra almannahagsmuna sem eru í húfi og vegna þeirra grundvallarsjónarmiða í pólitík sem tekist er á um.

Miðjulaust flokkakerfi

Kosningar eru ekki líklegar til að breyta þessu ástandi eins og sakir standa. Ástæðan er meðal annars sú að pólitíska kerfið í landinu breytist hratt.

Þriggja flokka samstaða sem hér ríkti í áratugi um grundvöll utanríkisstefnunnar er úr sögunni. Ekkert stjórnarmynstur er því fyrirsjáanlegt án þess að utanríkis-málin verði fleygur í því holdi. Sú pólitíska málefnaþreppa birtist

einnig skýrt í því að stjórnarandstaðan vill ekki nota tækifærið og reka forsætisráðherra út í horn fyrir að kippa stöðunum undan aðildarumsókninni með sjávarútvegs-kollsteypanni.

Þá er Framsóknarflokkurinn að breytast úr klassískum miðjuflokki í tækifærissinnaðan flokk sem líkist helst Hreyfingunni. Samfylkingunni hefur þegar verið breytt úr jafnaðarmannaflokki að norrænni fyrirmynd í vinstri

sósíalistaflokk. Það er því enginn flokkur á miðjunni og enginn sem liggur að henni frá vinstri. Afleiðingin er sú að rökréttur málamiðlunarkostur fyrir Sjálfstæðisflokkinn til að mynda með stjórn er ekki til.

Af þessu má ráða að verði ekki til nýr flokkur á miðju stjórnmálanna er hætt við að pólitíska jafnvægisleysið haldi áfram. Þingstörfin munu eðlilega endurspegla þá stöðu á næstu árum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLÉL: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

NÚ STYTTIST Í VORIÐ

Jötunn Vélar ehf. byggja upp garðyrkjudeild með faglega þjónustu

Allt fyrir ræktunina í sumarbústaðinn, matjurtahornið í garðinum eða ræktunina á svölunum.

Þjóðum upp á góða fjölbreytni í fræum. Þjóðum upp á lífræn fræ.

Erum með Jiffy potta til sölu, einnota sem fylgja plöntum frá sáningu og út í beð, engin töf á vaxtarferli plöntunnar.

Garðyrkja eflir sál og líkama, garðyrkja er sjálfbærni.

Erum með faglega ráðgjöf.



Sendum um allt land

Austurvegur 69 - 800 Selfoss - Sími: 480 0400 - Netfang: jotunn@jotunn.is - Heimasíða: www.jotunn.is

Sparaðu fyrir þínum fyrstu íbúðarkaupum

Með reglubundnum sparnaði þar sem lagðar eru fyrir að lágmarki 10 þúsund krónur á mánuði í tvö ár fá þeir sem taka íbúðalán hjá Arion banka:

- 50% afslátt af lántökugjöldum
- Frítt greiðslumat
- Innflutningsgjöf, í formi gjafakorts

Kynntu þér málið á www.arionbanki.is/ibudarsparnadur og reiknaðu dæmið út frá eigin forsendum.

 Arion banki



Anna Guðný og Örn keyptu sína fyrstu íbúð eftir að hafa lokið háskólanámi í Danmörku. Þau tóku lán hjá Arion banka og nutu ráðgjafar frá starfsfólki bankans.

Við látum verkin tala

Stjórnmal

Jóhanna Sigurðardóttir
forsætisráðherra



Það er fagnaðarefni á þriggja ára afmæli ríkisstjórnarinnar að meirihluti Alþingis skuli samþykka þingsályktunartillögu mína um breytingar á skipan ráðuneyta. Þann lærdóm mátti draga af skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis að þörf væri á því að efla ráðuneytin. Þeim verður nú fækkað í átta en ráðuneytin voru 12 í upphafi kjörtímabilsins.

Ég er þess fullviss að breytingarnar á Stjórnarráðinu munu marka tímamót og gera stjórn-sýsluna sterkari, faglegri og betri, ekki síst á sviði umhverfis-, auðlinda-, atvinnu- og efnahagsmála. Þrátt fyrir hrakspár stjórnarandstöðunnar gefast hér mörg tækifæri til bættra samskipta framkvæmdavalds og löggjafarvalds. Síðast en ekki síst geta breytingarnar einfaldað samskipti Stjórnarráðsins og samfélagsins alls og gert þau markvissari. Við erum aðeins 320 þúsund manna þjóð og þurfum á því að halda að stjórnkerfi okkar sé einfalt og þjóni landsmönnum öllum á skilvirkan og opinn hátt.

Næst er það stjórnarskráin

Í næstu viku tekur Alþingi fyrir eitt af brýnustu stefnumálum ríkisstjórnarinnar en það eru breytingar á stjórnarskránni. Það er von mín og ríkisstjórnarinnar allar að takast megi að bera megintillögur stjórnlagabings undir þjóðina í haust í almennri atkvæðagreiðslu. Þetta er mikils-

vert mál og á rætur í heitstrengingum margra stjórnmalaflokka um áratugi, meðal annars til að innleiða á Íslandi bætt siðferði og aukio lýðræði. Það væri sannast sagna með ólíkindum ef minnihluti þingsins héldi áfram uppi málþófi til þess að koma í veg fyrir framgang þessa máls í trássi við vilja meirihluta þingsins og þriggja fjórðu hluta kjósenda.

Sanngjarnt afgjald og atvinnuuppbygging

Þegar liðin eru rétt þrjú ár af kjörtímabilinu stendur ríkisstjórnin enn í ströngu eins og landsmenn verða áþreifanlega varir við þessa dagana. Það sést meðal annars í auglýsingum útgerðarvaldsins í landinu gegn áformum ríkisstjórnarinnar um breytt fiskveiðistjórnunarkerfi og hækkun veiðigjalds sem stendur til að innheimta af lögmætri eign almennings. Heimilin í landinu máttu þola miklar búsigfar þegar gengi krónunnar hrundi með bankakerfinu haustið 2008. Þá fluttust gifurlegir fjármunir frá heimilunum ekki síst til greina sem hafa tekjur sínar í erlendum gjaldeyri líkt og sjávarútvegurinn. Það er auðvitað sanngjarnt að almenningsjórni taki til sín hluta af þeirri auknu framlegð sem sjávarútvegurinn fékk í sinn hlut með gengishruninu. Ég veit að útgerðarmenn eru þessu ekki alls kostar ósammála og að þeir vita jafn vel og aðrir að þeir hafa ekki sjálf-dæmi um það frekar en aðrir hvað greinin greiðir í almenningsjórni til að halda úti velferðarkerfi og grafa jarðgöng til samgöngubóta svo nokkuð sé nefnt. Ég er þess fullviss að þeir muni virða rétt lýðræðislega kjörinna valdhafa til þess að taka endanlegar ákvarðanir um

auðlindirnar. Eðlilegt gjald af auðlindum hafsins mun meðal annars gera ríkisstjórninni kleift að hraða samgöngubótum, uppbyggingu græna hagkerfisins og sóknar-ætlun landshluta.

Stjórnarstefnan skiptir máli

Svo virðist sem hrakspár og bölmóður stjórnarandstöðunnar magnast eftir því sem fréttum af árangursríkum verkum ríkisstjórnarinnar fjölga. Sýnt hefur verið fram á að ríkisstjórninni hefur tekist með eftirtektar-

“Eðlilegt gjald af auðlindum hafsins mun meðal annars gera ríkisstjórninni kleift að hraða samgöngubótum, uppbyggingu græna hagkerfisins og sóknarætlun landshluta.

verðum hætti að snúa af braut vaxandi ójöfnuðar. Augu stjórnmálanna víða um lönd opnast æ betur fyrir því að aukinn tekjujöfnuður og varðstaða um kjör hinna lægst launuðu er ekki aðeins grundvallarverkefni ríkisstjórna sem kenna sig við jöfnuð, umhverfis- og vinstristefnu, heldur bætir hún líðan almennra borgara og ýtir undir hagvöxt. Hagvöxtur hér á landi er raunar með því mesta sem um getur í allri Evrópu og spár eru á þann veg að hann aukist næstu árin fremur en hitt.

Samanburðargögn sýna einnig að innan Evrópu er hættan á

fátækt og félagslegri einangrun minnst hér á landi. Hér við bætist að atvinnuþátttaka var um síðustu áramót meiri hér á landi en í öðrum löndum Evrópu og atvinnuleysi er með því minnsta sem gerist þótt enn sé það um sjö prósent. Störfum hefur fjölgað um 1.300 milli ára og að minnsta kosti 1.000 færri leita nú að vinnu en gerðu um síðastliðin áramót.

Við tekur uppbyggingin

Á þremur árum var ríkissjóði, tugþúsundum heimila og flestum fyrirtækjum landsins forðað frá gjaldþroti í einu umfangsmesta efnahagsfalli sögunnar. Samdrætti var jafnframt snúð í vöxt þjóðarkökunnar á undraskömmum tíma. Eftir þessu hefur verið tekið þannig að nú hefur íslenska ríkið vaxandi traust og ágætan aðgang að erlendu lánsfé.

Á sama tíma var snúð af braut mestu ójafnaðarþróunar sem vest-rænt land hefur gengið í gegnum á síðari árum og tekjuskipting jöfnuð með svo afgerandi hætti að nú er Ísland í hópi þeirra landa þar sem jöfnuður og félagslegt réttlæti eru hvað mest. Loks hefur stjórnkerfinu verið umbylt með fækkun ráðuneyta og breyttum stjórnarháttum byggðum á lærdómum hrunsins.

Fullt tilefni er til að fagna á þriggja ára afmæli ríkisstjórnarinnar. Síðasta fjórðung kjörtímabilsins munu hún og Alþingi nýta til áframhaldandi lífskjarsóknar og aðgerða í skuldamállum heimilanna, fjölgunar starfa, endurskoðunar stjórnarskrárinnar, breytinga á fiskveiðistjórnunarkerfinu, framgangi rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúruauðlinda og fjölda annarra þjóðþrifamála í þágu almennings.

Álfar út um allt

Fjársöfnun SÁÁ

Guðmundur Rúnar Árnason
bæjarstjóri í Hafnarfirði



Það er stundum talað um að í Hafnarfirði séu fleiri álfar en annars staðar á landinu. Ekki ætla ég að kveða upp úr um það, en veit þó að í Hafnarfirði er ákjósanlegt að búa, hvort sem um er að ræða álfa og huldufólk – eða mannfólk. Sjálfur hef ég aldrei séð lifandi álfa, en ég hef séð álfa sem hafa gefið öðrum líf.

Ég er auðvitað að tala um SÁÁ álfinn. Hann hefur á rúmum tuttugu árum skilað samtökunum á fimmta hundrað milljónum króna. Þeir fjármunir hafa farið í að byggja upp nýja þjónustu. Þannig var til dæmis unglingadeildin byggð á sínum tíma. Það er óhætt að fullyrða að hún hefur bjargað fjölmörgum mannlífum.

Áfengissýki hefur áhrif á fleiri en þann veika. Hún er fjölskyldu-sjúkdómur. Fjöldi þeirra fjölskyldna sem áfengissýkin hefur sundrað eða eittrað lífið hjá í gegnum tíðina, er gríðarlegur. Ég kann ekki tölfræðina í því sambandi, en allir þekkja einhvern sem kemur úr fjölskyldu sem alkóhólisminn hefur haft eyðileggjandi áhrif á. Það þori ég að fullyrða.

Núna stendur álfasala SÁÁ sem hæst. Ég hvet alla til að leggja sitt af mörkum til að gera líf margra barna og fjölskyldna betra. Meginverkefni álfans á næstunni er að byggja upp sérstaka barna- og fjölskyldudeild, þar sem áherslan verður á endur-reisn fjölskyldna sem eru í vanda vegna áfengis- og vímuefnasýki.

Álfurinn er hvorki hávær né fyrir-ferðarmikill. Hann er aftur á móti til marks um hvað hægt er að gera þegar margir leggjast á eitt. Margir litlir álfar lyfta Grettistaki.



FERÐA LEIKUR

Skráðu þig í Netklúbb Express ferða og þú gætir unnið ferð fyrir tvo til Costa Brava! Flug og gisting í viku. Dregið 15. júní.

BÓKAÐU NÚNA!
TAKMARKAÐ SÆTAFRAMBOÐ

ÆVINTÝRI Í SUÐUR-EVRÓPU

TOSCANA

SÆLKERAFERÐ 28. júlí-4. ágúst

Frábær ævintýra- og sælkeriferð til Toscana. Fararstjóri verður Halldór E. Laxness sem gjörþekkir héraðið. Meðal annars verður farið til Flórens, Pisa, Lucca, Siena og Monte Carlo.

Verð á mann í tvíbýli frá

199.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, akstur til og frá flugvelli, gisting á 4* hóteli með morgun- og kvöldverði. Skoðunarferðir og akstur. Íslensk fararstjórn allan tímann.

SVARTISKÓGUR

HEILSA OG LÍFSTÍLL 11.-18. ágúst

Njóttu lífsins í fallegu umhverfi í Svartaskógi. Gönguferðir, fræðslufundir og ráðgjöf varðandi heilsu- og spa-meðferðir. Fararstjóri: Guðmundur Björnsson endurhæfingarlæknir og fyrrv. yfirlæknir á Heilsustofnun Hveragerðis.

Verð á mann í tvíbýli

183.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting í 7 nætur á 3* Hotel Merkur ásamt morgunverði, 3 x kvöldverði, rúta til og frá flugvelli, heimsókn í sauna og slökun, skoðunarferð og íslensk fararstjórn.

GARDA-VATNIÐ

ÆVINTÝRAFERÐ 14.-21. júlí

Fáir staðir í Evrópu hafa notið jafn mikilla vinsælda og Garda-vatnið í norðurhluta Ítalíu. Ævintýraleg menningarferð með Margréti Laxness.

Verð á mann í tvíbýli frá

169.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á 3* hóteli Le Palme ásamt morgun- og kvöldverði, akstur til og frá hóteli. Íslensk fararstjórn.

COSTA BRAVA

SÓLARFERÐ 15.-22. júní

Lloret de Mar er heillandi strandbær sem býður upp á frábæra og fjölskylduvæna afþreyingu; skemmtigarða, köfun, golf og skoðunarferðir og margt, margt fleira.

Guitart Central Park Silver ★★ ★

Verð á mann með hálfu fæði

96.500 kr.

m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára.

Express ferðir



Sveigjanlegir greiðslumöguleikar



Finndu okkur á Facebook!


Ármúli 7, 108 Reykjavík | expressferdir.is | sími: 5 900 100

**20-50%
afsláttur**

LOKSINS LAGERÚTSALA

aðeins í 3 daga!

Útsöludýnur - allt að 50% afsláttur



**Fyrstir koma
fyrstir fá**

- Sýnishorn
- Skiptidýnur
- Útlitsgallaðar dýnur
- Stillanleg rúm og fleira og fleira

**Takmarkað
magn**

25% afsláttur af lökum og hlífðardýnum



Klettháls 13
Sími lagerútsölnunnar
er 660 0023

www.svefn.is

Svefn & heilsa
★★★★★

Föstudaginn
11. maí 12-18
Laugardaginn
12. maí 12-16
Sunnudaginn
13. maí 12-16

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opíð virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

GÖNGUM SAMAN



STYRKJUM GRUNNRANNSÓKNIR Á BRJÓSTAKRABBAMEINI

Árleg mæðradagsganga styrktarfélagsins Göngum saman fer nú fram á 13 stöðum á landinu.

Í göngunni sameinumst við í hressandi útiveru og virkum stuðningi við rannsóknir á eðli og orsökum krabbameina í brjóstum.

Komdu með – þú og allar konur í heiminum hafa gott af því!



Við verðum með söfnunarbaukana á lofti og seljum landsfrægan varning til styrktar Göngum saman.

Allar göngurnar hefjast kl. 11. Á gongumsaman.is sérðu hvaðan lagt er í hann á hverjum stað.

AKRANES AKUREYRI BORGARNES EGILSSTAÐIR HÖFN HVERAGERÐI ÍSAFJÖRÐUR PATREKSF

NUM ALLT LAND

VERTU MEÐ Í MÆÐRADAGSGÖNGUNNI 13. MAÍ



BRJÓSTABOLLUR MEÐ KAFFINU

Gómsæt leið til að styrkja lífsnauðsynlegar rannsóknir!

Við njótum góðs af samstarfi við Landssamband bakameistara sem stendur fyrir sölu á brjóstabollum í bakaríum um allt land dagana 10.-13. maí. Þjóddu upp á brjóstabollur alla mæðradags- helgina og láttu þannig gott af þér leiða, brjóstanna vegna.



Göngum saman

JÖRÐUR REYÐARFJÖRÐUR REYKJANESBÆR REYKJAVÍK STYKKISHÓLMUR STÓRUTJARNASKÓLI

Hafið: Vagga lífsins og fjöregg Íslands

Auðlindir

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra



Hafið er gullkista Íslendinga. Gjöfufur fiskistofnar umhverfis landið eru þeir sjóðir sem gerðu Íslendingum kleift að brjóta frá fátækt til velsældar. Þar er enn að finna verðmæti sem standa öðrum fremur undir lífskjörum okkar, þótt íslenskur efnahagur hvíli nú á fleiri stöðum en áður. Stjórnkerfi fiskveiða hefur

lengi verið ein helsta þrætubók þjóðarinnar, en við megum ekki gleyma því að þrátt fyrir allt ríkir hér kannski dýpri og almennari sátt um nauðsyn sjálfbærra fiskveiða en hjá flestum öðrum þjóðum. Áhersla á stundargróða í fiskveiðum á kostnað lífríkisins er bein ógn við efnahag og samfélag Íslendinga til lengri tíma. Vonandi berum við gæfu til þess að viðhalda sáttinni um sjálfbærni í þeirri umræðu sem nú fer fram um umbætur á stjórnkerfi fiskveiða.

Árangur Íslendinga á þessu sviði og augljósir hagsmunir okkar hafa valdið því að tekið er mark á Íslandi í alþjóðlegri umræðu um málefni hafsins. Íslendingar voru

brautryðjendur í útfærslu landhelgi og lögsögu, sem síðar festist í sessi í alþjóðlegum hafrétti. Síðar voru íslensk stjórnvöld í fararbroddi í alþjóðlegri umræðu um mengun hafsins. Margt hefur áunnist á þessum sviðum, en málefni hafsins eru í brennidepli sem aldrei fyrr. Með vaxandi álagi á vistkerfi þurrlandisins beinast sjónir margra að auðlindum og tækifærum sem leynast í höfunum. Þau þekja 70% af jörðinni, en við þekkjum lífríki þeirra ekki til hlítar og eigum langt í land bæði með að vernda þau sem skyldi og nýta auðæfi þeirra á skynsamlegan og sjálfbæran hátt.

Ofveiði er víða vandamál, ekki síst hjá mörgum þróunarríkjum

Áhersla á stundargróða í fiskveiðum á kostnað lífríkisins er bein ógn við efnahag og samfélag Íslendinga til lengri tíma.

sem eru illa í stakk búin að nýta fiskistofna sína á sjálfbæran hátt og samkvæmt vísindalegri þekkingu. Mengun er víða alvarleg ógn, ekki síst í innhöfum og grunnsævi undan þéttbýlum strandsvæðum. Kóralrif og önnur lífauðug vistkerfi eiga mjög undir högg að sækja vegna mengunar, loftslagsbreytinga og skemmda af völdum skaðlegra veiðiaðferða. Vaxandi sókn er í olíu á hafsbotni, sem er stundum dýru verði keypt eins og olfuslysið á Mexíkóflóa árið 2010 sýndi glögg.

Í stefnumótun um málefni hafsanna er í vaxandi mæli horft til þess að samræma ólíka þætti í takt við fjölbreytta nýtingu á auðlindum sjávar og aukinn skilning á vistkerfinu. Samþætting umhverfisverndar og sjálfbærrar nýtingar er þar lykillinn að árangri. Það er rangt og skaðlegt að líta á vernd og nýtingu sem andstæður. Við okkur Íslendingum blasa fjölbreyttari

not á auðlindum hafsins. Fiskeldi mun líklega fara vaxandi. Víða er hægt að nýta þang og kalkþörungur. Sjávarfallavirkjanir eru komnar á teiknaborðið. Fjölbreytt og stórbrotin strandlengja Íslands er auðlind ferðaþjónustunnar ekki síður en víðerni hálandisins. Hvala- og selaskoðun skilar tekjum og styrkir byggðir. Á sama tíma skjóta nýjar ógnir upp kollinum, svo sem súrnun sjávar vegna losunar koldíoxíðs og möguleiki á stóruáuknum olíuflutningum nálægt Íslandsströndum. Allt þetta kallar á virka stefnumörkun Íslands í málefnum hafsins heima fyrir og öflugan málflutning á alþjóðasviðinu. Þar dugur ekki að orna sér við gamla sigra.

Stundum er eins og gjá sé á milli stefnu um nýtingu auðlinda hafsins annars vegar og um umhverfis- og náttúruvernd hins vegar. Slíkt gengur einfaldlega ekki. Vernd og nýting auðlinda hafsins eru tvær hliðar á sama peningi. Ísland þarf að vera öflugur málsvári umhverfisverndar á höfunum, hvort sem litið er til mengunar, loftslagsbreytinga eða verndar verðmætra vistkerfa. Ísland á einnig að beita sér fyrir sjónarmiðum sjálfbærrar nýtingar á heimamíðum, í viðræðum um flökkustofna og í þróunaraðstöð. Höfin geta verið gullkista allra jarðarbúa, en einungis ef við gætum vel að því að skilja vistkerfi þeirra og vernda lífríkið. Ísland á að setja metnað sinn í að vera leiðandi í þeirri umræðu.

alain mikli

©



Linsan 40 ára

Sýning í dag á gleraugum frá Alain Mikli og Philippe Starck

Einstök ný hönnun og fallegir litir
20% afmælisafsláttur af umgjörðum

Opið í dag frá 10 til 16

Komdu - Mátuðu - Upplifðu

LINSAN
Aðalstræti 9 • 551 5055

Ágæti læknir, þiggur þú mútur?

Lyfjamál

Davíð Ingason

sölu- og markaðsstjóri hjá Vistor



Haraldur S. Þorsteinsson

sölu- og markaðsfulltrúi hjá Vistor



Mánudagskvöldið 30. apríl fjallaði fréttaskýringaþátturinn „Spegillinn“ á RÚV um samskipti lyfjafyrirtækja og lækna undir yfirskriftinni „Læknar gegn mútum lyfjafyrirtækja“. Í þættinum var rætt við Christiane Fischer sem er talskona samtakanna Mezis – Initiative unbestechlicher Ärzte, samtaka þýskra lækna sem berjast gegn mútugreiðslum í heilbrigðisgeiranum. Í þættinum lýsir hún hvernig lyfja-

vegur að starfsheildri. Fyrirtækin sem við störfum hjá og samtök fyrirtækja á okkar sviði (Frumtök) starfa eftir siðareglum sem skilgreina hvernig samskipti við eignum við heilbrigðisstarfsfólk. Samskiptareglur Frumtaka eru öllum aðgengilegar á vefslóðinni www.frumtok.is. Þau samskipti ganga ekki út á mútur.

Lyf eru hagkvæmur kostur í meðferð fjölda sjúklinga en á sama tíma er ljóst að mörg lyf geta verið skaðleg ef þau eru ekki notuð á réttan hátt. Það er því nauðsynlegt að heilbrigðisstarfsfólk hafi réttar upplýsingar um lyf og notkun þeirra. Það er þyngra en tárur taki þegar lyf eru notuð á rangan hátt og valda skaða. Hlutverk okkar sem störfum hjá lyfjafyrirtækjunum er m.a. að fyrirbyggja ranga notkun lyfja með því að veita upplýsingar sem byggja á nýjustu rannsóknunum sem gerðar eru á hlutlægum hátt eftir ströngustu aðferðum vísindanna. Lyfjafyrirtæki á Íslandi stunda

Lyfjafyrirtæki á Íslandi stunda ekki mútur og við þekkjum engin dæmi þess að íslenskir læknar hafi þegið mútur.

fyrirtæki í Þýskalandi stundi skipulegar mútur og gefið var í skyn að staðan væri eins á Íslandi. Læknar fá greiðslur fyrir að ávísa ákveðnum lyfjum og þeim sé boðið í langar lúxusferðir til fjarlægra landa í því skyni að múta þeim til þess að ávísa ákveðnum lyfjum.

Umræðu um mútupægni í heilbrigðisgeiranum ber að fagna en þá verður líka að gera þá kröfu til fréttamanna að málin á Íslandi séu skoðuð og íslenskur veruleiki kynntur og borinn saman við þann þýska, sem var til umræðu í þætti Spegilsins á RÚV. Veruleikinn sem þarna var lýst er eitthvað sem við sem störfum við kynningar á lyfjum á Íslandi könnumst á engan hátt við. Okkur sem störfum við kynningar og sölu á lyfjum er jafnað við glæpamenn og að mútur séu daglegt brauð í starfi okkar. Umfjöllun af þessu tagi er á engan hátt boðleg og særir sómatilfinningu okkar og

ekki mútur og við þekkjum engin dæmi þess að íslenskir læknar hafi þegið mútur. Okkur er gróflega misboðið að vera sökuð um að stunda mútur. Almennt má segja að umfjöllun fjölmiðla um málefni lyfjafyrirtækjanna sé neikvæð og langt frá því að vera hlutlæg og vönduð. Talað er í almennum tón og gefið í skyn að öll lyfjafyrirtæki og allir læknar séu undir sömu sökina seld. Talað er um „læknahópa hér og lyfjafyrirtæki þar“, en aldrei nefnd dæmi með nöfnun, stað eða stund. Lyfjafyrirtækjum er jafnan lýst sem samvirkulæsum gróðavélum sem hagnast á veiku fólki og stundi óheimarleg viðskipti. Umfjöllun „Spegilsins“ í þetta skiptið var svo langt frá íslenskum veruleika að ekki er hægt að kalla hana neitt annað en atvinnuróg. Við mögum umfjöllun af þessu tagi en lýsum eftir upplýstri og faglegri umfjöllun um þessi málefni.

Ábendingar vegna leiðara

Fjármál

Dorgeir Eyjólfsson

verkefnastjóri losunar
gjalddeyrishaftra
Seðlabanka Íslands



Í leiðara Fréttablaðsins í gær eru settar fram staðhæfingar tengdar gjalddeyrishaftra Seðlabanka Íslands sem sumpart byggja á misskilningi eða eru rangar.

■ Fullyrt er ranglega að í fyrsta sinn hinn 9. maí sl. hafi verið greint frá fjárhæð fjármuna til fjárfestinga samkvæmt fjárfestingarleiðinni. Í lok fyrri útboda hefur ávallt verið greint frá fjárhæð og fjölda tekinna tilboða í fjárfestingarleiðinni. Hafa ber í huga í þessu samhengi að helmingur erlendur fjárfestingarinnar í hverju tilviki kemur inn í gegnum útböð bankans en hinn helmingurinn með sölu gjalddeyrishaftra innendum banka.

■ Fullyrt er ranglega að þátttakendur í fjárfestingarleiðinni fái gefins fjármuni með þátttöku í útböðum. Þátttakendur í útböðum samkvæmt fjárfestingarleið eru í reynd að eiga viðskipti við erlenda aðila sem eiga innlendar eignir í formi innlána eða skuldabréfa, svonefndar aflandskrónur. Seðlabankinn er í því hlutverki að skapa vettvang fyrir aðila sem fjárfesta vilja á Íslandi til að selja gjalddeyrishaftra þeim erlendur aðilum sem selja vilja krónur. Þarna er um markaðsviðskipti að ræða og því fjarri lagi að einhver fái eitthvað gefins, hvað þá að hið opinbera sé með meðgjöf eins og einhverjir kunna að túlka leiðaratextann.

■ Ummæli seðlabankastjóra frá nóvember 2011 um að með opnun fjárfestingarleiðarinnar væri verið að opna leið fyrir aflandskrónur til fjárfestinga í íslensku atvinnulífi stendur óhögguð enda hafa aflandskrónur komið inn í íslenskt efnahagslíf í gegnum útböðsferilinn samkvæmt fjárfestingarleiðinni sem nemur líðlega 25 ma.kr. Hitt er svo annað mál og kann að hafa valdið misskilningi í þessu sambandi að lítil áhugi hefur verið af hálfu aflandskrónueigendanna sjálfra að sækja um flutning á þeim krónum til fjárfestinga á þeirra eigin vegum hér á landi en við það var átt í fréttatilkynningu bankans frá 9. maí sl. Það er ef til vill ekki undarlegt í ljósi þess að þessir aðilar eru þegar nokkuð brenndir af fjárfestingum sínum frá því fyrir hrún og því ekki líklegt að þeir yrðu áfjáðir í að koma með nýjan gjalddeyrishaftra til landsins í gegnum álandsmarkaðinn eins og fjárfestingarleiðin gerir ráð fyrir til þess að nota á móti aflandskrónum sínum. Jafnframt er rétt að vekja athygli á að einungis þær aflandskrónur sem hafa verið í samfelldu eignarhaldi frá upptöku gjalddeyrishaftra hinn 28. nóvember 2008 hafa verið gjaldgengar til þátttöku í fjárfestingarleiðinni.

■ Fyrirspurnum blaðamanna um nöfn einstakra þátttakenda í útböðum er bankanum óheimilt að svara og vísast þar til þagnar-skylduákvæða laga um Seðlabanka Íslands. Þetta veit leiðarahöfundur og ætti að upplýsa lesendur sína um í stað þess að haga texta sínum þannig að það sé af sjálfstæðum vilja eða þjónkun við einhverja annarlega hagsmuni að Seðlabankinn upplýsir ekki um þetta.

■ Vangaveltur leiðarahöfundar um hundruð erlendra eignarhaldsfélaga sem stofnuð voru í skattaskjólum á árunum fyrir hrún og hugsanlega þátttöku þeirra í útböðum verða að vera hans vangaveltur. Rétt er að undirstrika að samkvæmt skilmálum fjárfestingarleiðarinnar er skýrt kveðið á um að til þess að geta tekið þátt í útböðum megi fjárfestir eða lögaðili þar sem hann á eða átti sæti í stjórn eða er eða var í forsvari fyrir, ekki hafa verið ákærður af handhafa ákærvalds eða kærður til lögreglu af Seðlabankanum, og máli vegna þess sé enn ólókíð hjá ákærvaldi eða lögreglu, eða

hafa vanefnt verulega óuppgerða stjórnvaldssekt eða sátt; allt vegna brota á lögum um gjalddeyrismál, nr. 87/1992, og reglum settum á grundvelli þeirra. Þannig eru gerðar mjög skýrar kröfur til þátttakenda.

■ Jafnframt gera skilmálar fjárfestingarleiðarinnar kröfu til þess að fjárfestir sanni á sér deili gagnvart Seðlabankanum með hliðstæðum hætti og þeim sem mælt er fyrir um í a. og b. liðum 1. mgr. laga nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Ef fjárfestir er lögaðili skal hann afhenda afrit



Fullyrðing í niðurlagi leiðarans um að valinn hópur fái að snúa aftur inn í hagkerfið með meðgjöf frá Seðlabankanum er röng. Eins og áður kom fram eru þátttakendur í fjárfestingarleiðinni að selja gjalddeyrinn þeim...

af samþykktum félagsins (fjárfestisins), og jafnframt afhenda yfirlit yfir hluthafa og eigendur fjárfestis. Upplýsa skal Seðlabankann um eignarhald á fjár-

festi og þá hver sé raunverulegur eigandi fjárfestis samkvæmt fyrrnefndum lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Fjárfestir skal stað-

fasta að hann sé raunverulegur eigandi fjármunanna, svo og að viðskiptin séu framkvæmd fyrir eigin reikning fjárfestisins en ekki fyrir hönd annars/annarra aðila.

Fullyrðing í niðurlagi leiðarans um að valinn hópur fái að snúa aftur inn í hagkerfið með meðgjöf frá Seðlabankanum er röng. Eins og áður kom fram eru þátttakendur í fjárfestingarleiðinni að selja gjalddeyrinn þeim aflandskrónueigendum sem kaupa vilja. Útböð Seðlabankans eru vettvangur þessara aðila til að eiga viðskipti sín á milli.

Evrópuhátið í Hörpu

Hápunktur **Evrópuviku** er **hátið í Hörpu** sunnudaginn **13. maí!**

Um **daginn** er boðið upp á **kynningar**, **Bláan Ópal**, magnað **uppistand** og **Evrópuköku**

Um kvöldið eru **stórtónleikar** með **European Jazz Orchestra** og **Stórsveit Reykjavíkur** í **Eldborg!**



Stórsveit Reykjavíkur er Íslendingum að góðu kunn og hlaut m.a. Íslensku tónlistarverðlaunin sem djassflytjandi ársins 2005 og fyrir djassplötu ársins 2011



European Jazz Orchestra er stórsveit hæfileikaríks ungs tónlistarfólks víðs vegar að úr Evrópu. Hljómsveitarstjóri er Finninn Jere Laukkanen sem er þekktastur fyrir verk sem sameina nútíma djass og afró-kúbanskan rytma



Aðgangur ókeypis á tónleikana – miðar á www.harpa.is

Dagskrá:

Laugardagur 12. maí

- » Evrópukynning á Blómatorgi Kringlunnar og upphitun fyrir tónleika
 - ESB í máli og myndum
 - Félagar úr European Jazz Orchestra bregða á leik kl. 13:30 og 15:00

Sunnudagur 13. maí

- » Evrópuhátið á jarðhæð Hörpu kl. 13:00-17:00
 - Evrópukakan skorin
 - ESB í máli og myndum – plakatasýning
 - Rjóni íslenskra uppistandara kl. 14:00
 - Blár Ópall skemmtir ungum sem öldnum kl. 15:00
 - Evrópukynningar af ýmsum toga:
 - Enterprise Europe Network
 - 7. rannsóknaráætlun ESB
 - Menntaáætlun ESB
 - Evrópa unga fólksins
 - Menningaráætlun ESB
 - Kvikmyndaáætlun ESB
 - Evrópuár aldraðra
 - Evrópska neytendaadstoðin
 - Meistaránám í Evrópufræðum við HÍ

- » Tónleikar í Eldborg kl. 20:00
 - Stórsveit Reykjavíkur
 - European Jazz Orchestra

Kynnir: Ari Eldjárn

Allir velkomnir!

Nánari upplýsingar á www.evropustofa.is

Evrópastofa
Upplýsingamiðstöð ESB



Evrópusambandið fjármagnar starfsemi Evrópustofu.



MEIRIHÁTTAR SAMVERA Þegar Unnar Jón Kristjánsson var farinn að eyða flestum góðviðrisdögum á mótörhjólunum ákvað eiginkonan að það væri kominn tími til að slást í för með honum. Hún keypti sér líka hjól og síðan hafa þau brunað saman um sveitir Suðurlands, hvenær sem færi gefst.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fullkomið frelsi á hjólunum

Postularnir nefnast Bifhjólasamtök Suðurlands. Meðlimir þeirra hjóla saman og hafa gaman en stunda fjölbreytt góðgerðastörf í þágu samfélagsins meðfram því. *Hólfríður Helga Sigurðardóttir* heimsótti formann Postulanna, **Guðnýju Einarsdóttur**, og eiginmann hennar, **Unnar Jón Kristjánsson**, sem segja fátt standast samanburð við að hjóla saman um sveitir Suðurlands.

Þegar hjónin Unnar Jón Kristjánsson og Guðný Einarsdóttir vilja eiga góða stund saman fara þau ekki út að borða, ganga á fjöll, eða horfa á vídeó eins og mörg önnur hjón. Þau klæða sig í leðurgalla, setja upp hjálma og bruna saman um sveitir Suðurlands á samstæðum mótörhjólum sínum. Þau hjónin eru bæði virkir meðlimir í Postulunum, Bifhjólasamtökum Suðurlands, þar sem frúin gegnir formennsku. Þau taka á móti blaðamanni og ljósmyndara Fréttablaðsins á heimili sínu í Hveragerði, íklædd svörtum íþróttapeysum merktum Postulunum. Það er greinilegt á klæðaburðinum og glansandi Suzuki-hjólunum í innkeyrslunni hvaða lífsstíll á hug þeirra allan.

Hjóla saman og hafa gaman

Bifhjólasamtök skapa ósjálfrátt hugsanatengsl við skipulagða glæpastarfsemi. Glæpir eru þó eins fjarri starfsemi Postulanna og hugsast getur. Eitt helsta markmið þeirra, fyrir utan að hjóla saman og hafa gaman, er að stunda góðgerðastarfsemi að ýmsu tagi.

Unnar: Allt heiðvirt fólk er á móti glæpum, hvort sem það keyrir um á hjólum eða ekki. Það er ægilega leiðinlegt að vélhjólasmótök skuli svo oft vera tengd við glæpastarfsemi og skekkir rosalega mynd okkar. Þeir sem eru að stunda glæpi verða bara að eiga það við sjálfa sig. Það er ekkert tengt því sem við erum að gera. Við erum bara venjulegt fólk.

Guðný: Svo er það auðvitað okkar að skapa okkar eigin mynd. Það skapar hana enginn fyrir okkur. Í Postulunum eru 160 manns, þar af 28 konur. Mestmegnis er þetta fjölskyldufólk á aldrinum 30 til 80 ára.

Unnar: Uppistaðan hjá okkur, rétt eins og í flestum bifhjóla-

klúbbum, er bara venjulegt fólk. Þegar þú sérð manneskju í mótörhjólaklæðnaði getur það verið læknir, lögfræðingur, hafnarverkamaður, kona eða karl, afi eða amma. Þetta er bara venjulegt fólk sem hefur gaman af því að hjóla.

Þau segjast hvorugt upplifa að fólk óttist þau eða forðist að mæta þeim að kvöldi til, þrátt fyrir svarta leðurgallana og hávær hjólin.



Guðný: Þú skynjar eiginlega náttúruna með nefinu þegar þú hjólar. Þú finnur sjávarlyktina og ilminn af nýslegnu grasi. Þetta er mjög sterk upplifun. Þegar þú ert að keyra í bíl sérðu bara, en skynjar ekki á sama hátt og þegar þú ert að hjóla.

Unnar: Það er frekar öfugt, að fólk komi til manns og spjalli við mann, trúu manni jafnvel fyrir því að það hafi alltaf dreymt um að kaupa sér hjól. Viðhorfið gagnvart okkur er almennt bara mjög gott, sérstaklega hérna á Suðurlandi, þar sem margir vita hvað við stöndum fyrir.

Fullkomið frelsi

Þau Unnar og Guðný segja það ólýsanlega góða tilfinningu, að aka um á mótörhjól.

Unnar: Þetta er algjört frelsi. Það er dálítið erfitt að koma orðum að því hver tilfinningin er, maður verður eiginlega bara að prófa.

Guðný: Þú skynjar eiginlega náttúruna með nefinu þegar þú hjólar. Þú finnur sjávarlyktina og ilminn af nýslegnu grasi. Þetta er mjög sterk upplifun. Þegar þú ert að keyra í bíl sérðu bara, en skynjar ekki á sama hátt og þegar þú ert að hjóla.

Unnar: Já, þetta er allt öðruvísi en að keyra í bíl, þegar þú ert kannski með miðstöðina í gangi og útvarpið á fullu. Á hjólinu ertu bara einn með sjálfum þér og þínum hugunum.

Þau Unnar og Guðný eru sammála um að flestir ökumenn sýni bifhjólsmönnum tillitssemi, þó að hið gagnstæða komi fyrir.

Unnar: Niútiú prósent ökumanna

limum og leitar styrkja, fyrir þau góðgerðaverkefni sem klúbburinn vinnur í hverju sinni. Hópurinn hittist mjög reglulega, sérstaklega yfir sumartímenn.

Guðný: Á sumrin hittumst við á hverju einasta þriðjudagskvöldi, hjólum saman og förum svo yfirleitt eitthvert og fáum okkur kaffi.

Unnar: Hér á Suðurlandinu er svo falleg náttúra og það eru svo

Fyrir jólin kaupa þau svo gjafir fyrir efnalítill börn, sem þau færa kirkjunni innpakkaðar fyrir jólin. Þau hjónin eru sammála um að góðgerðastarfsemi sé mikilvægur þáttur í starfsemi Postulanna.

Guðný: „Það gefur okkur ofsalega mikið að gera þetta.“

Unnar: „Já, það er alltaf gott að gefa aftur til samfélagsins.“

Meiri háttar samvera

Eigið þið langt samband að baki, hjónin, og hafið þið alltaf verið svona samstíga í áhugamálunum?

Guðný: Hvað erum við búin að vera saman lengi?

Unnar: Já, nú þarf að telja...

Guðný: Þetta eru 25 ár. Við eigum tvö börn og eitt barnabarn.

Unnar: Það tók mig 17 ár með hvolpaaugum að eignast mótörhjól. Ég þurfti að leggjast í gólfíð liggur við.

Guðný: Ég var alveg drulluhrædd við svona mótörhjól. Þau höfðu alltaf verið drápstæki í mínum augum.

Unnar: Ég lét svo loksins gamlan draum rætast árið 2004, fór á eBay og keypti mér hjól.

Guðný: En ég þorði aldrei að vera aftan á.

Unnar: Við byrjuðum einmitt á að prófa það. En þegar ég ætlaði að voga mér út á þjóðveginn fékk ég bara bank í hjálminn og varð að snúa við.

Guðný: Já, ég verð að stjórna ferðinni sjálf. Svo keypti ég mér hjól árið 2007, þegar ég var farin að vera alltof oft ein heima á góðviðrisdögum, þegar hann var úti að hjóla. Þá sá ég að það var annað hvort að hjóla með, eða finna sér annað áhugamál.

Unnar: Það er svo skemmtilegt að hún skyldi fara út í þetta líka. Það er meiri háttar frábært að vera saman í þessu.

Góðgerðirnar mikilvægar

Guðný er formaður Postulanna og heldur sem slíkur utan um allt starf Postulanna, skipuleggur uppákomur með öðrum stjórnarmeð-

margir litlir og huggulegir kaffistadir hér um allar sveitir, sem gaman er að stoppa á.

Guðný: Þann 16. júní förum við í eina af okkar uppáhaldsferðum, þegar við heimsækjum hann Má Sigurðsson, gæslumann á Geysi. Hann er heiðursmaður í Postulunum, gamall hjólamaður sjálfur sem býður árlega öllum bifhjólsmönnum í kaffi og með því. Þetta er æðisleg ferð.

Á meðal þeirra góðgerðaverkefna sem Postularnir taka þátt í er að keyra með ungmenni á Sel-fossi á 17. júní, sem jafnan vekur mikla lukku, og svo heimsækja þau Sólheima árlega, þeim sjálfum og heimilisfólki til mikillar ánægju.

Guðný: Á Sólheimum bíður fólkíð allt árið eftir að við komum. En þessi ferð er ekki síður skemmtileg fyrir okkur en þau. Það er ofsalega gaman að heimsækja Sólheima og sjá gleðina skína úr hverju andliti.

Margarítur



Sólboði



Petuniur



Hindberjaplöntur og kirsuberjatré



Ný sending



Snædrífa



Hengilobeliur



Nellikur



Íslensk sumarblóm



fyrir íslenskar aðstoður

Afsláttur af öllum Webergrillum og áhöldum



Mæðradagsblóm



persónuleg þjónusta

100kr af hverjum seldum mæðradagsvendi renna til styrktar þjálfunarskólum fyrir mæður SOS barnaorpanna

Tilboð



Blákorn

aðeins það besta fyrir garðinn þinn!

Uppskrift frá Grillskóla Garðheima og Weber Kaffi-chilihjúpað Nauta ribeye

- 2 tsk cumin fræ ristud
 - 2 msk expresso baunir
 - 1 msk chiliduft
 - 1 msk paprikuduft
 - 1 tsk sjávarsalt
 - 1 tsk nýmalaður pipar
- Allt sett í kaffikvörn eða Moulinex vél og blandað þar til verður að dufti.

800 g nauta ribeye
Salt og pipar eftir smekk
Ólífúolía

Aðferð: Kjötíð penslað með olíu og síðan kryddblöndunni og látið standa við stofuhita í 20 til 30 mín áður en grillað.

Tertusneið að eigin vali og kaffi




690kr



Ís

50kr

spíran
bistro á 2. hæð



GARÐHEIMAR

ÍSLENSKT
FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI

Forsetinn er ekki upp á punt

Andrea Jóhanna Ólafsdóttir telur ekki tímabært að spá fyrir um fylgi hennar. Hún lýsir því fyrir *Hólmsfríði Helgu Sigurðardóttur* hvernig kjósendur muni fylkjast að baki henni þegar þeir byrja að kynna sér stefnumál forsetaframbjóðenda fyrir alvöru.

Andrea Jóhanna Ólafsdóttir tilkynnti um þátttöku sína í forsetaslagnum þann 1. maí síðastliðinn. Það var engin tilviljun að framboðið bæri upp á alþjóðlegan baráttudag verkafólks. Hún vill færa völdin til fólksins og segist ætla að vera verkfæri þess, nái hún kjöri. Henni þykir umræðuna um málefni forsetans skorta innihald og vonar að það muni breytast. „Aldrei hafa fleiri boðið sig fram til forseta. Allir þessir kostir hljóta að vekja okkur til umhugsunar. Fólk þarf að spyrja sig þeirrar spurningar hvernig það vilji nýta forsetaembættið. Ég er á þeirri skoðun að ef það á að vera upp á punt – með manneskju í brúnni sem gerir ekki annað en að opna viðburði, klippa á borða, fara erlendis og kynna land og þjóð – þá sé það óþarft. Þetta allt er í raun aukahlutverk forsetans. Það er kominn sá tími í sögu lýðveldisins að þjóðin verður að sameinast um að ná betri árangri með lýðræðið og hjálpa Alþingi til þess að láta verkin tala.“

Þess að Alþingi fer að vanda til verka í þágu meirihlutaviljans og við sem þjóð endurvekjum traust okkar til þjóðþingsins.“

Of snemmt að spá um fylgi

Andrea blæs á allt tal um að hún hafi verið of sein að tilkynna um framboð sitt og telur að þorri kjósenda hafi ekki enn kynnt sér stefnumál forsetaframbjóðenda. „Ég held að margir geri sér enga grein fyrir því hversu mikla möguleika framboð mitt hefur. Ég held ég muni hreyfa töluvert við fylgi þeirra sem nú mælast með mest fylgi. 90 prósent þjóðarinnar treysta ekki Alþingi. Það er grafalvarleg staða í lýðræðisþjóðfélagi. Ég tel að sú sýn sem ég hef, að fólkið sjálft taki ákvörðun um að veita þinginu meira aðhald, muni birtast öðrum en mér í meira mæli á komandi vikum og að þjóðin muni átta sig á að það sé einmitt það sem hún þarf á að halda núna. Ég held það sé allt of snemmt að spá fyrir um mitt fylgi enn sem komið er.“

Heiðarleg hugsjónamanneskja

Sjálf lýsir Andrea sér sem heiðarlegri hugsjónamanneskju, sem hafi mikla ábyrgðartilfinningu og djúpstæða umhyggju fyrir landi og þjóð. „Það er eitthvað sem knýr mig áfram til þess að starfa fyrir samfélagið. Ég hef gert það í sjálfbodavinnu árum saman. Ég hef sterkan vilja til umbóta, til þess að laga eða hlúa að því sem miður fer.“

Andrea á þrjú börn og er í sambúð með Hrafn H. Malmquist stjórnfræðing. Hún telur aldur sinn og fjölskylduhagi ekki munu hafa áhrif á störf hennar sem forseta, nema til hins betra. „Eiginleikar, gildi og geta fólks er ekki háð aldri. Nú verð ég fertug í sumar og er því ári eldri en Bjarni Benediktsson þegar hann tók við formennsku í Sjálfstæðisflokknum. Hann á fjögur börn.“

Hún segist heyra það á umræðunni að stemning sé fyrir því að fá aftur konu í embætti forseta Íslands. „Það var gríðarlegt jafnréttis-skref sem þjóðin tók þegar Vigdís var kosin. Sjálf er ég að sjálfsgöðu hlynnt því að búa í samfélagi sem leggur áherslu á jafnrétti. Ef kona er hæf og verðugur fulltrúi þjóðarinnar, þá kjósum við hana, að sjálfsgöðu.“

Samstaða á heimilinu

Nái Andrea kjöri er ljóst að líf hennar og fjölskyldunnar allrar mun taka stakkaskiptum. Það vefst ekki fyrir Andreu. „Við Hrafn tókum þessa ákvörðun saman og hann stendur eins og klettur við hlið mér. Hann skilur orðið femínisti á sama hátt og ég, sem einstakling sem áttar sig á því að jafnrétti hefur ekki verið náð og að það þurfi að gera eitthvað í því. Við teljum bæði að fólk sem er lífsförunautar eigi að standa jafnfætis og vinna með hvort öðru.“

Hún segir þau Hrafn hafa tekið ákvörðun um að halda börnum sínum frá kastljósi fjölmiðlanna og vitnar í orð Vigdísar Finnbogadóttur sem sagðist hafa kunnað að meta það mjög við þjóðina að sýna henni þá virðingu að einkalíf hennar og barn væru ekki sífellt í fjölmiðlum. „Ef það verður framtíð þeirra að vera börn forseta munum við ekki stilla þeim upp í kastljós fjölmiðlanna. Ég tel það vera ábyrgð mína sem móður að haga málunum þannig.“



EKKERT LÝÐSKRUM Áætlanir Andreu, um að þiggja aðeins lágmarkslaun þar til ákveðnum markmiðum hefur verið náð, hafa verið kallaðar lýðskrum. Andrea segir þær þvert á móti skýra leið til að ná árangri. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Allt annað en lýðskrum

Frá því að Andrea tilkynnti um framboð sitt hefur verið gefið í skyn að henni sé ekki alvara með framboðinu og þá hafa áætlanir hennar um að þiggja aðeins lágmarkslaun, þar til ákveðnum markmiðum hefur verið náð, verið kallaðar lýðskrum. Þetta kemur Andreu ekki á óvart. „Ég reiknaði með þessu, því framboð mitt krefst þess af fólki að það hugsi út fyrir rammann. Ég myndi samt vilja hvetja fólk til að taka umræðuna málefnalega og velja því vel fyrir sér hvort frambjóðendur hafi eitthvað að segja og hvort það sem þeir leggja til gagnist þjóðinni. Tillaga mín um lágmarkslaunin á ekkert skylt við lýðskrum. Með þessu vil ég setja fordæmi fyrir þingmenn, en það er rétt að taka fram að þetta er aðferðarfræði til að ná árangri og er hugsað sem tímabundin aðgerð því ég á von á því að ná árangri mjög hratt. Ef þingmenn væru á lágmarks-

launum tímabundið á meðan þeir ættu að leysa þessi verkefni myndum við sjá hlutina breytast mjög fljótt. Við sem samfélag eigum að bera virðingu fyrir störfum allra og allir eiga að geta séð fyrir sér. Við eigum ekki að líta framhjá því að það er ákveðinn fjöldi fólks sem á ekki til mat fyrir börnin sín í lok mánaðar. Lánamál heimila, að laun dekki framfærslu og lýðræðisumbætur eru þau mál sem ég vil beita mér fyrir. Ég er tilbúin að vinna á lágmarkslaunum þar til fyrstu tveimur markmiðunum hefur verið náð og mun gefa restina til góðra málefna. Ég mun stofna forsetasjóð og er tilbúin að gefa allt að helmingi launa minna eftir að markmiðunum hefur verið náð. Það vil ég gera af því ég vil leggja áherslu á örlæti, nægjusemi og höfsemi, sem eru gildi sem ég hef alltaf lifað eftir. Þetta er ekki lýðskrum heldur skýr og örugg leið til að ná fram þessum markmiðum á mjög skömmum tíma.“

Vill hlúa að lýðræðinu

Andrea segir það skýrt í stjórnarskrá að forseti Íslands sé hluti af stjórnskipun og hafi bæði löggjafar- og framkvæmdavald. Vegna þess að Alþingi hafi sögulega verið táknrænt fyrir sjálfstæði þjóðarinnar sé erfitt að horfast í augu við að þjóðþinginu sé að mistakast hlutverk sitt. Hún segir þjóðina lengi hafa kallað eftir lýðræðisumbótum og nú sé kominn tími til að sýna þinginu meira aðhald. Það hafi almennigur ekki kost á að gera í dag, öðruvísi en að kjósa sér fulltrúa sem er tilbúin að verða milli-gönguliður fyrir beina aðkomu fólksins. „Ég vil vera lýðræðislegt verkfæri fólksins. Ég bið um umboð til að gæta að lýðræðinu, hlúa að því þannig að það verði öruggara og traustara í framtíðinni. Við eigum ekki að deila í ár og áratugi um málefni sem ríkur meirihluti er fyrir. Við eigum að starfa þannig að lýðræðið virki. Þá leysast hlutirnir og ná fram að ganga,“ segir Andrea.

Meginmarkmið framboðsins

Í hnotskurn gengur framboð Andreu út á að hún fái umboð þjóðarinnar til að láta meirihlutaviljann ná fram að ganga. Til þess að það verði þurfi að veita þinginu aðhald. „Ég bið um umboð til þess að beita mér, innan ramma stjórnarskrárinnar, fyrir þremur málum: Almennum leiðréttingum lána og afnámi verðtryggingar og að lágmarkslaun miðist við að dekkja lágmarksframfærsluviðmið í okkar samfélagi. Þetta eru réttlætismál sem löggjafar- og framkvæmdavaldinu hefur ekki tekist að leysa í áráraðir. Jafnframt vil ég beita mér fyrir því að þjóðaratkvæðagreiðslur verði lögfestar.“ Andrea spyr hvernig þjóðin ætli að ná þessum stóru meirihlutamálu fram. „Íslenskir stjórnmálaflokkar framfylgja ekki samþykktum landsfunda þeirra – þeir hafa til dæmis allir ályktað um leiðréttingar lána og afnáms verðtryggingar, en ekkert gerist. Um leið og við höfum skýra sýn á það að ná árangri og höfum skýr markmið að stefna að munum við öðlast sátt. Það sem íslenska þjóðin þarf á að halda núna er að ná árangri og finna til öryggis. Um leið og við náum árangri og náum fram okkar meirihlutavilja í náinni framtíð mun það leiða til



Það er kominn sá tími í sögu lýðveldisins að þjóðin verður að sameinast um að ná betri árangri með lýðræðið.

■ SPURT OG SVARAÐ

1. Hvernig túlkar þú hlutverk og 1. valdsvið forseta Íslands?

Forsetinn er bæði hluti af framkvæmdavaldi og löggjafarvaldi. Samkvæmt stjórnarskrá getur hann hafnað lögum og sett þau í þjóðaratkvæðagreiðslu. Hann getur líka látið leggja fram frumvarp til laga. Því ákvæði á ekki að þurfa að deila, nema í undantekningartilvikum. Það er margt sem stjórnarskráin gefur forsetanum heimild til að gera. Ef þjóðin kræfist þess til dæmis að þing yrði rofið og boðað yrði til kosninga væri það skylda forsetans að gera það. Vilji þeirra sem samþykktu og mótuðu stjórnarskrána á sínum tíma var sá að forsetinn og þingið veittu hvoru öðru aðhald. Þeir settu inn þann öryggisventil að 3/4 þings gætu krafist þess að forsetinn færi frá. Sú ákvörðun færi í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þeir ákváðu líka að forsetinn yrði þjóðkjörinn, en ekki kjörinn af þinginu. Að mínu mati er mjög skýrt í stjórnarskránni að forsetaembættið átti aldrei að vera til skrauts. Forsetinn á auðvitað líka að vera málsvari þjóðarinnar á erlendum vettvangi, en hann á alls ekki að vera milli-gönguliður einstakra fyrirtækja.

2. Hvert yrði þitt fyrsta verk sem forseti?

Mitt fyrsta verk yrði að kalla til þjóðfundar, því þjóðin þarf að móta forsetaembættið betur. Þjóðin hefur verið að taka áhugaverð skref með lýðræðið, með þjóðfundunum sem hér hafa verið haldnir. Ég vil halda áfram á þeirri braut. Slembivalinn þjóðfundur gefur góða mynd af því sem meirihlutavilji er fyrir. Þess vegna legg ég fram þessa tillögu um að kalla saman þjóðfund, til að ræða og móta viðmiðunarreglur fyrir embætti forsetans. Við erum kominn að krossgötum og nú er komið að því að við þurfum að velja hvort eigi að nota forsetaembættið til að styrkja lýðræðið eða ekki. Eftir að hafa kallað saman þjóðfund myndi ég fara um landið og tala við fólkið sjálft, til að ná því fram hver vilji þjóðarinnar er. Út frá þessari vinnu yrðu gerðar viðmiðunarreglur, sem ég myndi vinna eftir. Þessar hugmyndir miðast við það að þjóðin sjálf á að móta forsetaembættið og ég vonast til að þjóðin muni sjá möguleikana til þess að styrkja lýðræðið með svipuðum hætti og ég hef sjálf komið auga á.

3. Hvar stendur þú í pólitík og hvernig mun það hafa áhrif á störf þín sem forseti?

Ég er hvergi í pólitík. Þau málefni sem ég hef lagt áherslu á eru yfir flokkslínu hafin. Ég hef tekið þátt í pólitískum störfum fyrir vinstri græn á árum áður en ég lit svo á að það hafi verið ákveðið skref til þess að læra að það er ekki minn vettvangur. Lýðræðið er það málefni sem er mér mikilvægast og ég vil styrkja það. Ég vil leggja alla áherslu á að það sé alltaf meirihlutavilji þjóðarinnar sem ná fram að ganga. Það finnst mér algjörlega yfir flokkslínu hafið. Ég hef ákveðið að ég muni aldrei kjósa í Alþingiskosningum nái ég kjöri. Ég mun aldrei taka afstöðu með neinum flokki, því þá yrði ég komin út af þeirri línu að hefja embættið yfir flokkapólitík.

ANDREA Í HNOTSKURN

Andrea er 39 ára, fædd 2. ágúst 1972 og ólst upp á Húsavík. Börn hennar eru Atli Finnsson, fæddur 2000, Bogi Malmquist, fæddur 2009 og Lís Briet Malmquist, fædd 2010. Hún er dóttir Ólafs Ármanns Sigurðssonar sjómanns og Þórunnar Ástrósar Sigurðardóttur, sem lést árið 2011. Hún er í sambúð með Hrafn H. Malmquist, stjórnfræðing og meistara-nema í bókasafns- og upplýsingafræði. Andrea hefur stundað margvíslegt nám á háskólastigi, meðal annars á sviði stjórnafræði og uppeldis- og menntunarfæða. Síðasta starf sem hún gegndi var verkefnastjórn frístundaheimilis fyrir Reykjavíkurborg, þar sem hún hafði umsjón með 120 börnum og 15 til 20 starfsmönnum.



Risavaxin viðurkenning fyrir lítil og stór fyrirtæki

FILTON/SÍA

Fyrirmyndarfyrirtæki ársins 2012

Púsundir starfsmanna tóku þátt í stærstu vinnumarkaðskönnun landsins og hlutu alls 30 fyrirtæki nafnbótina **Fyrirmyndarfyrirtæki ársins 2012**. Fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum mældust afar vel og óskum við þeim innilega til hamingju.

Kynntu þér niðurstöðurnar í heild á www.vr.is.

Stór fyrirtæki

1. Johan Rönnung
2. Securitas
3. Íslenska gámafélagið
4. Nova
5. 1912
6. Logos
7. Mannvit
8. ISS Ísland
9. Öryggismiðstöð Íslands
10. Vistor

Meðalstór fyrirtæki

1. Bernhard
2. Íslensk getspá
3. Kjarnavörur
4. Ferðapjónusta bænda
5. Gogogic
6. Fálkinn
7. Árnason Faktor
8. Veritas Capital
9. Trackwell
10. Margt smátt

Lítill fyrirtæki

1. Sæmark
2. Vinnuföt
3. Skattur og bókhald
4. Verslunartækni
5. Spölur
6. Sigurborg
7. Birtingahúsið
8. Gróco
9. Microsoft Íslandi
10. Katla DMI

Lögin sem minna á sumrin

Þegar hugurinn reikar til liðinna sumra fer gjarnan af stað plata í höfðinu sem spilar lagið sem auðkennir tímabilið í undirmerðvitundinni. *Kjartan Guðmundsson* fræddist um **lögin sem kveikja sumartilfinningar** í brjóstum viðmælenda Fréttablaðsins.

■ DRAMATÍSK GELGJA



Lagið **Love Is All Around** með skosku hljómsveitinni Wet Wet Wet minnr tónlistarkonuna Þórunni Antoníu Magnúsdóttur á sumarið 1994.

„Þetta lag var úti um allt þetta sumar og þá var ég einmitt í frábærri ferð með mömmu minni, Þórhalli fósturpabba og Badda bróður í Danmörku. Við leigðum sumarhús úti í skógi, það var yndislegt og ég sem mjög dramatísk gelgja hataði ekki þegar þetta var spilað í danska útvarpinu. Góðar minningar.“



ÞÓRUNN ANTONÍA
MAGNÚSDÓTTIR


■ KOM MÉR Í GANG Á MORGNANA

Rithöfundurinn Auður Jónsdóttir tengir lög gjarnan við sumrin sem hún hefur lokið við að skrifa skáldsögur sínar.

„Oft þegar ég er að klára bækur á sumrin hlusta á ég einhver fáránleg lög, stundum með spinningtakti til að koma mér í gang á morgnana. Þannig var það til dæmis sumarið 2006 þegar ég var að skrifa bókina Tryggðarpantur í Kaupmannahöfn og Barcelona og var stanslaust með lagið **Hips Don't Lie** með Shakiru í eyrunum.“



AUÐUR JÓNSDÓTTIR



■ ÁSTFANGINN



FELIX BERGSSON

Tvö lög koma upp í huga Felix Bergssonar leikara, tónlistar- og dagskrárgerðarmanns þegar hann er inntur eftir lögum sem minna hann á ákveðin sumur, **Love Shack** með B-52's og **Killing Me Softly** með Fugees.

„Sumarið 1990 var ég í leiklistarnámi úti í Skotlandi og þar fæddist Guðmundur sonur minn. Love Shack var gríðarlega vinsælt þetta sumar og vekur æ síðan upp hjá mér góðar minningar. Hitt lagið, Killing Me Softly, var aðallagið sumarið 1996, en það var einmitt sumarið sem ég kynntist Baldri manninum mínum og þetta var okkar lag. Þetta sumar var ég alveg rosalega upptekinn af því að vera ástfanginn.“



■ RAPPANDI Í HJÓLABUXUM

Smellurinn **Manchild** með Neneh Cherry minnr borgarfulltrúann Evu Einarasdóttur á sumarið 1989, þegar hún var nýorðin þrettán ára.



EVA EINARSDÓTTIR

„Þetta lag var vinsælt. Ég tók myndbandið upp á VHS-spólu og horfði á aftur og aftur því mig langaði svo til að læra rappkaflann utan að, sem ég gerði og kann enn þann dag í dag. Svo reyndi ég að líkja eftir Neneh í myndbandinu, var í hjólabuxum og með handklæði um hárið eins og hún og þrígga ára systir mín, sem ég var að passa þetta sumar, glápti forviða á mig. Annað lag sem kemur upp í hugann er **My Baby Just Cares For Me** með Ninu Simone. Við hjónin giftum okkur sumarið 2005 og dönsuðum við þetta lag, en við erum bæði mjög lélegir dansarar og takturinn í laginu hentaði okkur vel til að dilla okkur við. Þegar ég heyri þetta lag fæ ég sumartilfinningu og verður hlýtt í hjartanu.“



■ DISKÓ OG SÍTRÓNUR



„Ég tengi oft lög við strákana sem ég var skotin í þessi sumur,“ segir Elísabet Jökulsdóttir rithöfundur.

„Síðasta sumar var ég skotin í manni og við hlustuðum mikið á lögin **Stjarna Máni Kross** með Rúnari Þór og Óldu Karen og **Lengi skal manninn reyna** með Megasi og Ágústu Evu. Ég held að maðurinn sé fullreyndur núna. Sumarið 1979 var ég líka ástfangin og þá hlustuðum við mikið á **Diskó Frískó** með Ljósunum í bænum. Ég var auðvitað alls ekki í diskóinu, var rokkari og pönkari og þótti hljómsveitir eins og ABBA fyrir neðan mína virðingu, en það var eitthvað við Diskó Frískó sem heillaði mig. **Sylvia's Mother** með Dr. Hook minnr mig á strák sem ég var ægilega skotin í sumarið 1974 norður á Ströndum og sumarið 1996 hlustaði ég svo mikið á lagið **Lemon Tree** með Fool's Garden að ég fékk sítrónur á heilann. Á balli í Stokkhólmi gaf ég strák frá Suður-Ameríku sem mér fannst sætur sítrónu og honum fannst það æðislegt því það óx sítrónutré í garðinum heima hjá honum.“



ELÍSBET
JÖKULSDÓTTIR

■ TÖFRASUMARIÐ 1983



Sumarið 1983 fór Hallgrímur Helgason rithöfundur, ásamt Hauki Hannesyni og Hafliða J. Ásgrímssyni, hringinn í kringum landið og lagið **Abracadabra** með Steve Miller Band fylgdi félögunum um landið.

„Við fórum í Atlavík og urðum mjög blautir þar, klesstum bílinn á Hellisheiði eystri, gistum á „Hótel jörð“ á Þórshöfn og ýmislegt fleira. Þetta var mjög eftirminnilegt sumar, töfrasumar, heimurinn var ungur og fallegur og ekkert í útvarpinu nema Abracadabra. Þetta var fyrsta sumarið mitt sem starfandi listamaður, ég var ekki að vinna við neitt annað og því fylgdi mikið frelsi að vera minn eigin herra. Í þessari ferð málaði ég einmitt nokkrar landslagsmyndir, meðal annars af Austfirðingum á fylleri, og sýndi svo um haustið.“



HALLGRÍMUR
HELGASON

www.kaupumgull.is

Græddu á gulli á Grand hótél! um helgina

Losaðu þig við það sem þú notar ekki lengur!
Staðgreiðum allt gull, silfur, demanta og vönduð úr!



Vegna mikillar eftirspurnar

Verðum eftirtalda daga á 14. hæð í turninum Grand Hótel
Laugardaginn 12. maí frá kl. 11:00 til kl. 19:00
Sunnudaginn 13. maí frá kl. 11:00 til kl. 19:00
Mánudaginn 14. maí frá kl. 11:00 til kl. 19:00



Kaupum gegn staðgreiðslu allt gull m.a hringa, hálsfestar, armbönd, gullmynt,
Gold Quest gullmynt, stytur, kertastjaka o.fl



FRÍTT VERÐMAT!

Engin skuldbinding til að selja.



Kaupum gömul og ný úr eins og Rolex, Breitling, Cartier,
Patek Philippe ásamt öllum gullúrum.




Kaupum alla demanta



Staðgreiðum einnig verk eftir
þekktu íslenska listmálara

eins og Gunnlaug Blöndal,
Jóhannes Kjarval,
Svavar Guðnason, Flóka,
Ásgrím Jónsson,
Nínu Tryggvadóttur,
Karólínu Lárusdóttir,
Jón Stefánsson,
Georg Guðna
og fleiri.



Erum á 14. hæð í turninum á Grand Hótel

Upplýsingar og tímapantanir,
Sverrir s. 661-7000 • sverrir@kaupumgull.is





KYRRAHAFSALDAN Fellur á Kaikoura á Nýja Sjálandi.



FÁTÆKT Fólk að baða sig upp úr skólþvatninu sem fellur til í hverfinu þeirra, Dharavi-hverfinu í Mumbai, þar sem kvikmyndin Slumdog Millionaire var tekin upp.



YANGTZE Áin hefur verið lífæð í Kína í gegnum árpúsundin og mörgum skáldum yrkisefni.

MYNDIR/HALLDÓR FRIÐRIK ÞORSTEINSSON



MONGÓLÍA Þessi litli Mongóli með tíkar-spena sver sig í ætt Gengis Khan.



DHARAVI Glaðir drengir í Dharavi-hverfinu í Mumbai.



FRUMBYGGJAR Í Darwin í Ástralíu. Sá til hægri þekkti til Reykjavíkur, eldfjalla og Bjarkar.

Kynntist sjálfum mér upp á nýtt

Breytingar á högum **Haldórs Friðriks Þorsteinssonar** urðu til þess að hann lagði upp í sex mánaða langt ferðalag um heiminn og heimsótti sextán lönd, meðal annarra Kína, Indland, Víetnam og Nýja-Sjáland. **Kjartan Guðmundsson** fræddist um ferðalagið.

Mig langaði hreinlega til að sjá heiminn og minnka hann aðeins, sem er einmitt það sem svona ferðalag gerir," segir Haldór Friðrik Þorsteinsson, stjórnarformaður og helsti eigandi H.F. Verðbréfa, sem lagði upp í sex mánaða heimshornafлакк í ágúst síðastliðnum. Alls sótti Haldór sextán lönd heim á ferðalaginu, sem hann segir hafa breytt sér á ýmsan máta.

Það besta sem ég hef gert

Hvað kom til að þú ákvaðst að leggja upp í slíkan risatúr um heiminn?

„Mig langaði til að sjá þessi lönd sem ég heimsótti með berum augum og fá nasasjón af þeim þjóðfélögum sem þar eru. Um áramótin fyrir tæpu einu og hálfu ári skipti ég um gir varðandi starf mitt, hætti sem framkvæmdastjóri fyrirtækisins míns, H.F. Verðbréfa og gerðist þess í stað stjórnarformaður. Ég hafði verið í því láttlaust í sjö ár að byggja upp lítið fyrirtæki, sem krefst mikillar orku og ég var orðinn dálítið þreyttur. Þessi breyting á högum mínum varð til þess að ég sá fram á að gerlegt væri að taka mér slíka ferð á hendur og það er líklega það besta sem ég hef gert á ævinni.“

Ög hvernig var undirbúningi ferðarinnar háttað?

„Undirbúningur fyrir svona ferðalag krefst nokkurs fyrirvara, því það þarf að fara í sprautur, lesa sér til um væntanlega áfangastaði og ýmislegt fleira. Mér tókst nokkuð vel upp með skipulagninguna, þó ég segi sjálfur frá, með því að ákveða grófan ramma sem bauð upp á svigrúm til breytinga. Fyrst í stað liggur maður í ferðabókum og -síðum á borð við Lonely Planet, en svo tileinkar maður sér smátt og smátt ferðamennskuna og rennur bara á lyktina í lokin. Ég vissi að mig langaði til að upplifa nokkra hluti, til dæmis að sigla niður Yangtze-fljótið í Kína, taka lest þvert yfir Ástralíu og fleira, og hannaði svo ferðalagið í kringum þessa pósta. Ég lagði í hann í lok ágúst til Eystrasaltslandanna og svo til Moskvu, þaðan sem ég tók Síberíulestina í gegnum Mongólíu til Peking. Svo þvældist ég lengi um Asíu, var í Kína í nokkrar vikur og líka Japan, fór til Suður-Kóreu, Indlands, Hong Kong, Víetnam, Singapúr og eyddi svo jólum og áramótum í Balí. Þaðan fór ég yfir til Ástralíu, tók lest frá norðrinu og suður til Adelaide, var í Melbourne og Sidney og þvældist líka um Nýja-Sjáland í þrjár vikur. Ferðalaginu lauk ég svo með því að taka lest þvert yfir Bandaríkin, frá San Francisco til New York, þaðan sem ég flaug heim til Íslands.“

Einveran vandist fljótt

Varstu einn á ferð allan tímann?

„Já, allan tímann fyrir utan að



FERÐALANGUR Stærstan hluta sex mánaða langrar reisu sinnar um heiminn var Haldór Friðrik einn á ferð.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

vinur minn hitti mig í Moskvu og var með mér í Síberíulestinni, sem var afar ánægjuleg reynsla. Þetta er lengsta lestarferð heims og hægt er að fara hana á sex dögum í einum rykk, en við ákváðum að kaupa okkur miða sem bauð upp á tólf daga ferðalag með tveimur næturstoppum. Það var mjög gaman að hafa félagsskap í upphafi ferðarinnar, en svo venst það furðufljótt að vera einn á ferð. Eflaust er það afar einstaklingsbundið hvernig einveran leggst í fólk, en ég las mikið og sá margt á leiðinni. Þetta er töluvert langur tími til að ferðast einn og það gerist ýmislegt innra með manni.

Maður kynntist sjálfum sér upp á nýtt, rétt eins og maður kynntist fullt af öðru fólk í lestum og í raun hvar sem maður drepur niður fæti. Í rauninni leit ég á einveruna sem áskorun.“

Indland áhrifaríkast

Hvað stendur upp úr eftir svo víðamikli ferðalag um heiminn?

„Það er ansi margt og í raun eru allir þessir staðir sem ég heimsótti mjög áhugaverðir. En Indland hreyfði mest við mér og líklega var mesta sjokkið að koma þangað, sjá allar þessar andstæður og gríðarlega litríkt mannlífið. Tíminn sem ég var í Indlandi hafði

mest áhrif á mig, þótt hann hafi ekki verið þægilegastur. Svona reynsla fær mann til að endurmeta ansi margt og ég kann betur að meta ýmislegt hér heima á Íslandi eftir ferðalagið. Ég kippi mér ekki upp við það að brauðristin mín bili eftir að hafa sé ungbörn sofa á gangstéttum Mumbai að næturlagi. Umburðarlyndið eykst og í raun og veru er svona ferðalag ígildi góðrar menntunar, því það er örugglega meira þroskandi en maður gerir sér grein fyrir. Eins var magnað að skoða stríðsminjasafnið í Saigon og friðarsafnið í Hiroshima. Ég mæli sterlega með þeim söfnum.“

Þú mælir þá líklega með því að allir sem eiga tæk á að fara í slíkt ferðalag geri það?

„Já, hiklaust. Það er líka orðið svo miklu einfaldara að ferðast núna. Ég fór í þriggja mánaða reisu fyrir tuttugu árum og þá gat verið strembið að láta vita af sér, en núna gerir maður allt í gegnum netið, pantar öll flug, hótél og útvegjar jafnvel vegabréfsáritanir. Þetta er þúsund sinnum þægilegra en það var.“

Hefurðu í hyggju að fara aftur í svona ferðalag?

„Já, einhvern daginn vonast ég til þess að geta ferðast til Afríku, þar sem samkvæmið hófst nú til að byrja með, og sjá alla þá fjölbreytni sem sú heimsálfa hefur upp á að bjóða. Mér finnst í raun eins og ég hafi ekkert séð fyrr en ég sé Afríku.“

Áfram
vegin 2012



CHEVROLET

METAN+ CRUZE



Mánaðargreiðsla*
39.240kr.
CRUZE METAN+



METAN+
-borgar sig strax!

Bílabúð Benna tekur heilshugar þátt í eflingu á græna hagkerfinu með því að stuðla að nýtingu á innlendum orkugjöfum í samgöngum og bæta hag bíleigenda á Íslandi.


METAN+ Metan+ er heiti á breytingu sem framkvæmd er á nýjum bílum og stendur kaupendum Chevrolet til boða.

Þannig getur þú minnkað eldsneytiskostnað og dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda; þú græðir og græðir með METAN+.

CRUZE METAN+ / 5 dyra, bsk. kr. 3.390 þús.

Margir kostir við **Metan+** breytingu á Chevrolet Cruze:

- + Þú getur sparað allt að 50% í eldsneytiskostnaði
- + Þú kemst allt að 1000 km á fullum tanki af metani og bensíni
- + Þú færð ókeypis í bílastæði í Reykjavík
- + Þú notar íslenskan orkugjafa og dregur úr útblæstri á Co2
- + Bensíntankurinn, sem er 60 lítra, nýtist áfram ef þörf krefur



Frítt í
gjaldskyld bílastæði
Reykjavíkurborgar

**Bílabúð
Benna**

Sérfræðingar í bílum

Komdu og reynsluaktu Chevrolet í dag - Opíð laugardag frá kl. 12 -16



SPARK



AVEO



CAPTIVA



ORLANDO



VOLT



CAMARO

Bílabúð Benna - Tangarhöfða 8 - 590 2000 • Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - 420 3330 • Bílaríki - Glerárgötu 36 - Akureyri - 461 3636 • benni.is

Harpa reis á hárréttum tíma

Áhrif tónlistarhússins Hörpu eru mikil og varanleg, segir **Steinunn Birna Ragnarsdóttir** tónlistarstjóri. *Sigríður Björg Tómasdóttir* ræddi við Steinunni Birnu af því tilefni að ár er síðan húsið var opnað. Tímamótunum verður fagnað með opnu húsi á morgun.

Steinunn Birna Ragnarsdóttir tónlistarstjóri Hörpu tekur á móti blaðamanni Fréttablaðsins á skrifstofu sinni í Hörpu. Ár er liðið síðan tónlistarhúsið var opnað, hús sem almenníngur og tónlistarmenn höfðu beðið lengi eftir, en var einnig umdeilt, einkum vegna kostnaðar við framkvæmdina. Mikil aðsókn hefur hins vegar verið í húsið frá upphafi og segir Steinunn Birna það afar ánægjulegt.

„Það er ótrúlegt hvað húsinu hefur verið tekið vel. Auðvitað vissi maður sem tónlistarmaður að það væri uppsöfnuð þörf fyrir húsið og við biðum auðvitað ansi lengi eftir því. Eigi að síður fara móttökurnar fram úr mínum væntingum og ég vona svo sannarlega að húsið verði áfram svona vel sótt, fólk sé ekki bara að koma því það er nýtt og spennandi. Og raunar tel ég enga sérlega hættu á því. Við erum ekki í samkeppni við önnur hús, eins og stundum er raunin í nágrennalöndunum þegar ný tónlistarhús eru opnuð og sambærileg hús eru fyrir. En auðvitað er mikil aðsókn ekki sjálfgefin, við þurfum að halda áfram að vanda okkur og bjóða upp á fjölbreytt úrval tónlistar.“

Allir stoltir af Hörpu

Steinunn Birna segir einnig að gagnrýnisráddir þeirra sem óttuðust að húsið yrði ekki fyrir alla hafi hljóðnað en viðburðirnir í Hörpu spanna allt frá ráðstefnum og rokktónleikum til klassískra tónleika og framúrstefnulegrar tónlistar. „Þegar fólk sannfærðist um það að hér yrði fjölbreytt tónleikaval fyrir fólk með alls konar tónlistarsmekk og efnahagslega getu þá þögnuðu þessar ráddir. Það var alltaf ætlunin að hafa stefnuna þannig en eitt er að segja það og annað að framkvæma. Almenníngur hefur nú sannfærst um að Harpan er hús fyrir alla. Ég skynja að fólk er stolt af húsinu sem reis nákvæmlega þegar þess var mest þörf. Og það er virkileg ástæða til að vera stoltur af þessu húsi. Auðvitað hefur þetta ekki allt verið dans á rósum. En ég hef kosið að leiða hjá mér þegar gagnrýni á húsið og starfseminu hefur verið persónugerð, annað er ekki hægt ætli maður að sinna þessu starfi. Það gleymist hvort eð er allt í lok dagsins og hverfur í skuggann af velgengi hússins sem skiptir mig öllu máli.“

Steinunn Birna segir augljóst að húsið skipti sköpum fyrir íslenska tónlistarmenn. „Landslagið hefur breyst algjörlega. Tónlistarhúsið er afar vel kynnt erlendis, betur en margir gera sér grein fyrir. Hingað koma hljóðfæraleikarar í fremstu röð og hrósa því í hástert. Þannig



STEINUNN BIRNA RAGNARSDÓTTIR Leikur á hvarfjum degi á píanó þrátt fyrir annir í starfi í Hörpu, starfi sem hún segir vera ævintýri lífs síns.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

■ OPIÐ HÚS Á EINS ÁRS AFMÆLI

Opið hús verður í Hörpu á morgun, sunnudaginn 13. maí, í tilefni ársafmælis hússins. Boðið verður upp á fjölda tónlistarviðburða í húsinu bæði í sölum og opnum rýmum. Veitingastaðir og verslanir verða opnar auk þess sem Maximús Músíkús verður á vappi og heilsar upp á börnin.

DAGSKRÁ

14–16: Ungir tónlistarmenn í Hörpuhorninu á 2. hæð.

Ýmsir hópar tónlistarnemenda munu láta ljós sitt skína og gleða gesti með fjölbreyttum tónlistarflutningi. Meðal annars koma fram strengjakvartett, fiðluhópur og blásarasett.

17–21: Undiraldin í Silfurbergi á 2. hæð.

Fram koma hljómsveitirnar Tilbury, Kimono, Jónas Sig og ritvélur fram-tíðarinnar, Sin Fang, Sykur, Þórunn Antonía og Davíð Berndsen. Undiraldin er tónleikaröð Hörpu og 12 Tóna og hófst síðastliðið haust í því skyni að efla grasrótina í íslensku tónlistarlífi.

20–22: Stórsveit Reykjavíkur og European Jazz Orchestra leika í Eldborg.

spyrst það út meðal tónlistarmanna að það sé eftirsóknarvert að koma hingað og við eigum auðveldara með að fá til okkar erlenda gesti. Athygli erlendra gesta, hvort sem það eru tónlistarmenn eða blaðamenn, skiptir mjög miklu fyrir íslenskt tónlistarfólk og tónlistarlíf og mun örugglega verða til þess að það verða framfarir hjá tónlistarmönnum hér á landi. Það birtist til dæmis gagnrýni í Daily Telegraph daginn eftir að óperan frumsýndi La Boheme. Þannig er farið að bera

okkur saman við það sem best gerist í heiminum, ekki bara á Íslandi, og í kjölfarið víkkar viðmiðið sem hlýtur að skila sér í framförum hjá íslenskum tónlistarmönnum.“

Spennandi tímar framundan

Húsið hefur frá upphafi verið vel nýtt. „Sætanýting hefur verið mjög mikil, hátt í 90 prósent og vonandi heldur þessi góða aðsókn áfram. Í það minnsta er ekkert lát á bókunum og við erum að bóka sali mörg ár fram í tímann,“ segir

Steinunn Birna sem segir margt spennandi á döfinni í Hörpu. „Sóknarfærin eru svo mörg. Til dæmis í ráðstefnuhaldi, sá þáttur mun vitanlega styrkjast enn frekar þegar hótelið við hlið Hörpu rís. Svo ætlum við að gera mikið fyrir erlenda ferðamenn í sumar. Við verðum með eitthvað á hverjum einasta degi fyrir þá, skoðunarferðir um húsið, gamanleik á ensku um hvernig á að verða Íslendingur á 60 mínútum og svo verða tónleikar svo til daglega. Það er mjög mikilvægt fyrir okkur að leggja natni við þetta verkefni nú fyrstu árin, reynsla nágrenna okkar sýnir að fyrstu tvö árin séu mjög mikilvæg í lífi svona húss og við þurfum að vinna vel og ná til ferðamanna. En það er auðvitað fjölmargt annað á döfinni. Ég vonast til dæmis til þess að Berlínarfílharmónían komi hingað í haust og er að vinna í því.“

Halldór Guðmundsson tekur bráðum við starfi sem forstjóri Hörpu sem Steinunn Birna segir fagnaðar-efni. „Koma hans verður mikill fengur fyrir húsið, hann er reynslumikill og það verður ánægjulegt að fá hann hingað til starfa,“ segir hún.

Spurð hvað standi upp úr þegar litið er yfir árið segir Steinunn Birna af mörgu að taka. „Hér hafa

verið haldnar stórar og framsæknar tónlistarhátíðir eins og Tectonics, hingað kom Sinfóníuhljómsveit Gautaborgar og lék undir stjórn eins fremsta stjórnanda heims, Gustavo Dudamels, og svo mætti lengi telja. En ætli það standi ekki upp úr hversu vel húsinu hefur verið tekið og að þær vonir sem ég hafði fyrir hússins hönd hafi ræst.“

Ævintýri lífs míns

Steinunn Birna er píanóleikari og segir að þrátt fyrir annir í Hörpu gefi hún sér alltaf tíma til þess að leika á píanóið. „Fyrir mig er það lífsspursmál að spila, ég æfi mig á hverjum degi og myndi hreinlega veslast upp ef ég gerði það ekki. Ég hef haldið mínu striki að spila og taka upp þó að aðalstarf mitt núna sé að vera tónlistarstjóri Hörpu og ég spili eðlilega talsvert minna opinberlega en áður. Það má líka segja að ég sé í mínu draumastarfi. Ég hef tekið þátt í draumnum um íslenskt tónlistarhús frá því að ég fór í minn fyrsta píanótíma barnung. Mér verður oft hugsað til þeirra sem börðust fyrir byggingu tónlistarhúss en lifðu ekki að sjá það, mér þykir það mikill heiður að sinna þessu starfi og get sagt með sannni að þetta hús sé ævintýri lífs míns.“

BT ...það er allt betra í tæki frá

- söngvakeppni?
- fótbolti?
- eitthvað annað?

SAMSUNG

gæði og gott verð

stærðin skiptir máli!!

Samsung LED TV 2012 Samsung plasma TV 2012

BT Skeifunni - BT Glerártorgi s. 550-4444 - www.BT.is

Hvað höfum við gert ykkur?



Á þessi fjölskylda að líða fyrir það
að fyrirvinnan er sjómaður?

Er það stefna ríkisstjórnarinnar að ganga af sjómönnum og fjölskyldum þeirra dauðum? Hún byrjaði að taka af sjómannafláttinn í áföngum og nú reiðir hún náðarhöggið af með arfavitlausu fiskveiðistjórnarfrumvarpi, sem mun endanlega ríða okkur að fullu.

**Þessari aðför að sjómönnum
mótmælum við!**



**SJÓMANNA- OG VÉLSTJÓRAFÉLAG
GRINDAVÍKUR**



VESTFIRÐIR Séð yfir Súgandafjörð til vinstri og inn í Vatnadal til hægri.



NORÐURLAND Horft yfir suðurhluta Grímseyjar.

Ísland úr heiðskíru lofti

Það er fátt fegurra en íslensk náttúra á björtum vordegi. *Pjetur Sigurðsson* ljósmyndari Fréttablaðsins fékk að upplifa það þegar hann slóst í för með Landhelgisgæslunni við hefðbundið eftirlitsflug umhverfis landið.

› **vísir** Fleiri myndir úr ferðinni má sjá á Vísí

FRAMHALD Á SÍÐU 36



AUSTURLAND Eyjan Hvalbakur, úti fyrir Berufirði.



AUSTURLAND Talið frá vinstri, Mjóifjörður, Seyðisfjörður og Loðmundarfjörður. Vitinn á Dalatanga er fremst á myndinni.

NÝKOMIN SENDING AF HÚSGÖGNUM FRÁ HÜLSTA



ATH. ÝMSAR VÖRUR Á
TILBOÐI Í VERSLUNINNI.
VERIÐ VELKOMIN.

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

HEIMA
HÚSIÐ

Opið virka daga 10-18
laugardaga 11-16

Ordragefi mood lifum
GALLERY GÓLF
PARKET • FLÍSAR

FRAMHALD AF SÍÐU 34



VESTFIRÐIR Séð yfir Hornstrandir og Hornbjarg fremst á myndinni. Fjær er Ísafjarðardjúp og fjöllin sunnan þess.



VESTURLAND Norðurnes og Melnes á sunnanverðu Snæfellsnesi.



SUÐURLAND Múlakvísl skammt fyrir austan Vík í Mýrdal.



SUÐURLAND Dyrhólaey.

LAUGARDAGUR 12. MAÍ 2012

HESTAFERÐIR

& REIÐNÁMSKEIÐ

Kynningarblað Jóhann Sigurðarson og hestarnir,
afmæli Íshesta, reiðföt, gangtegundir, hestakerrur.





Hestar og menn er sérverslun fyrir hestamenn og annað útivistarfólk. MYNDR/VILHELM

Fyrir hestamennina og alla hina

Verslunin Hestar og menn kappkostar að bjóða upp á vörur á lágu verði. Í versluninni er gott úrval af reiðtygjum og og öðru sem tilheyrir hestamennskunni. Einnig er gott úrval af fatnaði sem er sérstaklega saumaður fyrir verslunina. Fólk þarf þó ekki að vera í hestamennsku til að finna sér fatnað í versluninni því þar má finna yfirhafnir, peysur og hanska svo eitthvað sé nefnt sem henta við öll tækifæri hvort sem leiðin liggur á hestbak, í útilegu eða bara niður Laugavegin í Reykjavík. Má þar til dæmis nefna fatalínu frá litlu ítölsku fjölskyldufyrirtæki og ástralska fyrirtækinu Scippis.

Í versluninni má einnig finna íslenskt handverk:

- Faxa-húfurnar hennar **Mörðu Sonju**.
- Vörulínuna frá **Aunt Design**.
- Vinsælu peysurnar hennar **Maríu Lovísu**.
- Hálsmenin og lyklakippurnar hennar **Sjafnar** ásamt lopa-peysum, lopavestum, húfum krögum og fleiru.



Góður útivistarfatnaður í versluninni.

Nánari upplýsingar um verslunina má finna á slóðinni hestarogmenn.is.

Líf, fjör og fróðleikur

Reiðskóli Reykjavíkur býður upp á reiðnámskeið fyrir fimm til sextán ára börn í sumar. Menntaðir reiðkennarar leiðbeina öllum hópum.

Sumarnámskeið Reiðskóla Reykjavíkur eru að fara af stað á félagssvæði Fáks í Víðidal. Boðið er upp á námskeið fyrir fimm til sextán ára og hægt er að velja á milli byrjendanámskeiða, framhaldsnámskeiða eitt og tvö, gangskiptinganámskeiðs og ævintýranámskeiðs. Hægt er að velja um námskeið fyrir eða eftir hádegi. „Börnin eru hjá okkur hálfan daginn í tvær vikur. Við útvegum allan útbúnað, reiðtygi, hjálma og öryggisvesti. Börnin þurfa að koma klædd eftir veðri og með nesti. Hver nemandi er með sama hestinn út námskeiðið og nær því að mynda góð tengsl við hann. Nemandur geta einnig tekið með sér sína eigin hesta og hefur það gefið mjög góða raun,“ segir Edda Rún Ragnarsdóttir annar eigenda skólans.

Menntaðir reiðkennarar eru í hverjum hópi og eigendur skólans eru margfaldir Íslands- og heimsmeistarar. „Reiðskólinn býður gott verð, tveggja vikna námskeið þar sem allt er innifalið kostar 24 þúsund krónur hjá okkur,“ segir Edda Rún.

„Við leggjum mikla áherslu á að börnin séu vel reiðfær eftir námskeið hjá okkur. Við förum vel í ásetu og stjórnun hestsins,“ segir Edda Rún. Kennslan í skólanum skiptist í verklega og bóklega kennslu en



Hver nemandi er með sama hestinn út námskeiðið og nær því að mynda góð tengsl við hann. MYND/MARIANNA GUNNARSÐÓTTIR

er að mestu byggð upp á verklega þættinum. Í bóklega þættinum er farið í mun á gangtegundum hestsins, hestalitina og alla umgengni við hesta. Í lok reiðnámskeiðsins er sýning hjá þeim sem eru í byrjendahópi og í framhaldi eitt og er foreldrum boðið að koma og sjá hvað barnið hefur lært á námskeiðinu.

Meðal nýjunga hjá Reiðskólanum er svokallað ævintýranámskeið. „Þetta námskeið er fyrir börn sem eru vön. Lögd er áhersla á mjög langa reiðtúra og hvernig ber að hirða hestinn



Edda Rún Ragnarsdóttir er annar eigandi skólans.

á ferðalögum. Farið verður upp og niður brekkur, yfir ár og í alls kyns óvæntar ferðir,“ segir Edda Rún.

Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu skólans, reiðskoli.is. Þar er einnig hægt að skrá þátttakendur.



Hvernig er íslenski hesturinn á litinn?

Litir eru fyrir flestum frekar klippt og skorið fyrirbrigði, brúnn er bara brúnn og bleikur bleikur og svo framvegis. Þegar kemur að litum hesta er málið alls ekki svo einfalt. Litir íslenska hestsins eru mjög fjölbreyttir og eru nokkur afbrigði undir hverjum litaflokki.

Grunnlitirnir eru tveir, rauður og brúnn. Rauður hestur getur verið allt frá því að vera förlauður yfir í sótrauður. Liturinn á faxi hans og tagli eru oft svipaður og búkurinn. Hófarnir eru dökkgráir. Bleikur hestur er ljósari en sá rauði, húðin er ljósari, sömuleiðis nasavængir, flipi og hófar.

Þegar farið er að tala um brúna hesta flækjast málin enn frekar. Brúnn litur getur verið frá ljósbrúnum yfir í tinnusvartan. Það er ekki talað um að hestar séu svartir nema hvert hár á líkama þeirra sé kolsvart, þá fær hesturinn að heita svartur annars brúnn. Þegar hestur er brúnn eru fax og tagl oftast eins og búkurinn. Jarpur hestur er með brúnan grunnlit en tagl, fax og hófar eru oft dekkri en bolurinn. Jarpt getur þó verið mismunandi að lit svo sem dökkjarpt og rauðjarpt.

Yfirleitt er ekki talað um hvíta hesta heldur gráa. Grátt getur komið fyrir með öllum litum, folöld fæðast með ákveðinn



Þessi hestur er grár þó margir myndu kalla hann hvítan. NORDIC PHOTOS/GETTY

grunnlit en smám saman fara hvít hár að koma fram og að lokum hverfur grunnliturinn og hrossið verður hvítt.

Hvítir hestar eru þó til en þeir eru albinóar og hafa engin litar-efni í sér.

Auk þessara lita eru til fjölmörg tilbrigði og auðkenni. Af þessu má sjá að það er alls ekki svo einfalt fyrir leikmann að svara eins einfaldri spurningu og þeirri sem borin var fram hér fremst í greininni.

Gott ferðalag hesta og manna

Kröfuharðir hestaeigendur velja **Hestakerrur.is** sem fyrsta valkost þegar leigja á fyrsta flokks hestakerru. Þar er þeim mætt af áreiðanleika, trausti, fagmennsku og á samkeppnishæfu verði.

Flestir þurfa hestakerru fjórum til átta sinnum á ári; í hagabeit að vori, í hús að vetri, í ferðalög að sumri eða tilfallandi á spítala. Það margborgar sig að leigja kerru frekar en að eiga ef notkun er innan við tíu skipti á ári, sé horft á fjárfestingar- og rekstrar-kostnað,“ segir viðskiptafræðingurinn og meiraprófsbilstjórinn Ingólfur K. Guðmundsson sem stofnaði fyrirtækið Hestakerrur.is á haustdögum 2009.

Ingólfur hefur verið í hestum allt frá barnæsku og er nú reynslumikill í notkun hestakerra með eigin hesta og annarra.

„Ég byrjaði með útleigu á þriggja og sex hesta kerru, en skipti síðar út stærri kerrunni fyrir léttari fimm hesta kerru til að mæta þörfum viðskiptavina,“ útskýrir Ingólfur.

Þess má geta að Hestakerrur.is er eina kerruleigan sem býður fimm hesta kerru og nú í sumarbyrjun bætist við létt kerra fyrir tvo hesta.

„Kerrurnar okkar eru vandaðar og léttar í drætti. Þær eru stöðugar á ferð, meðfærilegar í umgengni og með góðri loftræstingu. Eftir hverja útleigu eru þær yfirfarnar svo tryggja megi öryggi leigutaka og gæði kerranna hverju sinni,“ segir



Ingólfur K. Guðmundsson er eigandi Hestakerra.is. Í baksýn má sjá glæsilegar þriggja og fimm hesta kerrur hans að utan. MYND/PJETUR

Ingólfur og bætir við að reglubundið viðhald sé framkvæmt af viðurkenndum þjónustuaðilum.

Kerrurnar eru kaskótryggðar með lágmarks sjálfsábyrgð án sérstaks endurgjalds.

„Við viljum að hestaeigendur geti gengið að persónulegri og öruggri þjónustu vísri hjá sama aðila. Markmið okkar er að fara fram úr væntingum viðskiptavina. Þannig lögum við meðal annars rafmagnstengi bifreiða og stillum hæð dráttarkróa eða kúlutengis svo að kerrurnar séu í láréttri hæð við bílana og góðir aksturseginnleikar tryggðir,“

segir Ingólfur sem meðal hestaeigenda er bæði virtur og þekktur þjónustuaðili.

„Ánægðum fastaviðskiptavinum fjölga ár frá ári sem segir okkur að við stöndumst væntingar flestra. Við sýnum metnað í hverju því sem við tökum okkur fyrir hendur, erum framsækin og uppfyllum þarfar viðskiptavina. Við erum áreiðanleg hverju sinni og bjóðum fyrsta flokks hestakerrur sem hægt er að treysta.“

Nánari upplýsingar á www.hestakerrur.is, í síma 6187788 eða í tölvupósti á hestakerrur@hestakerrur.is.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

FJÖR Í VATNSMÝRINNI

Vatnsmýrarhátíð Norræna hússins er haldin í dag kl. 13. Hátíðin er sniðin að fjölskyldunni og er margt í boði innanhúss og utan dyra. Boðið verður upp á hestaferðir, grill, tónlist og andlitsmálningu.



www.gabor.is - facebook.com/gaborserverslun

Gæði & Glæsileiki

Mikið úrval af fallegum skóm og töskum



Sérverslun með

Gabor 25 ár á Íslandi

FÁKAFENI 9 - Sími: 553 7060
Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16

SJÚKDÓMUR SEM LEYNIÐ ER Á SÉR

GIGTARFÉLAG ÍSLANDS KYNNIR Vigdís Kristín Ebenezersdóttir greindist með vefjagigt fyrir tæpum þremur árum. Hún fagnar alþjóðlegum degi vefjagigtar í dag og telur umræðuna mikilvæga til að slá á fordóma.

Vigdís starfar með áhugahópi vefjagigtarsjúklinga innan Gigtarfélags Íslands. Félagsskapurinn var endurnýjaður í febrúar og hafa fundir verið vel sóttir. Talið er að allt að 20.000 manns þjáist af vefjagigt á Íslandi. „Við deilum reynslu, ráðum og fjöllum um hvernig það er að lifa með langvinnu sjúkdómi. Gigtarfélagið hefur einnig boðið upp á áhugaverða fyrirlestra varðandi sjúkdóminn,“ segir Vigdís.

„Ég fékk greiningu árið 2009 en áður hafði ég lagt á mig að greinast umtalsvert en skildi ekki af hverju verkirnir hurfu ekki. Ég hélt að þeir væru þyngdinni að kenna. Þá fór ég að lesa fróðleik á heimasíðu Gigtarfélagsins og fann þar lýsingar á vefjagigt sem áttu nákvæmlega við mína verki og líðan. Ég fór því til gigtarlæknis og fékk greiningu á sjúkdómnum,“ útskýrir Vigdís.

VERKIR OG PREYTA

Hún bætir því við að sjúkdómurinn sé erfiður þar sem verkirnir séu um allan líkamann, mikil þreyta fylgir oft og fleiri kvillar. Þessi sjúkdómur leggst mjög misjafnlega á fólk og sumir haldast í fullri vinnu á meðan aðrir geta ekkert unnið. Ég var í mikilli vinnu áður en ég greindist og var farin að finna til víðs vegar um líkamann. Í upphafi árs 2009 varð ég að taka veikindaleyfi vegna verkja og þreytu. Ég átti erfitt með daglegar athafnir, bara það að fara í bað var mjög mikið mál,“ segir Vigdís.

Þegar hún er spurð hvernig hún hafi brugðist við sjúkdómssgreiningunni, svarar hún því til að hreyfing sé lykilatriði. „Helsti sérfræðingur okkar á þessu sviði segir að fræðsla sé afar mikilvæg fyrir vefjagigtarsjúklinga, hreyfing komi þar næst, góður svefn, hugræn atferlismeðferð og lyf. Ég var búin að breyta mataræðinu áður en ég greindist og hef verið meðvituð um það frá því um tvítugt þegar ég fann fyrst fyrir neikvæðum áhrifum af ákveðnum matartegundum. Ég forðast msg-kryddið en ég finn hversu illa það fer í mig. Ef ég drekk kók fæ ég þjóg en það er einstaklingsbundið hvað fólk þolir. Maður verður að prófa sig áfram.“



Vigdís er óvinnufær en er að læra að lifa með sjúkdómnum. Hún ákvað að nýta tímann til náms og segir að það hafi gefið sér mikið. „Ég hef verið í hlutanámi í náms- og starfsráðgjöf.“

„Það er áriðandi að koma sjúkdómnum í þjóðfélagsumræðu með degi tileinkuðum honum þar sem margir hafa mikla fordóma gagnvart vefjagigtinni. Sjúkdómurinn er flókinn og það er erfitt að skilja einkenni hans, meira að segja þeir sem eru að glíma við vefjagigtina eiga erfitt með það. Annan daginn er maður frá af verkjum en næsta dag nánast tilbúinn í maraþon,“ segir Vigdís Kristín.

SLÆR Á FORDÓMA
Vigdís Kristín telur daginn í dag mikilvægan fyrir fólk sem þjáist af vefjagigt.
MYND/STEFÁN

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.



Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á vísi.

Meiri Vísir.

VÍSIR

HÓTEL STJÓRNUN
HOTEL MANAGEMENT

for further information
visit www.cesarritz.is
or phone the office at
594 4000

WWW.MK.IS

Nánari upplýsingar á www.cesarritz.is
og á skrifstofu skólans í síma 594 4000

NÁM Á HÁSKÓLASTIGI • UNIVERSITY LEVEL

Viltu starfa á alþjóðavettvangi?
Do you want to work abroad?

Spennandi námsmöguleiki fyrir nemendur sem lokið hafa stúdentsprófi og/eða iðnnámi í matvælagreinum.

Nemendur útskrifast með alþjóðlegt skírteini í hóteltjórnu og geta í framhaldi lokið BA námi í Sviss.

Námið fer fram á ensku.

An exciting new option for those who hold a university entrance certificate or a vocational certificate in the hospitality industry. Students graduate with a certificate in Hotel and Restaurant Operations and may continue their studies towards a BA degree at César Ritz Colleges in Switzerland.

INNTRITUN STENDUR YFIR! ENROL NOW!

César Ritz



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN

FERDAMÁLASKÓLINN

LEIDSÖGUSKÓLINN





HLAUPIÐ TIL FRÍÐAR OG SAMEININGAR

Ungt fólk hleypur til fríðar frá Austurvelli í dag

Run4Unity er yfirskrift alþjóðlegs hlaups fyrir ungt fólk sem Fokolare-samtökin standa fyrir í dag. Hlaupið hefst á tímabelti Ástralíu klukkan þrjú og stendur yfir í klukkutíma. Þegar því lýkur klukkan fjögur tekur næsta tímabelti við og þannig koll af kolli þar til búið er að hlaupa um öll tímabelti jarðar. Tilgangur hlaupsins er að ungt fólk af mismunandi þjóðerni, menningu, og trúarbrögðum víðs vegar um heim fái tækifæri til að sýna stuðning sinn við fríð og sameiningu með því að hlaupa eða hreyfa sig á einhvern hátt saman. Lagt verður af stað frá Austurvelli klukkan 13 og mun hlaupið eða hreyfistundin standa yfir til 14.30. Ýmsar upptökur verða víðs vegar um heim sem hægt er að fylgjast með í gegnum internetið. Nánari upplýsingar má finna á fokolare.is og run4unity.net.



Í VINNUNNI
Árið 2002 hætti Valdimar í handbolttanum og keypti fyrirtækið Listadún-Marco og Vouge.

ÁVALLT VALSARI

NÝTIR TÍMANN VEL Gamalkunni handboltakappinn og Valsarinn Valdimar Grímsson ætlar að skella sér á opinn vinnufund hjá Val um helgina, vinna í garðinum og ríða út.

Mikið er að gera hjá Valdimari Grímssyni þessa dagana. Hann ætlar meðal annars að fara á einstakan stefnumótunarfund íþróttafélagsins Vals í dag. „Þetta er opinn stefnumótunarfundur fyrir fólk sem er viðriðið íþróttafélagið Val að einhverju leyti. Þarna gefst til dæmis foreldrum, íbúum hverfisins, skólayfirvöldum eða leikmönnum og öðru innanbúðarfólki Vals kostur á að hafa áhrif á stefnu félagsins til framtíðar sem er nýbreytni. Venjan hefur verið sú að þessi stefnumörkun hefur farið fram í lokuðum kjarnahópi.“ Valdimari leist vel á hugmyndina að fundinum og frestaði því öllum öðrum plönnum til að mæta og leggja sitt af mörkum.

„Ég vil hvetja alla til að hugsa meira um hvað þeir geti gert fyrir félagið en ekki hvað félagið geti gert fyrir þá. Skráningu á fundinn er því miður lokið en fólk er hvatt til að fylgjast með niðurstöðum hans.“

Í dag er Valdimar ekki viðriðinn Val að öðru leyti en að vera opinber styrktaraðili og sækja leiki félagsins. „Ég bý í Garðabænum eins og er og börnin mín eru í Stjörnunni en ég hætti samt sem áður ekkert að vera Valsari. Eitt sinn Valsari ávallt Valsari.“

Árið 2002 hætti Valdimar í handbolttanum og sneri sér alfarið að eigin atvinnurekstri þegar hann keypti fyrirtækið Listadún-Marco og Vouge sem sérhæfir sig í öllu sem viðkemur heimilinu; heilsurúmum, húsgögnum, gardinum og fleiru. „Við höfum verið að hanna og þróa íslensku heilsudýnuna Mediline sem við sérsníðum að þörfum hvers og eins á aðeins tveimur dögum. Það góða, ef það er hægt að segja að eitthvað hafi verið gott við hrúnið, er að umhverfið breyttist þannig að við gátum farið að einbeita okkur að íslenskri þróun og framleiðslu á hágæða heilsudýnum.“

Valdimar ætlar líka að vinna í garðinum hjá foreldrum sínum um helgina.

„Við systkinin ætlum að hittast í smá garðvinnu hjá foreldrum okkar og hjálpa gömlu hjónunum. Svo ætla ég að ríða út.“

Fyrir sex árum tók Valdimar ástfóstri við hestamennsku og helti sér út í það áhugamál af fullum krafti. „Þetta byrjaði með því að gamall æskufélagi minn Tómas Ragnarsson heitinn dró mig með í reiðtúra í frítíminum. Á endanum var ég orðin forfallinn hestamaður og þá tók hann upp á því að kveðja jarðríkið.“ Upp frá því hefur Valdimar stundað hestamennsku af ástríðu og ríður út við hvert tækifæri. Spurður hvort hestamennskan sé ekki tímafreak segir Valdimar. „Stundum er nauðsynlegt að gefa sér tíma fyrir hlutina og muna að maður á bara eitt líf.“

MEÐ VALS-HJARTA

„Ég bý í Garðabænum eins og er og börnin mín eru í Stjörnunni en ég hætti samt sem áður aldrei að vera Valsari. Eitt sinn Valsari ávallt Valsari.“

VILL GEFA AF SÉR

Valdimar er borinn og barnfæddur Valsari sem vill hafa áhrif á uppbyggingarstarf síns gamla íþróttafélags.



Nýi tónlistarskólinn

auglýsir eftir umsóknum um nám í skólanum fyrir skólaárið 2012-2013

Ásamt forskóla og einsöng er kennt á eftirtalin hljóðfæri:

píanó selló
suzuki-fiðlu þverflautu
fiðlu gítar
harmónikku



Umsóknafrestur rennur út 25. maí
Upplýsingar á nýtonlistarskolin.is og í síma 553-9210 frá 13-18

Nýi tónlistarskólinn • Grensásvegi 3 • 108 Reykjavík

GLÆNÝ OG STÓRGLÆSILEG *Fimm stjörnu ferðafrelsi!*

MUSICA 503 HÁGÆÐA HJÓLHÝSI FRÁ
ERU KOMIN TIL LANDSINS!



P.Karlsson er umboðsaðili þýska gæðamerkisins LMC á Íslandi. LMC leggur metnað sinn í framleiðslu á gæðavögnum þar sem fágúð hönnun fer saman við frábæra smíð. Fimm stjörnu ferðafrelsi á góðu verði!



Sjón er sögu ríkar!
Verið velkomin
í nýjan sýningarsal okkar að
Ögurhvarfi 2, Kópavogi.



P. KARLSSON EHF.

Sími: 517-5200
pkarlsson@pkarlsson.is
www.pkarlsson.is
www.lmc.is

Opíð:
Mánudaga-föstudaga: 10-18
Laugardaga: 12-16
Sunnudaga: 13-17



FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í forni viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is** s 512 5473
- Þrjár stöður leikskólakennara. Um er að ræða þrjár 100% stöður með vinnutíma frá kl. 08:00-16:00. Við leitum eftir starfsfólki sem getur hafið störf um miðjan ágústmánuð.

Við leikskólann er unnið metnaðarfullt starf þar sem barnið er í brennidepli. Leitað er eftir öflugum starfsfólki sem hefur gaman af börnum, býr yfir góðri samskiptahæfni og hefur ríka þjónustulund. Einnig er skipulagshæfni og jákvæðni mikilvægur kostur. Umsóknarfrestur er til 18. maí 2012.

Umsóknum skal skilað til: Leikskólustjóri Lækjarbrekku Brunngötu 3 510 Hólmavík	Frekari upplýsingar veitir: Ingibjörg Alma Benjaminsdóttir, leikskólustjóri í síma 451 3411. Einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið: leikskolastjori@holmavik.is
--	---



Hjúkrunarforstjóri

Starf hjúkrunarforstjóra Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Silfurtúns í Búðardal er laust til umsóknar.

Umsækjendur skulu hafa háskólapróf í hjúkrunarfræði, nám og/eða reynsla í stjórnun er kostur. Ráðið verður í starfið frá 1. september 2012.

Umsóknarfrestur er til og með 31. maí nk.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið sveitarstjori@dalir.is eða á skrifstofu Dalabyggðar, Miðbraut 11, 370 Búðardal. Nánari upplýsingar veitir Sveinn Pálsson sveitarstjóri í síma 430 4700

Grunnskólakennari

Við grunnskóladeild Auðarskóla í Búðardal eru lausar stöður grunnskólakennara frá og með næsta skólaári. Meðal kennslugreina eru smíði, enska og almenn bekkjarkennsla.

Umsóknarfrestur er til 26. maí.

Nánari upplýsingar veitir Eyjólfur Sturlaugsson skólustjóri í síma 434-1133 eða á netfanginu eyjolfur@audarskoli.is. Viðamiklar upplýsingar um skólann er að finna á www.audarskoli.is

Leikskólakennari

Við leikskóladeild Auðarskóla eru lausar stöður leikskólakennara frá og með 1. ágúst næstkomandi. Umsóknarfrestur er til 26. maí.

Nánari upplýsingar veitir Eyjólfur Sturlaugsson skólustjóri í síma 434-1133 eða á netfanginu eyjolfur@audarskoli.is. Viðamiklar upplýsingar um leikskólann er að finna á www.audarskoli.is

Deildarstjóri á leikskóla

Við leikskóladeild Auðarskóla er laus staða deildarstjóra frá og með 1. ágúst næstkomandi. Umsóknarfrestur er til 31. maí nk.

Nánari upplýsingar veitir Eyjólfur Sturlaugsson skólustjóri í síma 434-1133 eða á netfanginu eyjolfur@audarskoli.is. Viðamiklar upplýsingar um leikskólann er að finna á www.audarskoli.is

Matvælafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir bílstjóra með meirapróf í sumarafleysingar, með möguleika á áframhaldandi vinnu.

Sendið ferilskrá á starf123@gmail.com

Leikskólakennarar óskast

Leikskólinn Gefnarborg er einkarekinn fjögurra deilda leikskóli í Garði.

Í leikskólanum er unnið metnaðarfullt starf þar sem mikil áhersla er á virðingu og jákvæð samskipti. Í starfinu er stuðst við kenningar Howard Gardners og sérstök áhersla á fjölmenningu og umhverfismennt.

Í starfsmannahópinn vantar deildarstjóra og leikskólakennara á deild.

Æskilegar menntunar- og hæfniskröfur eru:

- Háskólagráða í leikskólakennarafræðum eða önnur uppeldismenntun
- Góð færni í samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

Umsóknarfrestur er til 24. maí 2012.

Umsóknareyðublað er hægt að nálgast á heimasíðu leikskólans <http://www.leikskolinn.is/gefnarborg>

Nánari upplýsingar veita leikskólastjóri og rekstraraðili í síma 422- 7166



Fræðslu- og velferðarsvið Húnaþings vestra auglýsir eftirfarandi störf til umsóknar:

Leikskólinn Ásgarður:

Aðstoðarleikskólastjóra í 100% starf frá 1. ágúst og leikskólakennara í 60% starf frá 15. ágúst. (tímabundið til eins árs með möguleika á framtíðarráðningu) á Borðeyri/Hvammstanga.

Umsækjendur þurfa að hafa eftirfarandi þætti til að bera:

- Leikskólakennaramenntun er æskileg
- Áhuga á samþættingu í starfi leik- og grunnskóla
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Góða samstarfs- og skipulagshæfileika

Framundan er spennandi þróunarvinna í samþættingu skólastarfs á leik- og grunnskólastigi á Borðeyri með miklu samstarfi við leikskólann Ásgarð og Grunnskóla Húnaþings vestra á Hvammstanga. Upplýsingar um skólastarfið má finna á www.leikskolinn.is/asgardur. Frekari upplýsingar veitir Guðrún Lára Magnúsdóttir leikskólastjóri í sínum: 455-2343 eða 891-8264

Umsóknarfrestur er til og með 27.maí 2012

Atvinnuumsóknir ásamt ferilskrá og meðmælendum skulu sendar á netfangið eydis@hunathing.is

Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningi launafélaga og viðkomandi stéttarféлага. Í samræmi við jafnréttisstefnu Húnaþings vestra eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störfin. Almennar upplýsingar veitir Eydis Aðalbjörnsdóttir fræðslu- og félagsmálastjóri Húnaþings vestra, sími: 455-2400.

Hvammstangi í Húnaþingi vestra er stærsti þéttbýliskjarni sveitarfélagsins með um 600 íbúa en íbúar í Húnaþingi vestra eru um 1.200. Hvammstangi er í alfara-leið, aðeins 6 km. frá Þjóðvegi 1 og í u.þ.b. tveggja klst. akstursfjarlægð frá Reykjavík og Akureyri. Í Húnaþingi vestra er til staðar öll almenn opinber þjónusta auk annarrar fjölbreyttrar þjónustu. Möguleikar til útivistar, íþróttar, afþreyingar og félagsstarfa eru fjölmargir og því er Húnaþing vestra góður búsetukostur fyrir fjölskyldufólk. Skólar í Húnaþingi vestra eru grænánaskólar. Þeir eru staðsettir á Hvammstanga, Laugarbakka og Borðeyri.

Grunnskóli Húnaþings vestra:

Grunnskólakennara í 100% starf frá 1. ágúst (afleysing til eins árs). Kennslugreinar danska og náttúrufræði.

Tvo stuðningsfulltrúa á miðstigi og skólaliða frá 15. ágúst. Möguleiki á samþættingu starfa þannig að úr verði tvö heil stöðugildi (tímabundið til eins árs með möguleika á framtíðarráðningu).

Umsækjendur þurfa að hafa eftirfarandi þætti til að bera:

- Grunnskólakennaramenntun er æskileg.
- Áhuga á þverfaglegri teymisvinnu með nemandann að leiðarljósi.
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Góða samstarfs- og skipulagshæfileika

Framundan er spennandi þróunarvinna þar sem mikil áhersla er á þverfaglegri teymisvinnu með nemandann að leiðarljósi. Upplýsingar um skólastarfið má finna á www.skolatorg.is/kerfi/hunathingvestra/skoli/. Frekari upplýsingar veitir Sigurður Þór Ágústsson skólastjóri í sínum: 455-2911 eða 862-5466

•• VILTU GANGA Í LIÐ MEÐ ÖSSURI?



Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja. Hjá Össuri starfar fjölbreyttur og hæfileikaríkur hópur öflugra starfsmanna. Við leitum að fólki til að ganga í lið með okkur og takast á við spennandi störf hjá einu framsæknasta fyrirtæki landsins. Störfin fela í sér fjölbreytt verkefni og mikil samskipti við starfsmenn annarra sviða og/eða starfsstöðva víða um heim. Krafið er hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæðis og sjálfstæðis í vinnubrögðum. Gildin sem við höfum að leiðarljósi eru Heiðarleiki • Hagsýni • Hugrekki.

VERKEFNASTJÓRI

Við leitum að hugmyndaríkum, metnaðargörnum og skapandi einstaklingi til starfa í þróunardeild. Starfið felur í sér fjölbreytt og krefjandi verkefni.

Starfssvið

- Verkefnastjórnun á sviði vöruþróunar og vörubreytinga í fjölbreyttum og þverfaglegum verkefnateymum
- Uppsetning verkefnaáætlana og framfylgd þeirra
- Umsjón með skjölun og skjalastjórnun í verkefnum

Hæfniskröfur

- B.Sc. eða M.Sc. í verk- eða tæknifræði
- Að minnsta kosti 5 ára starfsreynsla á sviði verkefnastjórnunar
- Menntun á sviði verkefnastjórnunar er kostur
- Reynsla í Microsoft Project
- Mjög góð enskukunnátta

LAUNAFULLTRÚI

Við leitum að reynslumiklum og áhugasömum einstaklingi til starfa við launavinnslu í starfsmannadeild.

Starfssvið

- Launavinnsla og frágangur launavinnslu
- Umsjón með tímaskráningarkerfi
- Ýmis önnur verkefni

Hæfniskröfur

- Góð reynsla af launavinnslu
- Reynsla af tímaskráningarkerfi (Bakvörður)
- Þekking á Navision kostur
- Góð enskukunnátta

Allar nánari upplýsingar veitir starfsmannadeild í síma 515-1300. Umsókn ásamt ferilskrá óskast send á netfangið work@ossur.is fyrir 20. maí 2012. Vinsamlegast setjið í fyrirsögn tölvupóstsins hvaða starf er sótt um.



Life Without Limitations®



Global Fuel ehf. leitar eftir starfsfólki til að sinna eftirfarandi störfum.

Daglegur rekstur (Operations):

Helstu verkefni:

- Þjónusta við viðskiptavinum
- Móttaka eldsneytisþantana
- Gerð verðlista
- Verðathuganir

Hæfniskröfur:

- Stúdentspróf
- Gott vald á ensku í rituðu og töluðu máli
- Góð Excel kunnátta
- Framúrskarandi þjónustulund og jákvæðni

Viðskiptaþróun

(Customer service & marketing):

Helstu verkefni:

- Samningagerð við birgja og viðskiptavinum
- Markaðssetning

Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni til að greina viðskiptatækifæri
- Gott vald á ensku í rituðu og töluðu máli
- Þekking á Navision er kostur

Aðstoðarmaður framkvæmdastjóra (CEO's assistant):

Helstu verkefni:

- Skipulagning og skýrslur
- Kostnaðaryfirlit og áætlanir
- Önnur verkefni tengd flugstarfsemi

Hæfniskröfur:

- Viðskiptafræðimenntun æskileg
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð tungumálakunnátta
- Sveigjanleiki í starfi
- Þekking á Navision er kostur

Global Fuel ehf. er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í kaupum og sölu á eldsneyti. Hægt er finna nánari upplýsingar um félagið á www.globalfuel.is.

Umsóknarfrestur er til 25. maí nk.

Starfsúmsóknir skulu berast á job@globalfuel.is

ERT ÞÚ Á SKRÁ?

Skráning á www.vinna.is er umsækjendum að kostnaðarlausu!



PMT meðferðaraðili

Akureyrarbær óskar eftir að ráða fagmann til starfa í fullt starf frá 1. ágúst n.k. í eitt ár. Um er að ræða PMT-O unglingameðferð. Starfið er samvinnuverkefni grunnþjónustu á Akureyri og verður staðsett á skóladeild.

Umsóknarfrestur er til 25. maí 2012

Frekari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt.



Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001



Grimseyjarskóli

Lausar eru til umsóknar stöður kennara við Grimseyjarskóla. Annars vegar 100% staða við grunnskólann og hins vegar u.þ.b. 75% staða við leikskólann.

Upplagt að koma og prófa eitthvað nýtt í lífandi og skemmtilegu samfélagi. Húsnæðishlunnindi í boði!

Umsóknarfrestur er til 15. maí 2012

Nánari upplýsingar um störfin er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar: www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt eða hjá Skólástjóra Huldu Signýju í síma 861-1813



Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

Störf í boði hjá Reykjavík Excursions – Kynniserðum

REYKJAVÍK EXCURSIONS – KYNNISFERÐIR

Fyrirtækið Reykjavík Excursions – Kynniserðir var stofnað 1968 og hefur um árabíl verið í fremstu röð ferðaþjónustufyrirtækja. Fyrirtækið rekur dagsferðir fyrir ferðamenn sem sækja landið heim og eru ferðirnar eru jafnt fyrir einstaklinga og hópa, allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Kynniserðir reka líka Flugrútna sem þjónar flugfarþegum allan sólarhringinn, allt árið. Hjá Reykjavík Excursions – Kynniserðum starfar stór hópur samhentra karla og kvenna sem saman mynda trausta undirstöðu fyrir gott gengi og hag félagsins. Við leitum að hæfum einstaklingum til að starfa með og gera líðsældina enn sterkari.

Gakktu til liðs við okkur!

Umsóknir skal senda til Reykjavík Excursions – Kynniserða ehf., Vesturvör 34, 200 Kópavogi eða á netfangið job@re.is fyrir kl. 17:00 föstudaginn 18. maí 2012. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál og þeim er öllum svarað um leið og þær berast. Upplýsingar eru ekki veittar símleiðis.

EURO - www.re.is



Bókhaldari í fjárhagsdeild

Helstu verkefni:

- Færslur fylgiskjala í viðskiptamanna- og lánardrottnabókhaldi.
- Móttaka og færsla söluuppgjöra.
- Leiðréttingar og samanburður.
- Afstemmingar reikninga.
- Önnur tilfallandi bókhaldsverkefni.

Hæfniskröfur og æskileg kunnátta:

- Góð, almenn bókhaldsþekking.
- Reynsla af notkun Navision bókhaldskerfis.
- Almenn tölvukunnátta (Excel).
- Nákvæmni í vinnubrögðum.
- Geta til að starfa sjálfstætt.
- Þjónustulund og lipurð í samskiptum við viðskiptamenn og samstarfsmenn.

Starfsmaður í sölu- og bókuardeild

Helstu verkefni:

- Að svara fyrirspurnum viðskiptavina, íslenskra og erlendra og veita upplýsingar.
- Skráning upplýsinga í gagnagrunna.
- Úrvinnsla gagna frá sölumönnum og undirbúningur ferða.
- Ýmis önnur tilfallandi skrifstofustörf.

Hæfniskröfur og æskileg kunnátta:

- Reynsla af störfum í ferðaþjónustu eða á ferðaskrifstofu er mikill kostur.
- Jákvætt lífsviðhorf, skipulagshæfileikar og útsjónarsemi.
- Metnaður og vilji til góðra verka.
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Góð kunnátta í talaðri og ritaðri íslensku og ensku er skilyrði, gott að kunna önnur tungumál.
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Vítæk tölvukunnátta er mikilvæg.
- Góð, almenn þekking á landi þjóð er grunnurinn að starfinu.

Sölustjóri í söludeild

Helstu verkefni:

- Samskipti við innlenda og erlenda viðskiptavinum.
- Sókn á markaði til að afla nýrra viðskiptavina.
- Að svara fyrirspurnum og veita viðskiptavinum upplýsingar.
- Áætlan- og samningagerð.
- Önnur tilfallandi verkefni sem upp kunna að koma.

Hæfniskröfur og æskileg kunnátta:

- Reynsla af sölustörfum er skilyrði.
- Reynsla af störfum í ferðaþjónustu eða á ferðaskrifstofu er mikill kostur.
- Jákvætt lífsviðhorf, skipulagshæfileikar og útsjónarsemi.
- Metnaður og vilji til góðra verka.
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Góð kunnátta í talaðri og ritaðri íslensku og ensku er skilyrði, þriðja mál er æskilegt.
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð tölvukunnátta er mikilvæg, einnig tölvulæsi.
- Góð, almenn þekking á landi þjóð er grunnurinn að starfinu.

Hop On – Hop Off bílstjórar

Vanir bílstjórar óskast til að aka tveggja hæða strætisvagni um götur borgarinnar sumarið 2012. Unnið er á vöktum, frá kl. 08:00 – 18:00.

Hæfniskröfur:

- Meirapróf (ökuréttindaflokkur D).
- Góð kunnátta í talaðri íslensku og ensku er skilyrði, gott að kunna önnur tungumál.
- Stundvísi.
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Hreint sakavottorð.



Reykjavík Excursions
KYNNISFERÐIR

Vesturvör 34, 200 Kópavogur



Sérfræðingar óskast til starfa í teymi framtakssjóða Stefnis hf.

Stefnir hf. er stærsta sjóðastýringarfyrtæki landsins með um 330 milljarða króna í virkri stýringu. Félagið var stofnað árið 1996. Stefnir hefur á að skipa þaulreyndu starfsfólki með yfir 10 ára starfsreynslu á fjármálamarkaði að meðaltali. Hjá Stefni starfa 17 sérfræðingar í fjórum teymum. Hlutverk félagsins er að stýra fjármunum í eigu viðskiptavina með hagsmunum þeirra að leiðarljósi. Stefnir þjónar jafnt einstaklingum sem fagfjárfestum. Félagið hefur allt frá upphafi verið í fararbroddi í þróun á nýjum tegundum sjóða.

Starfsemi framtakssjóða Stefnis hefur vaxið mikið á síðustu misserum. Stefnir er nú með öflugum innlenda og erlenda framtakssjóði í stýringu, bæði í óskráðum fyrirtækjum sem og atvinnuhúsnæði. Í teyminu starfar metnaðarfullur og árangursdrifinn hópur með mikla þekkingu. Framtakssjóðir Stefnis og sjóðfélagar eru mikilvægt afl í enduruppbyggingu íslenskrar atvinnustarfsemi og íslenska hlutabréfamarkaðarins. Sem dæmi um nýleg fyrirtækjakaup sjóða Stefnis má nefna fjárfestingar í Högum hf., Sjóvá hf. og Jarðborunum hf.

Ábyrgðarsvið og helstu verkefni:

- Þátttaka í kaupum og sölum fjárfestinga framtakssjóðanna
- Greining fjárfestingartækifæra
- Upplýsingagjöf, greining og skýrslugerð til stjórna framtakssjóða og sjóðfélaga
- Almenn verkefni tengd greiningu og mati á fjárfestingartækifærum sjóðanna og önnur tilfallandi verkefni

Menntunar og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi s.s. í verkfræði, hagfræði, viðskiptafræði eða lögfræði
- Framhaldsnám sem nýtist í starfinu er kostur
- Þekking og reynsla af rekstri fyrirtækja og greiningu fjárfestingarkosta er æskileg
- Þekking og reynsla af störfum á innlendum fjármálamarkaði er mikilvæg
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og geta til að vinna í hópi
- Skipulagshæfni og færni í verkefnastjórnun og framsetningu ritaðs máls
- Frumkvæði í starfi og hæfni til að vinna sjálfstætt

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Fullum trúnaði heitið.

Nánari upplýsingar veitir **Sigþór Jónsson**, forstöðumaður sérhæfðra fjárfestinga Stefnis hf., netfang: sigthor.jonsson@stefnir.is

Umsækjendur sendi starfsumsókn og ferilskrá til sigthor.jonsson@stefnir.is
Umsóknarfrestur er til og með 25. maí 2012.



Capacent Ráðningar

VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is

Starfsmenn Capacent starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð.

Ráðgjafarnir búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.



GRINDAVÍKURBÆR

Aðstoðarskólastjóri við Grunnskóla Grindavíkur

Staða aðstoðarskólastjóra við Grunnskóla Grindavíkur er laus til umsóknar. Leitað er að einstaklingi með mikinn metnað, sem sýnt hefur árangur í störfum sínum og leggur áherslu á velliðan og árangur nemenda í góðu samstarfi við aðra starfsmenn skólans.

Grindavíkurbær er um 2.850 íbúa samfélag í næsta nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Í Grindavík er lögð áhersla á fjölskylduvænt umhverfi, íþróttastarf og heilsuefningu í skóla og leikskóla.

Starfsemin skal einkennast af fjölbreytni, sveigjanleika og víðsýni, þar sem tekið er tillit til mismunandi þarfa, áhuga og getu nemenda.

Skólinn er heildstæður, einsetinn grunnskóli, með um 460 nemendur á tveimur starfsstöðvum. Í Grunnskóla Grindavíkur er starfað eftir Uppbyggingarstefnunni. Allur aðbúnaður og umhverfi skólans er til fyrirmyndar. Skólinn hefur nýlega gengist undir úttekt á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, niðurstöður liggja fyrir og unnið er að umbótaáætlun, sjá: <http://www.menntamalaraduneyti.is/nyrit/nr/6764>

Veffang skóla er: <http://www.grindavik.is/grunnskolin>

Meginhlutverk aðstoðarskólastjóra er að:

Vera í forystu um mótun og framkvæmd faglegar stefnu skólans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og skólastefnu Grindavíkurbæjar

Vera staðgengill skólastjóra, bera ábyrgð á og stjórna daglegri starfsemi skólans í samstarfi við skólastjóra

Hafa í samráði við skólastjóra umsjón með starfsmannamálum s.s. ráðningum, vinnutilhögun, starfsþróun og fl.

Vinna að öflugu samstarfi innan skólasamfélagsins

Aðstoðarskólastjóri er jafnframt deildarstjóri stígs og sinnir starfsskyldum samkvæmt starfslýsingu deildarstjóra

Menntunarkröfur

Kennaramenntun og réttindi til kennslu í grunnskóla Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar eða uppeldis- og menntunarfræða æskileg

Hæfniskröfur

Frumkvæði og samstarfsvilji

Góðir skipulagshæfileikar

Hæfni í mannlegum samskiptum

Að vera reiðubúinn til að leita nýrra leiða í skólastarfi

Sveigjanleiki og víðsýni í starfi og samskiptum

Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og skólaþróunar æskileg

Fjölbreytt reynsla af kennslu og vinnu með börnum og unglingum

Umsókninni skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjanda og menntun, stjórnunarreynslu og hver þau verkefni sem hann hefur unnið að og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna starfi aðstoðarskólastjóra.

Starfið er laust frá 1. ágúst.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og K.Í.

Nánari upplýsingar veita

Halldóra K. Magnúsdóttir skólastjóri í síma 420-1150

Nökkvi Már Jónsson, sviðsstjóri félagsþjónustu- og fræðsluviðs í síma 420-1100.

Umsóknir skulu berast bæjarskrifstofu Grindavíkurbæjar Víkurbraut 62, 240 Grindavík í síðasta lagi 24. maí næstkomandi. Hægt er að senda umsóknir á netfangið grindavik@grindavik.is



Leikskólastjóri

Staða leikskólastjóra við sameinaðan leikskóla á Akureyri er laus til umsóknar Um er að ræða 100% stöðu frá 1. ágúst 2012 en æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fyrir.

Skóladeild Akureyrar óskar eftir að ráða leikskólastjóra til starfa við sameinaðan leikskóla á Akureyri. Ákvörðun hefur verið tekin um að leikskólarnir Flúðir og Pálmholt verða sameinaðir. Sameinaður leikskóli verður fyrir 140 börn. Skólarnir eru Grænfánaskólar og þeir vinna með SMT – skólafærni.

Starfssvið:

Leikskólastjóri starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla, kjarasamningum, mannauðsstefnu Akureyrarbæjar og skólastefnu Akureyrarbæjar. Leikskólastjóri ber faglega- og rekstrarlega ábyrgð á starfi skólans, stjórnar honum og hefur forgöngu um mótun faglegrar stefnu.

Menntunarkröfur:

- Umsækjandi þarf að hafa lokið leikskólakennaranámi.
- Framhaldsmenntun í stjórnun æskileg.

Hæfniskröfur:

- Frumkvæði og samstarfsvilji.
- Góðir skipulagshæfileikar.
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Að vera reiðubúinn til að leita nýrra leiða í skólastarfi.
- Áhugi og reynsla til að leiða þróunarstarf.
- Sveigjanleiki og víðsýni í starfi og samskiptum.
- Áhugi á starfsþróun.
- Reynsla af starfi í skólum.
- Reynsla af störfum á sviði stjórnunar og reksturs er æskileg.

Umsókninni skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjanda og menntun, stjórnunarreynslu og hver þau verkefni sem hann hefur unnið að og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna starfi skólastjóra. Þá skal fylgja umsókninni greinargerð um hugmyndir umsækjanda um starfið og hvernig hann geti tekist á við að leiða sameiningarferli þar sem lögð er áhersla á að tryggja áfram farsælt og metnaðarfullt starf sem einkennt hefur starf skólanna.

Tekið verður tillit til samþykktar bæjarstjórnar Akureyrarbæjar um jafnréttismál við ráðningu í starfið.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla.

Upplýsingar um kaup og kjör veitir Starfsmannaþjónusta Akureyrarbæjar í síma 460 1060.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Gunnar Gíslason fræðslustjóri í síma 460-1456 eða 892 1453, netfang gunnarg@akureyri.is og Hrafnhildur G. Sigurðardóttir leikskólafulltrúi í síma 460 1452 eða 895 9570, netfang hrafnhildur@akureyri.is.

Einungis er tekið á móti rafrænum umsóknum á heimasíðu Akureyrarbæjar; www.akureyri.is

Aðgengi að tölvu og aðstoð við innskráningu umsókna stendur til boða á Amtsbókasafninu og í þjónustuaudydri Ráðhússins.

Umsóknarfrestur er til 15. 05. 2012



Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

Sérfræðingur í vörustýringu

Heildsala með um 60 manns í vinnu leitar að starfsmanni til að hafa yfirmun með vörufylgju fyrirtækisins. Fyrirtækið starfar á nokkrum mismunandi vörusviðum.

Starfslýsing:

- umsjón með öllum erlendum og innlendum innkaupaþöntunum
- ábyrgð á hámarks hagkvæmni vörufylgju með tilliti til innkaupaverðmætis, innkaupatiðni, flutningsleiða og rýrnunar
- mikið samstarf við mismunandi deildir fyrirtækis við að hámarka veltuhraða birgða
- gerð innkaupaáætlana til birgja
- samskipti við birgja fyrirtækisins
- samskipti við flutningsfyrirtæki
- önnur tilfallandi verkefni

Menntun- og hæfniskröfur:

- menntun í vörustýringu
- reynsla í vöruskiptum
- kunnátta á AGR kerfi
- samstarfshæfni og hugmyndaauðgi við aðstoð við söluheildir

Áhugasamir sendi umsókn á box@frett.is merkt "Vörustýring 2012" fyrir 22. maí. Fullum trúnaði heitið

Sunddeild Breiðabliks auglýsir eftir þjálfara

-til að starfa hjá félaginu næsta sundtímabil sem hefst í ágúst 2012



Starfssvið:

- Þjálfun yngri hópa félagsins
- Halda utan um iðkendaskrá sinna sundmanna og skrá mætingu
- Hafa frumkvæði að þátttöku í mótum í samvinnu við yfirþjálfara og sjá um skráningu og úrvinnslu gagna

Hæfniskröfur:

- Reynsla af sundþjálfun og góð menntun á sviði íþróttfræði er nauðsynleg
- Sérhæfing í sundþjálfun er kostur
- Viðkomandi verður að geta unnið með unglingum og börnum og verið þeim góð fyrirmynd
- Þekking á forritum frá Hy-tek er æskileg

Nánari upplýsingar veitir María Fanndal Birkisdóttir í síma 845-5870. Umsókn með upplýsingum um menntun og fyrri störf skal skila á netfangið mariafb@hotmail.com fyrir 28. maí næstkomandi. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



Verkstjóri í garðvinnu á Sólheimum

Sólheimar ses óska eftir að ráða kraftmikinn garðyrkjumann og verkstjóra til starfa á Sólheimum. Um er að ræða m.a. umsjón með garðslætti snyrtingu á beðum og lagfæringar á gangstígum, umsjá sundlaugar o.fl. Smávélapróf er æskilegt og ekki spillir fyrir að hafa reynslu af garðyrkjustörfum.

Unnið er alla virka daga og möguleiki er á gístaðstöðu í starfsmannahúsi Sólheima.

Áhugasamir hafi samband við Erlend Pálsson í síma 869-2213 eða á netfangið ep@solheimar.is.

Sólheimar hafa starfað að mannrækt, umhverfis- og menningarmálum í 80 ár. Í byggðarhverfinu Sólheimum búa ogstarfa um 100 manns. Rekin er fjölþætt atvinnustarfssemi með garðyrkjustöð, skógræktarstöð, verslun, kaffihúsi, bakarí, matvinnslu og gistiheimili. Á staðnum eru sex mismunandi listasmiðjur, leirgerð, kertagerð, listasmiðja, vefstofa, jurtastofa og smíðastofa. Menningar- starfssemi er fjölþætt og á Sólheimum er listhús, sýningarsalir, höggmynda- garður, trjásafn, kirkja, fræðasetrið Sesseljuhús umhverfissetur og íþróttaleikhús.

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent



MOSFELLSBÆR

Leirvogstunguskóli

Leikskólakennari /deildarstjóri óskast.

Auglýst er eftir leikskólakennara til starfa í Lerivogstunguskóla fyrir næsta skólaár. Um er að ræða stöðu deildarstjóra í 100% starf. Kjör eru skv. samningi FL við LNS.

Leirvogstunguskóli er nýr leikskóli og er fyrst um sinn rekinn sem útibú frá Reykjakoti en daglegur stjórnandi er með fasta viðveru í skólanum.

Upplýsingar um starfið veitir Gyða Vigfúsdóttir í síma 891-6609 og Herdís Rós Kjartansdóttir (daglegur stjórnandi) í síma 586-8648 og 693-6723.

Umsóknarfrestur er til 1. júní og skal umsóknum skilað á netfangið leirvogstunguskoli@mos.is ásamt upplýsingum um menntun og reynslu.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA



Proskapjálfar

Fjölbreytt og spennandi starf í boði

Proskapjálfi óskast til starfa í gróðurhúsi Bjarkarás. Um er að ræða 100% starf og er staðan laus strax eða frá hausti.

Bjarkarás er í Stjórngróf 9 og er opinn frá 8.30-16.30 virka daga. Þangað sækja 54 einstaklingar fjölbreytta þjónustu og þjálfun.

Starf þroskajálfa felst í skipulagningu og umsjón með störfum fatlaðra starfsmanna í gróðurhúsi í samvinnu við garðyrkjufraeðing. Hann þarf að aðlaga verkefni í gróðurhúsi að þörfum fatlaðra starfsmanna. Þroskajálfi tekur einnig þátt í garðyrkjustörfum sem garðyrkjufraeðingur skipuleggur. Gróðurhúsið hefur vottun um lífræna ræktun frá Vottunarstöðinni Túni.

Umsóknir þurfa að berast í Bjarkarás sem fyrst. Nánari upplýsingar veita Þórhildur Garðarsdóttir forstöðuproskajálfi og Valgerður Unnarsdóttir yfirproskajálfi í síma 4140540.

Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð og upplýsingar um Ás styrktarfélag á heimasíðu þess, <http://www.styrktarfelag.is>

Ofangreint starf tekur laun samkvæmt gildandi kjarasamningum.



Kennari

Verzlunarskóli Íslands óskar að ráða kennara í eftirtaldar námsgreinar fyrir komandi skólaár:

**Raungreinar, tvær stöður.
Íþróttir pílta.
Saga.**

Hæfniskröfur:

- Háskólapróf í viðkomandi grein.
- Reynsla af kennslu á framhaldsskólastigi æskileg.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Við bjóðum:

- Góða vinnuáðstöðu.
- Góðan starfsanda á framsæknum vinnustað.

Nánari upplýsingar gefur Ingi Ólafsson skólastjóri, ingi@verslo.is, eða í síma 5 900 600. Umsóknarfrestur er til 17. maí og skal senda umsóknir ásamt ferilskrá til Verzlunarskóla Íslands, Ofanleiti 1, 103 Reykjavík eða á netfangið ingi@verslo.is.

Verzlunarskóli Íslands er framhaldsskóli með um 1240 nemendur. Skólinn er bekkjarskóli en nemendur ljúka prófum í viðkomandi námsáfangum um júl og vor. Nemendur geta valið á milli fjögurra mismunandi brauta og útskrifast með stúdentspróf af öllum brautum. Einnig býður Verzlunarskólinn upp á fjarnám. Verzlunarskólinn er mjög tæknivæddur og er aðstaða til náms og kennslu öll hin besta.

Starf forritara

Starfið

Umferðarstofa leitar að forritara í vinnu við nýsköpun og brautryðjandi hugbúnaðarlausnir. Í boði er fyrirmyndar vinnustaður, góður félagskapur, vel búið starfsumhverfi með góðum tækjabúnaði, spennandi verkefni og tillitssemi gagnvart því að forritarar geti líka átt sér líf utan vinnu.

Hæfniskröfur

- ▶ Þekking og áhugi á hlutbundinni forritun og aðferðafræði
- ▶ Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði eða góð reynsla
- ▶ Góð Java-kunnátta kostur
- ▶ Grunnþekking í JavaScript, HTML, CSS og SQL kostur

Umsóknarfrestur er til 28. maí 2012.

Hægt er að sækja um með eftirfarandi hætti:

- ▶ Á vefsvæði Umferðarstofu á síðunni www.us.is/page/atvinnuumsokn
- ▶ Með því að senda umsókn (CV/ferilskrá) á framkvæmdastjóra mannauðs- og gæðasviðs, olof@us.is
- ▶ Sendu skriflega umsókn á eftirfarandi heimilisfang:

Umferðarstofa
Bt. Ólafar Friðriksdóttur
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Nánari upplýsingar veitir Gunnar Geir Gunnarsson, framkvæmdastjóri upplýsingatæknisviðs í síma 580-2000. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í a.m.k. sex mánuði ef staða losnar á ný.

Umferðarstofa var bæði árið 2009 og 2010 valin stofnun ársins í könnun sem gerð var á meðal félagsmanna SFR-stéttarfélags í almannatölvunni. Hjá stofnuninni starfa um 55 starfsmenn. Lögð er áhersla á þjónustu, árangur, áreiðanleika og jákvæðni. Tilgangur Umferðarstofu er að auka lífsgæði með því að efla öryggi í umferðinni. Stofnunin hefur innleitt stefnumiðað árangursmat og er því mikið lagt upp úr mælanlegum árangri. Upplýsingar um Umferðarstofu má finna á heimasíðu <http://us.is>.

Umferðarstofa
www.us.is
Borgartúni 30 – 105 Reykjavík
Sími: 580-2000 – Fax: 580-2001

UMFERÐARSTOFA

75 | ÁR Á FLUGI



OKKUR VANTAR SÉRFRÆÐING

Tækniþjónusta Icelandair óskar eftir að ráða sérfræðing (Avionics Design Engineer) í hönnunardeild sína í Reykjavík.

Hönnunardeild sinnir breytingum og viðgerðum á flugvélum félagsins og annarra undir vottuðu gæðakerfi frá Flugöryggisstofnun Evrópu (EASA). Breytingar á rafmagns- og mælitækjum (Avionics) í flugvélum eru unnar samkvæmt beiðni flugrekanda og fylgja EASA reglugerðum.

Starfssvið:

- Hönnun, ísetningar og innleiðingar á mælitækjum (veikstraumskerfum) í flugvélar
- Breytingar á rafmagnskerfum
- Að útbúa hönnunarskjöl og teikningar fyrir breytingar
- Hagkvæmnisútreikningar og ráðleggingar varðandi kaup á kerfum
- Verkefnastjórnun
- Að leita eftir nýjum tækifærum og þróa lausnir

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknir óskast fylltar út á www.icelandair.is/umsokn eigi síðar en 20. maí.

Nánari upplýsingar veita:

Bragi Baldursson | bragib@its.is
Steinunn Una | unasig@icelandair.is

Hæfniskröfur:

- Próf í rafmagnsverkfræði, rafmagnstæknifræði, flugvirkjun eða sambærileg menntun (veikstraumssvið)
- Góð teiknikunnátta (Autocad)
- Góð enskukunnátta
- Að geta skrifað greinargóðar skýrslur á ensku
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð ásamt góðum samskiptahæfileikum
- Góðir skipulagshæfileikar

ICELANDAIR





GAGNAVEITA
REYKJAVÍKUR

Gagnaveita Reykjavíkur óskar eftir starfsfólki

Verkefnastjóri

Leitað er að metnaðarfullum og árangursdrifnum einstaklingi til liðs við tæknideild Gagnaveitu Reykjavíkur. Tæknideild ber ábyrgð á rekstri og þróun eins umfangsmesta IP-netkerfis á landinu.

Starfssvið:

- Verkefnastjórnun rekstrar- og þróunarverkefna
- Breytingastjórnun
- Samskipti við viðskiptavini
- Aðgerðastjórnun
- Mælingar á þjónustustigi
- Eftirfylgni úrbótaverkefna og annarra gæðamála

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Fagleg, markviss og öguð vinnubrögð
- Sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfileiki og geta til að vinna undir álagi
- Þjónustulund, jákvætt viðmót og góðir samskiptahæfileikar
- Góð íslensku- og enskukunnátta skilyrði sem og geta til að tjá sig í töluðu og rituðu máli
- Reynsla af hönnun, uppbyggingu og rekstri flókinnar tölvu- eða netkerfa er kostur
- Reynsla af hugbúnaðargerð, þ.m.t. hönnun og innleiðing, er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 23. maí nk.

Gagnaveita Reykjavíkur, dótturfélag Orkuveitu Reykjavíkur, veitir þjónustu og vinnur að uppbyggingu og rekstri á gagnaflutningskerfi sem byggt er á ljósleiðaratækni. Um ljósleiðaranetið rekur Gagnaveitan öflugt dreifi- og samskiptakerfi fyrir sjónvarp, síma og internet.

Tæknifulltrúi

Leitað er að metnaðarfullum og árangursdrifnum einstaklingi til liðs við þjónustuhóp viðskiptadeildar Gagnaveitu Reykjavíkur. Viðskiptadeild sér um sölu, markaðssetningu og þjónustu við viðskiptavini GR.

Starfssvið:

Starfsmaðurinn mun starfa í þjónustuhóp GR sem er í forsvari fyrir:

- Verkefnastjórnun rekstrar- og þróunarverkefna
- Breytingastjórnun
- Samskipti við viðskiptavini
- Aðgerðastjórnun
- Mælingar á þjónustustigi
- Eftirfylgni úrbótaverkefna og annarra gæðamála

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Góð tölvuþekking
- Mikill áhugi á tækni og nýjungum
- Skipulagshæfileikar
- Rík þjónustulund
- Fagleg, markviss og öguð vinnubrögð

capacent

Umsjón með úrvinnslu umsókna hafa:

Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Sigríður Pétursdóttir (sigridur.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga: www.capacent.is. Umsóknnum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf með rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi og þar sem gerð er grein fyrir ástæðum umsókna.



Ein tenging fyrir sjónvarp, síma og net.

Gagnaveita Reykjavíkur | Bæjarhálsi 1 | 110 Reykjavík | www.gagnaveita.is | Þjónustusími 516 7777

Atvinna í boði

Vantar vana járníðnaðarmenn í vinnu.
Umsóknir sendist á vs-magga@simnet.is



VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf



Grunnskóli Seltjarnarness auglýsir fyrir skólaárið 2012-2013:

Sérkennari/prosakaþjálfari

Upplýsingar veita: Guðlaug Sturlaugsdóttir skólastjóri, gustur@grunnskoli.is og Ólína Thoroddsen aðstoðarskólastjóri, olina@grunnskoli.is Sími: 595 9200

Stuðningsfulltrúar

Upplýsingar veitir: Helga Kristín Gunnarsdóttir aðstoðarskólastjóri, helgakr@grunnskoli.is og Ólína Thoroddsen aðstoðarskólastjóri, olina@grunnskoli.is Sími: 595 9200

Skólaliðar

Upplýsingar veitir: Ólína Thoroddsen aðstoðarskólastjóri, olina@grunnskoli.is Sími: 595 9200

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um auglýst störf.

Á Seltjarnarnesi eru um 500 nemendur í heildstæðum grunnskóla. Skólinn er rekinn í tveimur starfstöðvum; Mýrarhúsaskóla fyrir nemendur í 1. - 6. bekk og Valhúsa-skóla fyrir nemendur í 7. - 10. bekk. Í Skólaskjólum eru um 100 nemendur. www.grunnskoli.is

Umsóknarfrestur er til 25. maí 2012.

Fraeðsluvið Seltjarnarnesbæjar
www.seltjarnarnes.is



Pracownicy branży metalowej

Firma 3X Technology poszukuje wykwalifikowanych pracowników branży metalowej - spawaczy z kwalifikacjami i/lub z doświadczeniem w zawodzie. Zaletą jest doświadczenie przy pracy ze stalą nierdzewną. Firma znajduje się w Isafjörður. Szczególny nacisk nakładany na precyzję wykonywanej pracy, regularny tryb życia, odpowiedzialność. Oferowane są dobre warunki i atmosfera w pracy, w rozwijającej się firmie. Praca na czas nieokreślony. Proces rekrutacji jest poufny.

Informacje o firmie znajdują się na witrynie www.3xtechnology.is. W celu uzyskania bliższych informacji prosimy o kontakt z Karl Ásgeirsson na adres e-mail karl@3xtechnology.com, lub pod numerem tel. 450 50 11

Málmiðnaðarmenn

Vegna aukinna verkefna óskar 3X Technology eftir að ráða málmiðnaðarmenn með menntun og/eða reynslu á sviði málmiðnaðar. Einnig kemur til greina að ráða ófaglærða laghenta menn til starfa. Reynsla á smíði úr ryðfríu stáli er mikill kostur. Um er að ræða störf í framleiðsludeild félagsins á Ísafirði.

Áhersla er lögð á nákvæmni og vandvirkni í vinnubrögðum, reglusemi og árverki.

Vélbúnaðarhönnun

3X Technology leitar að tækni- eða verkfræðimenntuðum einstaklingi með góða þekkingu á Autocad og 3D-Inventor. Aðrar hæfniskröfur eru þekking á hönnun vélbúnaðar fyrir matvælaíðnað, góð almenn tölvukunnátta og færni í ensku bæði í rituðu og töluðu máli. Áhersla er lögð á skilvirkni og nákvæmni. Starfið felst í undirbúningi verkefna, hönnunar- og teiknivinnu.

Í boði er góð vinnuaðstaða, lifandi starfsumhverfi og góður vinnuandi í spennandi nýsköpunarfyrirtæki. Einungis er um framtíðarstörf að ræða.

Umsóknarfrestur er til og með 20. maí n.k. Allar umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Upplýsingar um starfsemi 3X Technology er að finna á vefsíðu fyrirtækisins, www.3xtechnology.is
Nánari upplýsingar um störfin veitir Karl K. Ásgeirsson Rekstrarstjóri (karl@3xtechnology.com) í síma 450 5011.



Verkstaðis
Leitum eftir yfirmanni tækja og verkstaðis
Leitum eftir vönum mann í viðgerðir á bilum og sláturvélum.

Vélamaður
Leitum eftir manni með vinnuvéla réttindi.

Hellulagnir
Leitum eftir vönum manni í hellulagnir.

Umsóknir á gardlist.is eða sendist á thorey@gardlist.is



CARTOON NETWORK ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STÖD2.IS

vinna.is
sími: 511 1144

**BÍLALEIGA
AKUREYRAR****Europcar**

Þínar þarfir - okkar þjónusta

**Bifvélavirki á Reykjavíkursvæðinu
óskast í framtíðarstarf.**

Við leitum að fjölhæfum og metnaðarfullum einstakling sem getur sýnt frumkvæði í starfi og unnið sjálfstætt.

Hæfniskröfur:

- Menntun í bifvélavirkjun.
- Reynsla í starfi sem bifvélavirki.
- Gilt bílpróf- meirapróf æskilegt.
- Grunn tölvukunnátta.
- Stundvísi.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist til:
atvinna@holdur.is fyrir 20.maí næstkomandi.

Höldur ehf / Bílaleiga Akureyrar er stærsta bílaleiga landsins með meira en 2300 bíla í rekstri komandi sumar og sextán afgreiðslustaði um allt land. Hjá fyrirtækinu starfar afar samhentur hópur um 120 starfsmanna að því sameiginlega markmiði að veita viðskiptavinum bestu mögulegu þjónustuna á íslenskum bílaleigumarkaði, ávallt með lipurð og sveigjanleika að leiðarljósi.

**Ráðgjafi einstaklinga í útibú Íslandsbanka á Reyðarfirði**

Leitað er að kraftmiklum starfsmanni í lið ráðgjafa útíbúsins.

Við leitum að áhugasömum einstaklingi, sem hefur frumkvæði, metnað og vilja til að veita viðskiptavinum úrvalsþjónustu. Við bjóðum upp á góðan, jákvæðan vinnustað sem er og verður reyklus.

Helstu verkefni

- Fjármálaráðgjöf til einstaklinga
- Veita framúrskarandi þjónustu
- Viðhald og innleiðing
- Önnur verkefni eftir nánara samkomulagi

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun æskileg
- Reynsla af starfi hjá fjármálafyrirtæki kostur
- Frumkvæði og geta til að vinna undir álagi
- Nákvæmni og talnaskilningur
- Sjálfstæð vinnubrögð og samstarfshæfni

Nánari upplýsingar veitir: Ormarr Örlygsson, útíbússtjóri,
sími 440 3661, ormarr.orylgsson@islandsbanki.isUmsóknir óskast fylltar út á www.islandsbanki.is og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá. Tengiliður á mannauðssviði er Sigrún Ólafsdóttir, sími 440 4172, sigrun.olafs@islandsbanki.is

Umsóknarfrestur er til og með 20. maí nk.

**Við bjóðum
góða þjónustu**islandsbanki.is | Sími 440 4000**Skemmtileg og
fjölbreytt vinna í boði****Persónulegur aðstoðarmaður óskast**

Ég heiti Ragnar Emil Hallgrímsson og er tæplega 5 ára gamall fjörkálfur. Ég þarf aðstoðarmann með mér allan sólarhringinn. Persónulegur aðstoðarmaður vinnur við að aðstoða mig og fjölskyldu mína við allar athafnir daglegs lífs.

Ég er skemmtilegur, glaðlyndur og ákveðinn leikskólastrákur og hef gaman af lífinu. Ég elska að leika við systkini mín og vini mína, hef gaman af útiveru, tónlist og söng og eins og flestum 5 ára gömlum gaurum þá hef ég gaman af miklu fjöri og prakkaraskap.

Ég og fjölskylda mín vinnum samkvæmt hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf, sjá www.npa.is. Hugmyndafræðin byggir á mannréttindum og felst í því að fatlað fólk hafi stjórn á eigin aðstoð, hvernig hún er skipulögð, hvaða verk eru unnin og hver vinni þau, hvar og hvenær.**Eftirfarandi störf eru í boði:**

Okkur vantar starfsmann í fullt starf (100%) og í hlutastarf (50-70%) en um er að ræða vaktavinnu (dag, kvöld- og næturvaktir).

Nauðsynlegt er að starfsmaður tali góða íslensku, sé stundvís, sveigjanlegur, jákvæður og barngóður. Starfsmaður þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Fyrirspurnir um starfið sendist á mömmu mína á netfangið aldis@npa.is og rennur umsóknarfrestur út 18. maí 2012.

Við þökkum að...
Foreldrum og keirvöldum
þeir að tryggja öryggi barna

Capacent Ráðningar**VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!****Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.**
Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.isCapacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000**capacent****Leikskólakennarar****með áhuga á að vinna í anda Reggio Emilia og löngun til að njóta betri kjarra
óskast til starfa við leikskólann Aðalþing með haustinu eða fyrr...**

Leikskólinn Aðalþing gerði kjarasamning við Félag leikskólakennara sem félagið metur 9 til 12 prósentum hagstæðari fyrir kennara en samninga í öðrum leikskólum. Markmið með samningnum er m.a. að fjölga starfandi kennurum við skólann og okkur gengur vel á þeirri leið, því leikskólakennarar vilja vinna saman að sameiginlegum markmiðum. Við stundum lýðræðisleg vinnubrögð, höfum skýra framtíðarsýn og við hlökkum til morgundagsins. Vilt þú koma í hópinn?

Hæfniskröfur:

- Starfsréttindi leikskólakennara.
- Áhugi á að starfa í anda Reggio Emilia eða að kynnast slíkum starfsháttum og efla sig í starfi.
- Góðir samskiptahæfileikar og glaðlyndi.
- Metnaður til að efla leikskólustarf á Íslandi og bæta aðstæður kennara.

Við bjóðum m.a.:

- Frábæran hóp samstarfsmanna og góðan starfsanda.
- Betri kjör.
- Lengra frí milli jóla og nýárs.
- Sömu lífeyrisréttindi og sveitarfélögin.
- Lýðræðisleg vinnubrögð.
- Metnaðarfullt starfsumhverfi.

**LEIKSKÓLINN
AÐALÞING**Umsóknarfrestur er til 25. maí. Nánari upplýsingar eru á www.adalthing.is Áhugasamir eru hvattir til að hafa samband við Hörð Svavarsson skólustjóra í síma 515 0930 eða á netfangið hordur@adalthing.is

» Ráðningarpjónusta

Tæknistjóri

Þekkt jarðvegsvinnufyrirtæki óskar eftir að ráða tækni- eða verkfræðimenntaðan einstakling í starf tæknistjóra.

» Starfssvið

- Mælingar
- Samskipti við verkkaupa
- Uppgjörsmál

» Hæfniskröfur

- Tækni- eða verkfræðimenntun
- 2 ára starfsreynsla eða meira æskileg
- Metnaður og frumkvæði í starfi

Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.

» HH Ráðgjöf • Fiskilóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is



Óskum eftir að ráða, hressan, stundvísan, áreiðanlegan og metnaðarfullan

RENNISMIÐ

á nýjan HAAS rennibekk og fræsara. Þarf að hafa reynslu af ryðfríri smíði og geta unnið sjálfstætt og eiga gott með mannleg samskipti.



Umsóknnum með aldri, menntun, reynslu og fyrri störfum skal skila á rafrænu formi á micro@micro.is fyrir 20. maí n.k.

MICRO
RYÐFRÍ SÉRSMÍÐI

Suðurhrauni 12b - 210 Garðabæ

» Ráðningarpjónusta

Sölumaður



Vélar og verkfæri óska eftir öflugum starfsmanni í fjölbreytt sölu- og þjónustustarf. Vinnutími er frá kl. 08:00 til kl. 17:00.

» Helstu verkefni

- Þjónusta og samskipti við núverandi viðskiptavinum
- Öflun nýrra viðskiptavina

» Hæfniskröfur

- Þekking á byggingavörum mikill kostur
- Menntun á sviði húsasmíði, rafvirkjunar eða rafeindavirkjunar æskileg
- Létt lund, dugnaður, ósérhlífni og þjónustulund.
- Geta til að vinna sjálfstætt og í hópi
- Góð tungumálakunnátta nauðsynleg, enska og helst eitt Norðurlandamál
- Góð almenn tölvukunnátta

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.

» HH Ráðgjöf • Fiskilóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Vinna með flóttafólki

Velferðarráðuneytið auglýsir eftir starfsmanni í vinnu með flóttafólki. Um er að ræða tímabundna ráðningu til eins árs með möguleika á tímabundinni framlengingu.

Helstu verkefni

- Undirbúa móttöku flóttafólks
- Samræma og samhæfa velferðarþjónustu við einstaklinga sem fá hæli hérlandis.
- Ýmis verkefni á sviði málefna flóttafólks og innflytjenda

Menntun og hæfniskröfur

- Háskólamenntun eða sambærileg menntun á sviði félags-, mennta- eða heilbrigðisvísinda sem nýtist í starfinu
- Reynsla og þekking á félagsþjónustu
- Reynsla og áhugi á að vinna með fólki af ólíkum uppruna
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð kunnátta í íslensku og ensku
- Færni í öðrum tungumálum er kostur

Um er að ræða fullt starf og eru launakjör samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins og fjármálaráðherra eða Félags starfsmanna stjórnarráðsins og fjármálaráðherra. Nauðsynlegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Hluti starfsins fellur undir Fjölmenningssetrið og fær viðkomandi starfsaðstöðu í Reykjavík. Ráðuneytið hvetur karla jafnt sem konur til að sækja um starfið. Innflytjendur eru sérstaklega hvattir til að sækja um starfið.

Upplýsingar um starfið veitir Linda Rós Alfreðsdóttir (linda.ros.alfredsdottir@vel.is). Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil skulu berast velferðarráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík eða á netfangið: postur@vel.is eigi síðar en 27. maí 2012.

Öllum umsóknnum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

» Ráðningarpjónusta

Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

■ Vinnusparnaður

Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

■ Markviss leit

Sérskrafaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

■ Þriggja mánaða ábyrgð

Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

■ Ekkert staðfestingargjald

Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavinum okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

■ Fjöldi hæfra umsækjenda

Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

■ Fjölbreyttar þjónustuleiðir

Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

■ Reynsla og þekking

Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

■ Sanngjarnt verð

Þjódum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsambandur!

HH Ráðgjöf er allhliða ráðningarpjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

» HH Ráðgjöf • Fiskilóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is





Áhugasamir sendi upplýsingar
á job@trackwell.com

Nánari upplýsingar gefur
Jón Ingi Björnsson í síma 5100600
www.trackwell.com

ÞRJÁ HÆFILEIKARÍKA OG KRAFTMIKLA EINSTAKLINGA

Við hjá TrackWell erum sérfræðingar í skráningarlausnum fyrir **starfsfólk, skip og bílaflota**. Með þjónustu frá TrackWell hafa viðskiptavinir náð verulegum rekstrarávinningsi í formi sparnaðar, hagræðingar og bættri þjónustu. Yfir 400 fyrirtæki og stofnanir með yfir 30.000 starfsmenn og um 8.500 farartæki nýta skráningakerfi TrackWell daglega. Lausnir TrackWell eru í notkun í Norður Ameríku og Evrópu.

MARKAÐSSTJÓRI – Starfið felst í yfirumsjón með markaðsmálum og vörumerkjastjórnun ásamt samskiptum við samstarfsaðila á sviði markaðsmála

- Menntun og reynsla á sviði markaðsmála
- Færni í mæltu og rituðu máli og geta komið hugmyndafræði fyrirtækisins á framfæri á skýran og áhrifaríkan hátt
- Jákvæði og hvetjandi áhrif á starfsumhverfi
- Eldmóður til að gera starfsemina markaðshneigðari

SÉRFRÆÐINGUR Á SVIÐI SJÁVARÚTVEGSLAUSNA - Starfið felst í verkefnastjórnun innleiðinga og þjónustu við viðskiptavini


- Þekking og reynsla á sviði sjávarútvegs og veiða
- Þekking og reynsla á sviði tölvutækni
- Jákvæði og góð þjónustulund ásamt skipulagshæfileikum

HUGBÚNAÐARSÉRFRÆÐINGUR - Starfið felst í forritun á kerfum TrackWell

- Menntun á sviði tölvunar- eða verkfræði
„Við byrjuðum í Gladhheimum hjá gamla Gusti í Kópavogi sem nú er búið rífa en erum nú í Heimsendahverfinu. Ég er ekki stórtækur og geri þetta ánægjunnar vegna, enda er ég aðeins með tvo hesta auk eins trippis sem er í tamningu.“ Jóhann reynir að ríða sem mest út en hefur gert minna af því í vetur sökum anna og veðurfars. Fyrir liggur að fara með hestana í sleppitúr í haga vestur í Döllum. „Við ríðum þangað á sjö til átta dögum með 60-70 hesta, stoppum á leiðinni og gistum í svefnskálum. Hestarnir eru alltaf mjög glaðir í þessari ferð og vita alveg að

þeirra bíða græn grös og fallægir dalir næstu vikurnar.“

Jóhann hefur haft mikið að gera í leikhúsunum í vetur en um þessar mundir æfir hann leikritið Rautt ásamt því að leika í Fanny og Alexander og Galdrakarlinum í Oz.

„Ég er að undirbúa tónleika á Café Rosenberg þar sem flutt verða valin lög sem ég hef sungið í leikhúsinu.“ Með Jóhanni verður einvalalið hljóðfæraleikara, þeir Pálmi Sigurhjártarson, Ásgeir Óskarsson og Jón Hrafnsson. „Leikarnir Halldór Gylfason og Jóhanna Vígdís Arnardóttir syngja með mér.“ Tónleikarnir verða haldnir 18. og 19. maí og hvetur Jóhann sem flesta til að mæta.



Guðni Elísson hjá Mosblikki.

MYND/STEFAN

Léttar og þægilegar hestakerrur frá Mosblikki

Guðni Elísson, bifvélavirki og málmsmiður, hjá Mosblikki í Mosfellsbæ smíðar hestakerrur sem vakið hafa athygli vegna þess hversu léttar og meðfærilegar þær eru. Kerrurnar eru til í nokkrum stærðum og eru á góðu verði. Sem dæmi er þriggja hesta kerra á 1.540 þúsund og fjögurra hesta á 1.670 þúsund. Einnig er hægt að fá tveggja hesta og fimm hesta kerrur.

Að sögn Guðna sér hann um allar viðgerðir og viðhald fyrir kerrurnar. Þá sérsmíðar hann kerrur fyrir þá sem þess óska.

Mosblikk var stofnað árið 1984 og var fyrst staðsett á Fáskrúðsfirði. Árið 1993 var starfsemin flutt í Mosfellsdal. Guðni er sjálfur áhugamaður um hesta og þekkir því þarfir þeirra vel. Hann segist vera með sveitasmíðju þar sem hann smíðar kerrurnar.

„Þetta eru íslenskar hestakerrur, smíðaðar fyrir íslenskar aðstæður og eru léttar í notkun,“ segir Guðni en fagleg vinnubrögð hans hafa spurst til Noregs. „Ég smíðaði kerru fyrir Íslending sem búsettur er í Noregi og síðan hef ég selt nokkrar kerrur til Norðmanna,“ segir hann.

Kerrurnar eru klæddar áli og burðarvirkið er úr járni.

Á heimasíðu Mosblikks má sjá myndir og frekari upplýsingar um hestakerrurnar www.mosblikk.is og síminn er 8941236.

Einstök upplifum í félagi hesta

Á 30 ára afmæli Íshesta býður fyrirtækið landsmönnum á hestbak. Fjölbreyttar hestaferðir hafa verið sérsvið Íshesta í þrjá áratugi.

Í 30 ár hafa Íshestar frá Hafnarfirði boðið upp á hestaferðir og námskeið fyrir einstaklinga og hópa. Afmælisárið hefur verið viðburðaríkt að sögn Steinunnar Guðbjörnsdóttur, markaðsstjóra Íshesta. „Árið er búið að vera eitt samfellt afmæli hingað til. Við höfum haldið veglegt afmæli með starfsmönnum okkar og góðum boðsgestum, meðal annars forseta Íslands. Næsta skref hjá okkur er að bjóða landsmönnum á hestbak.“ Íshestar halda opið hús sunnudaginn 20. maí í hestamiðstöð sinni að Sörlaskeiði 26 í Hafnarfirði. Þar verður gestum boðið á bak í stuttan reiðtúr og einnig boðið upp á léttar veitingar.

Fjölbreytt úrval ferða

Fjölbreyttar hestaferðir eru í boði hjá Íshestum fyrir alla aldurshópa. Bæði er um styttri dagstúra að ræða frá hestamiðstöðinni og einnig lengri ferðir sem standa oft yfir í nokkra daga. Lengri ferðirnar eru skipulagðar í samstarfi við bændur um allt land. „Við bjóðum upp á fjölbreytt úrval ferða í öllum landsfjórðungum, til dæmis yfir Kjöl, upp á hálendið, á Löngufjörum og á Mývatnssvæðið svo eitthvað sé nefnt.“

Steinunn segir lengri ferðir þeirra vera stórkostlega upplifun og í raun hinn sanna íslenska ferðamáta eins og hann var fyrir á öldum. „Það þurfa allir að prófa eina hestaferð um ævina. Maður verður ekki samur eftir á.“

Hún nefnir sem dæmi afmælisferð þeirra í sumar. Þar er ferðast aftur til fortíðar og gíst í tjöldum og gömlum kofum. Einnig er náttúran nýtt til matargerðar. Af öðrum skemmtilegum ferðum Íshesta má nefna Norðurljósaferðir að hausti og sumarferðir þar sem ríðið er undir miðnætursólinni. Ferðin Drottning um stund er þriggja daga reið- og dekurferð eingöngu ætluð íslenskum konum.

Hestur í fóstur

Íshestar hafa lengi staðið fyrir ýmsum námskeiðum í samstarfi við hestamannafélagið Sörla. Um er að ræða námskeið fyrir krakka á aldrinum fimm til sextán ára. Menntaðir reiðkennarar sjá um námskeiðin og er farið í reiðtúra, þrautabrotir og leiki.

„Yfir veturinn bjóðum við svo krökkum að taka hest í fóstur. Þetta er tilvalið fyrir þau börn sem eiga ekki hest sjálf. Þá koma þau hingað einu sinni í viku og gefa þeim, moka, kemma og ríða út.“

Steinunn segir marga krakka stíga sín fyrstu skref í hestamennskunni með þessum hætti. Einnig er boðið upp á reiðklúbb fyrir eldra fólk yfir veturinn. Þá hittist fólk vikulega í hestamiðstöðinni og ríður út saman. Leiðbeinandi er með hópnum þótt engin formlega kennsla fari fram.

„Þessar ferðir eru bæði fyrir byrjendur og lengra komna. Þær eru sérstaklega hentugar fyrir þá sem vilja prófa.“



„Það þurfa allir að prófa eina hestaferð um ævina,“ segir Steinunn Guðbjörnsdóttir, markaðsstjóri Íshesta.

MYND/PIETUR



Ríðið á Löngufjörum á Snæfellsnesi.

MYND/GÍGJA EINARS



Lagt af stað í Hraunferð frá hestamiðstöð Íshesta.

MYND/GÍGJA EINARS

**STOLTUR TÖFFARI**

Kúrekar Villta vestursins hafa alltaf verið sveipaðir ákveðnum dýrdarljóma. Staðalmynd kúrekans er einmana töffari sem er engum háður og fer sínar eigin leiðir. Á hinn bóginn hefur hlutverk kúrekastelpunnar ekki verið jafn áberandi. Enginn efast um að konur hafi verið mikilvægt vinnuafli á nautgripabúum vestursins en staðalmynd kúrekastelpunnar varð ekki til fyrr en Villta vesturssýningar fóru af stað snemma á tuttugustu öldinni. Þar sýndu konur reiðlistir sínar, snörun og skotfimi og voru kúrekastelpur eins og Fannie Sperry Steele alveg jafn harðar í horn að taka og kúrekastrákarnir. Ímynd kúrekastelpunnar hefur nú fengið uppreisn æru í teiknimyndafígurinni Dísu úr Leikfangasögu.

Dísa er hugrökk, stolt, viðkvæm og íþróttamannsleg. Yfir henni hvílir ákveðinn drungi og hún á erfitt með að treysta öðrum eftir að hafa verið yfirgefin af eiganda sínum. Hún er því mjög sambærileg hinum þekktu staðalmyndum kúreka vestursins og sannur töffari eins og kúrekastelpu er von og vísa.

**ÚTFLUTNINGUR ÍSLENSKA HESTSINS****Á fyrri hluta síðustu aldar**

voru tugir þúsunda íslenskra hesta seldir úr landi. Flestir enduðu á Bretlandseyjum og Danmörku og voru nýttir til vinnu í kolanámum og á bóndabæjum. Um miðja síðustu öld hófst útflutningur á reiðhestum. Vinsældir þeirra hafa vaxið mikið undanfarna áratugi og eru þeir sérstaklega vinsælir í Evrópu og í Bandaríkjunum. Finna má fleiri íslenska hesta erlendis í dag en á Íslandi, en yfir hundrad þúsund hestar hafa verið fluttir út eða fæðst erlendis. Árið 1969 voru stofnuð alþjóðleg samtök eigenda íslenskra hesta, FEIF, sem innihalda félög frá átján löndum. Auknar vinsældir íslenska hestsins erlendis hafa gert hrossaræktun að mikilvægri atvinnugrein hérlendis.

FIMM GANGTEGUNDIR ÍSLENSKA HESTSINS

Fet er fjórtakta sviflaus gangtegund sem þýðir að tveir og jafnvel þrjú fætur eru samtímis á jörðu. Á fetgangi á hesturinn að ganga slakur og frjáls. Gott er að byrja og enda reiðtúra á feti sem virkar sem upphitun fyrir hestinn og slökun í lokin.

Brokk er tvítakta skástæð svifgangtegund sem þýðir að tveir fætur koma alltaf niður samtímis og er léttasta gangtegundin fyrir utan fet. Hestar kjósa helst brokk á ósléttu landi.

Stökk er þrítakta gangtegund með svifi og getur hesturinn stokkið ýmist upp á hægri eða vinstri fót. Til að átta sig á takti gangsins má slá með þremur puttum í borð til að heyra taktinn.

Tölt er fjórtakta sviflaus hliðarhreyfing með ýmist einn eða tvo fætur á jörðu í einu. Hesturinn hækkar sig að framan og gefur eftir bakið, þannig að þunginn færast meira á afturfæturna. Tölt er jafnframt sérkenni Íslenska hestsins.

Skeið er tvítakta hliðarhreyfing með svifi. Oft notað í stutta spretti með miklum hraða. Aðeins tilkomumiklir alhliða hestar búa yfir þessari gangtegund.

Heimild: ismennt.is



**Forsölu
lýkur
15. maí**



Landsmót hestamanna Reykjavíkur 2012

25.06 – 01.07

Athugið að forsölu lýkur 15. maí. Sæti í stúku, miðar á landsmót og hjólhýsastæði – allt bókanlegt á www.landsmot.is

Verð í forsölu (til 15.maí 2012):

2 x 10.000 kr. vikupassi fullorðinn..... 20.000 kr.
1 x 4.000 kr. vikupassi unglundur 4.000 kr.
Hjólhýsastæði 13.000 kr.
Alls..... 37.000 kr.

Verð eftir 15.maí:

2 x 15.000 kr. vikupassi fullorðinn..... 30.000 kr.
1 x 5.000 kr. vikupassi unglundur 5.000 kr.
Hjólhýsastæði 15.000 kr.
Alls..... 50.000 kr.

Taktu þátt í forsöluleiknum

Dregið verður 15. maí úr keyptum miðum í forsölu. Í verðlaun er flug fyrir tvo til Evrópu með Iceland Express.

Minum á afsláttarkjör félaga í LH og BÍ. N1 korthafar fá 1.000 kr afslátt.

Iceland Express



• ALLTAF LÆKKAD VERÐ

MEÐ VERÐVERND INTERSPORT*



ETIREL DILBA

Bolur með hálsíðum ermum. 95% bómull og 5% elastín. Litir: Röndóttur rauður eða blár. Dömustærðir.

fullt verð
7.490
6.490



ETIREL MIMMI

Renndömupeysa. 53% bómull og 47% polyester. Litir: Ljósblá eða ferskjulituð. Dömustærðir.



2.490

ETIREL LADY

Hlýrabolur, röndóttur. 95% bómull og 5% elastín. Litir: Röndóttur bleikur eða blár. Dömustærðir.



2.690

ETIREL KELLY

Stuttermabolur. 100% bómull. Röndóttur. Dömustærðir.



3.990

ETIREL LADY

Dömu pólóbolur. Litir: Ferskju, röndóttur blár eða rauður. Dömustærðir.

6.490

ETIREL KEEGAN

Dömbuxur, 3/4 sídd. Litir: Svartar eða hvítar. Dömustærðir. Fæst í Intersport Lindum og á Bíldshöfða.



INTERSPORT

LINDUM / BÍLDSHÖFÐA / AKUREYRI / SELFOSSI / www.intersport.is / GILDISTÍMI: 12. – 19. MAÍ ÞAÐ ER SPORTAÐ SPARA

*Ef þú hefur keypt vöru í Intersport og finnur sömu vöru á lægra verði í annarri verslun, þá endurgreiðum við þér mismuninn. Sýna þarf kassakvittun. Gildir í tveir vikur frá kaupdegi og gildir um allar vörur nema útsölu- eða tilboðsvörur.

JARÐVEGURINN UNDIRBÚINN



PARFAPING VIÐ RÆKTUN Kalk, skófla og þaramjöl er meðal þess sem gott er að hafa við höndina.

Áhrif sýrustigs

- Sýrustig jarðvegsins er táknað með svokölluðum pH-einingum þar sem kvarðinn er 0-14. Því lægri sem talan er því súrari er jarðvegurinn. Sýrustigið ræðst einkum af magni kalks og nýtsamar lífverur, svo sem ánamaðkar, þrífast best ef jarðvegurinn er þokkalega kalkríkur. Auðvelt er að mæla sýrustigið með þar til gerðum pH-mæli.
- Sýrustig hefur áhrif á hvernig næringarefni leysast upp í jarðveginum og þar með hvernig þau nýtast plöntunum.
- Æskilegt sýrustig fyrir langflestar matjurtir er pH-6 til 6,5 en góður árangur getur náðst þó það sé ögn lægra. Kartöflum hentar til dæmis best 5,2-5,8 pH.
- Ef kalki er bætt í mold getur hún þurft nokkurn tíma til að jafna sig áður en ný mæling getur talist marktæk.

Heimildir: Stóra garðabókin/Forlagið 1997 og Árstíðirnar í garðinum/Sumarhúsið og garðurinn 2011.

Skiptiræktun

Ólíkar gerðir grænmetis nýta næringarefni í jarðveginum misvel. Með því að skipta reglulega um tegundir í matjurtagarðinum má draga úr líkum á jarðvegsþreytu og að sjúkdómar nái að hreiðra um sig. Einföld skiptiræktun felst í að rækta rótarárvexti eitt árið en kál, salat og aðrar tegundir sem nýtast með ofanjarðarvexti næsta ár og þannig koll af kalli.



VIÐ VERMIREIT Arnar setti niður túlpanalauka í fyrrihaust til að hafa eitthvað fallett fyrir augunum þegar hann er að puða í garðinum á vorkvöldum.

Ylurinn smýgur inn í moldina

Sumir leggja meiri vinnu í matjurtagarða sína en aðrir. **Arnar Tómasson** hárgreiðslumeistari á Salon Reykjavík er einn þeirra. Hann hefur smíðað volduga viðarkassa til að bæta ræktunarskilyrðin. Hann lýsti áformum sínum og yndisstundum í garðinum fyrir *Gunnþóru Gunnarsdóttur*.

Arnar Tómasson hárgreiðslumeistari er í vorverkum. Forræktar plöntur heima en segir ekki kominn tíma á að setja þær út. Hann kveðst hafa erfitt ræktunaráhugann frá henni ömmu sinni, Þóru Sandholt. „Amma var með græna fingur og mikil blómakona,“ segir hann. „Ég er aðallega í matjurtum en sting samt alltaf blómlaukum niður í beðin á haustin. Þeir koma upp snemma og þá hef ég eitthvað fallett fyrir augunum á vorin meðan ég er að puða í garðinum. Þegar maður er með pínulitlar plöntur í höndunum efast maður ósjálfrátt um að nokkuð verði úr þeim en með eitthvert undur fyrir augunum er auðveldara að trúá því.“

Plássíð nýtist betur

Arnar er í garðlandinu sínu, vopnaður hamri og kvísl. Hann er að leggja lokahönd á viðarramma úr mótatimbri í kring um upphækkuð moldarbed. Kann greinilega víðar til verka en á hársnyrtistofunni. Hann segir smíði kassanna ekki hafa tekið langan tíma. „Við vorum tveir sem gerðum þetta saman. Smíðurinn átti sögina og aðalvinnan tók svona fjóra tíma. Við grófum nokkra búta niður meðfram beðunum og negldum borðin utan á þá. Það má auðvitað nota hvaða timbur sem er, ég veit um konu sem hirti spýtur sem átti að henda og bjó til svona kassa úr þeim en ég keypti nýjan mótavið af því ég þekki engan í kringum mig sem er að byggja.“

En hvert er gildi svona kassa fyrir ræktunina? „Í fyrsta lagi nýtist plássíð betur. Það er hægt að vera með plöntur algveg út í horn á kössunum en í venjulegu, upphrúguðu moldarbedi fer alltaf dálítið pláss til spillis í brúnunum. Ég get kannski sett fimm kálhousa í hverja röð, í staðinn fyrir þrjá. Með því að vera með svona mikla upphækkun þá er ég líka að hita beðið upp, sem þýðir meiri uppskeru og fyrr. Ylurinn smýgur gegnum trékassann og inn í moldina.“

Þegar stungið er upp á að mála kassana svarta til að þeir dragi í sig enn meiri varma hristir Arnar



NÝSMÍÐI Arnar kann að beita hamri og sög ekki síður en hárlippigræjunum.

höfuðið efablandinn. „Það gæti orðið of mikill hiti og þurrkur. Svo er þetta líka spurning um kemisk efni í málningunni. Ég yrði að velja lífræna málningu því ég er bara með lífræna ræktun.“

Jafnast á við gott jóga

Þetta er fjórða vorið sem Arnar ver tómsundurinn sínum í garðinum því ræktunarbakterían gerði fyrst vart við sig eftir hrun. „Það var Lilja vinkona mín sem hvatti mig til að prófa að rækta – mér fannst það ólíkleg hugmynd fyrst. En í þeirri atburðarás sem var í kringum hrunið, allt þetta ofbeldi á Austurvelli og óróleikann í samfélaginu, þurfti ég að finna mér einhvern stað þar sem ég fengi frið og ró í sálinni og ég fann hann í móður jörð. Að rækta garðinn sinn og róta í mold er að rækta sálina sína og jafnast á við gott jóga.“ Er það ekki líka hagstætt fyrir budduna? skýtur blaðamaður að. „Jú, en það er það minnsta. Fyrir sálina er það svo afskaplega heilbriggt að sjá eitthvað vaxa. Þetta litla kraftaverk að sjá pínulítið fræ verða að einhverju er svo stórkostlegt.“

Skyldi allt hafa lukkast sem Arnar hefur prófað að rækta til þessa? „Já, að mestu, en reyndar er það ekki aðalatriðið, heldur að eiga þessar tómsundir. Svo er auðvitað skemmtilegt að slást við nýjar tegundir og gera tilraunir.“

Þegar forvitnast er um hvenær hann fari að planta í beðin svar-

ar Arnar: „Bara þegar sumarið kemur, einhvern næstu daga. Ég byrjaði að forrækta í febrúar, fór um áramótin í Garðyrkjuháskóla ríkisins í Hveragerði, sótti tíma þar einu sinni í viku í ræktun lífræna matjurtu hjá honum Ingólfi Guðnasyri í Engi. Þá lærði ég margt og nú eru tilraunir í gangi.“

Vill nýta blokkarlóðirnar

Í stað þess að fá sér búfjáraburð í garðinn kveðst Arnar nota sveppamassa og fiskimjöl. „Síðan þarf að mæla pH-gildi moldarinnar og stilla það eftir þeim tegundum sem á að rækta í henni. Það skiptir miklu máli. Ef hækka þarf sýrustigið þá setur maður kalk í moldina, en til að fá sýruna niður þarf að bæta brennisteini við hana. Þetta fæst allt í gróðrarstöðvum nema fiskimjölið. Maður þarf að beita klíkuskap til að nálgast það. Þekkingu mann sem þekkir mann sem...“

Arnar leigir garðland af Garðyrkjufélagi Íslands. Hann bendir á að sveitarfélögin leigi líka út reiti. „Mér finnst það ætti að vera boðið upp grenndargarða í hverju einasta hverfi og gefa fólki kost á þeirri hamingju sem ræktuninni fylgir,“ segir Arnar. „Mín hugmynd er reyndar sú að allir sem búa í fjölbýlishúsum ættu að geta verið með svona reiti á lóðunum sínum, sérstaklega þessum stóru lóðum við blokkirnar sem voru byggðar í kringum 1960 til 1970, þar sem enginn má leika sér.“



13. maí, kl. 14 -16:30

Hárkeppni í Hörpunni

Sunnudaginn 13. maí fer fram í á vegum Intercoiffure á Íslandi keppni í klippingu og litun. Keppendur eru ungt hársnyrtifólk frá Hársnyrtistofum á Íslandi.

Keppnin hefst klukkan: 14:00 og lýkur með verðlauna afhendingu klukkan 16:00-16:30

Keppnin fer fram á opnu svæði á fyrstu hæð Hörpunnar í samstarfi við Munnhörpuna. Öllum er velkomid að koma og fylgjast með ungom og ferskum hársnyrtum skilgreina götu tískuna á sinn hátt.



SPORT 2

enski boltinn

Síminn

ICELANDAIR

1011
...opið í 20 ár

OPIN KERFI

ÚRSLITASTUND

Vinsælasta deild í heimi • sérútgáfa • maí 2012

**HVERJIR VERÐA
MEISTARAR?**

**HVERJIR KOMAST
Í MEISTARAEILDINA?**

HVERJIR FALLA?

**ÞETTA KEMUR ALLT
Í LJÓS Á MORGUN!**

**LOKAUMFERÐIN Í BEINNI
Á MORGUN KL. 13.45**

MAN. CITY - QPR

SUNDERLAND - MAN. UTD.

WBA - ARSENAL

TOTTENHAM - FULHAM

SWANSEA - LIVERPOOL

EVERTON - NEWCASTLE

**SUNNUDAGSMESSAN
MÁNUDAGSKVÖLD
KL. 21.00**



Krossgáta

Lárétt

- Sá helsærði á heiðinni (8)
- Tuskuleikföng: Hér er skortur (7)
- Prís hjóla leiðir til þakka (9)
- Dönsk sjávarlóð fer ekki hátt (6)
- Hefur framleiddan, ekki meðfæddan (7)
- Frosinn ávöxtur í klakakrumlu (7)
- Fríður frauu er efni í ástarsögu (7)
- Sé fisk æða sundin (5)
- Evrópumennirnir loka lotur af (10)
- Hægur mótvindurinn (10)
- Greini gáfur, sjón og heyrn (7)
- Vaðfugl sem stundar brúnabrun? (8)
- Pokapopp er líka Walkman (9)
- Gömul orgelin hljóma líkt og ensk líffærin (7)
- Lítill lúlla þar sem flatneskja finnst (7)
- Skipa og flokka (4)
- Leita fiskafurða meðal hinna slitnu ræfla (9)
- Kollur skotnar og nýttar í annað (10)
- Lagast á leið til S-Svíþjóðar (6)
- Læknar frískar (6)
- Bið guðina að gera nef (9)
- Skrifinnar vilja Trío Pésa (6)
- Fer yfir rúmið sé þess óskað (8)
- Fróðleiksmoli og gáfugeiri þurrka upp (11)
- Slanga dekki stjórnumerki (10)
- Flís úr flei Nóa tíðkast í prentiðnaði (9)

Lóðrétt

- Heilagt kvæði og dauðs manns fés (8)
- Bóasöngur er hróka háttur (13)
- Hún er bæði guð og gyðja (5)
- Slæmar línur um vondan vilja (8)
- Hrakning verka rakin til stórvirkjana (9)
- Torskilin manneskja að vestan (9)
- Óhefluð, vannæring: Auðlindaþurrð? (14)
- Fel skel í föður (3)
- Gránar þing ytra og eystra (10)
- Helli heimilisiðnaði í lóðabelgina (11)
- Óvenju líflaus (8)
- Bitar flæmi afsökun (10)
- Búð Njarðar (6)
- Meðlæti: Súrublanda úr illgresi (10)
- Snurfusa samheiti bíla (4)
- Kappsamur klári loft úr lungum (6)
- Atvinna Arnar og enn duglegra fólks (6)
- Reikningar grilla ritara (10)
- Ekki er öll náð jafn fræg (7)
- Í skranskála og tautjaldi fæst skran og tau (7)
- Haslir verður kirna (6)
- Gleypi geimveru (2)
- Falleg ílát halda ekki vatni (6)
- Kreist rugl berist og berjist (6)
- Tómur sjóður (5)



Lausnarorð síðustu viku var BÆNDAGISTING



FORLAGIÐ

Vegleg verðlaun

Vikulega er dregið er úr innendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni *Dauði næturgalans* frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Hreinn Hjartarson, Reykjavík.**



Lausnarorð

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist tímamótaskáldsaga frá síðari hluta síðustu aldar. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 16. maí næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „12. maí“.

Tryggðu þér miða strax! Sími: 563-4000 eða á gamlabio.is

John Lennon lifnar við fyrir framan augu manns! Ótrúleg upplifun!
Ivar Guðmundsson - Bylgjunn

“Critic’s Choice!”
Los Angeles Times

“Amazing!”
VARIETY

“Petta er showið fyrir þann sem hefur alltaf dreymt um að fara á tónleika með John Lennon”
Þorvaldur Davíð - leikari

“Remarkable!”
BACKSTAGE WEST

“Go!”
LAWRENCE

“Brilliant!”
StageSceneLA

“Uncanny!”
RAVE MAGAZINE

just imagine

16. - 20. maí - Gamla Bíó Leikhús - Ingólfstræti 2a

Í ÞÁ TÍÐ: Árið 1953

Barn flugkappans Lindberghs fannst látið eftir mannrán

Tveimur mánuðum eftir að eins árs gömlum syni flugkappans Charles Lindbergh var rænt fannst hann látinn, skammt frá heimili sínu. Þýskur innflytjandi var dæmdur til dauða fyrir verknaðinn í umdeildum réttarhöldum.

Á þessum degi fyrir réttum 80 árum, hinn 12. maí árið 1932, fannst lík Charles Lindbergh yngri, sonar flugkappans fræga sem bar sama nafn, skammt frá heimili fjölskyldunnar, en þaðan hafði barninu verið rænt rúmum tveimur mánuðum áður.

Þetta varð að einu frægasta sakamáli Bandaríkjanna og er enn deilt um mála-vexti.

Það var að morgni 1. mars sem barnfóstran kom inn í barnaherbergið og drengurinn var á bak og burt. Bréfmíði fannst á gluggasyllunni þar sem krafist var lausnargjalds að upphæð 50.000 dalir.

Sönnunargögn á vettvangi og í nágrenni hússins bentu til þess að þeir sem þar voru að verki hefðu notað stiga til að komast inn um herbergisgluggann. Lindbergh var einn frægasti maðurinn í Bandaríkjunum eftir að hann flaug, fyrstu manna, yfir Atlantshafið fimm árum áður.

Lögreglu varð ekkert ágengt við rannsóknina, jafnvel þótt annar miði bærist frá ræningjunum þar sem gjaldið var hækkað upp í 70 þúsund.


Loks komst á samband í gegnum dagblaðaskrif og maður á vegum foreldrana hitti ræningjann og afhenti honum 50 þúsund dali. Drenginn átti að vera að finna í báti að nafni Nellie í nágrenni við Martha’s Vineyard í Massachusetts-ríki.

Leitin að bátinum bar hins vegar engan árangur og höfðu því glæpamennirnir komist undan með hinn illa fengna sjóð.

Það var svo, líkt og fyrr sagði, hinn 12. maí, sem lík Charles litla fannst í skóglendi nokkrum kílómetrum frá heimili hans. Hann hafði látist eftir höfuðhögg, sennilega sama dag og honum var rænt.

Ekkert gerðist í rannsókninni fyrr en um það bil ári síðar, þegar eitt verðbréfanna sem lausnargjaldið var greitt með, kom í leitirnar. Í september 1934 var Bruno Hauptmann, þýskur trésmiður, handtekinn. Á honum fundust fleiri bréf úr lausnargjaldsgreiðslunni og enn fleiri á verkstæði hans. Auk þess þótti Hauptmann svara til lýsingarinnar á manninum sem tók við greiðslunni og talaði einnig afar slæma ensku, sem þótti líkt því sem var skrifað á lausnargjaldsseðilinn sem mannræningjarnir skildu eftir.

Hauptmann neitaði alltaf sök. Sagðist hafa geymt bréfin fyrir vin sinn sem var þá látinn og hafi verið beittur ofbeldi í varðhaldinu. Dómurinn féllst ekki á það og hinn 3. apríl 1936 var hann tekinn af lífi í rafmagnsstólum.



EFTIRLÝSTUR Foreldrar Charles litla Lindbergh létu einskis ófrestað til að finna barnið. Leitin bar ekki árangur, en barnið fannst látið tveimur mánuðum eftir ránið.



KAUPI GULL

Magnús Steinþórsson gullsmíðasmeistari er að kaupa gull, gullpeninga og gullskartgripi. Einnig veiti ég góð ráð og upplýsingar.

Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið.

Opið alla helgina frá kl. 10 til 18

Samkvæmt skoðanakönnun Stöðvar 2 borgum við betur

Verið velkomin



Magnús Steinþórsson • Upplýsingar í síma 699 8000
Pósthússtræti 13 101 Reykjavík



38

SÓLEY TÓMASDÓTTIR borgarfulltrúi á afmæli í dag.
„Staðalmyndir og útlitsdýrkun er ekki það sem gerir þetta samfélag betra.“

+

GUÐRÚN ÁRNADÓTTIR
hjúkrunarkona
Barónsstíg 65, Reykjavík,
lést 8. maí á Hjúkrunarheimilinu Skjóli.
Útför hennar mun fara fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.


F.h. aðstandenda,
Guðrún S. Jakobsdóttir



+

Sambýlismaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir og afi,
ÁSBJÖRN ÖSTERBY
andaðist í Gautaborg 2. maí síðastliðinn.
Útför hans fer fram frá Selfosskirkju
föstudaginn 18. maí kl. 15.00.

Sonja Maglia
Arnar Österby Christensen
Ágúst Österby Christensen
Ólöf Österby Christensen
Eypór Österby Christensen
Björgvin Helgi Fj. Ásbjörnsson
og fjölskyldur



+

Innilegar þakkir færur við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu, dóttur og systur,
INGIBJARGAR RAGNARSDÓTTUR NORDEIDE
Lauvasveien 18, 3475 Sætre
Hurum, Noregi.

Hugheilar þakkir sendum við starfsfólki gjörgæsludeilda og hjartadeilda Landspítalans við Hringbraut fyrir einstaklega góða hjúkrun og hlýhug.

Arne Nordeide
Jorunn Nordeide
Sigrid Nordeide
Ragnar Nordeide
Magnus Juell Nordeide
Sigriður Einarisdóttir
Kristín Ragnarsdóttir
Þórunn Ragnarsdóttir
Málfriður Ragnarsdóttir
Einar Ragnarsson
Guðmundur Ragnarsson

Susanne Juell Gudbrandsen
Snorri Egilsson
Claudia Gluck
Þóra Friðriksdóttir



+

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,
BJÖRG HÁKONÍA HJARTARDÓTTIR
lést á Landspítalanum Fossvogi
sunnudaginn 6. maí. Jarðarförin fer fram frá Lindakirkju mánudaginn 14. maí kl. 13:00.

Þórarinn Ingi Jónsson
Smári Þórarinnsson
Rósa Þórarinsdóttir
Björk Þórarinsdóttir
Órvar, Nói, Vala, Ívar, Alexander, Sindri, Þröstur og Adda og langömmustelpurnar Alda, Gabriela Sif og Þórey

Magnús Andrésson
Kristinn Pétursson



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Vaktími:
581 3300 & 896 8242
www.utfarin.is

Allan sólarhringinn Sverrir Einarsson Kristín Ingólfssdóttir Hermann Jónsson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242



ÚTFARARÞJÓNUSTA
Davíðs Ósvaldssonar ehf.

ÞEKKING-REYNSLA-ALUÐ
24 tíma vakt
Sími 551 3485

Davíð H. Ósvaldsson S: 896 8284 • Óli Pétur Friðbjólfsson S: 892 8947



+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
JÓHANNA KRISTIN GUÐJÓNSDÓTTIR HJALTALÍN frá Brokey,
sem lést á Sjúkrahúsinu í Stykkishólmi mánudaginn 30. apríl, verður jarðsöngin þriðjudaginn 15. maí frá Stykkishólmskirkju kl. 14.00. Jarðsett verður í Narfeyrarkirkjugarði á Skógarströnd.

Freysteinn V. Hjaltalín
Friðgeir V. Hjaltalín
Laufey V. Hjaltalín
Guðjón V. Hjaltalín
barnabörn og langömmubörn.

Salbjörg Sigríður Nóadóttir
Þorsteinn Sigurðsson
Ásta Sigurðardóttir



+

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
JÓHANNA SIGRÚN INGÓLFSDÓTTIR
lést á Hjúkrunarheimilinu Skjóli 4. maí. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 14. maí kl. 13.00.

Þórunn Friðriksdóttir
Zóphónías Hróar Björgvinsson
Svali H. Björgvinsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Madi Björgvinsson
Inga Sigrún Jónsdóttir



+

Bróðir minn, mágur og frændi,
GUÐJÓN ARNÓR ÁRNASON
Vöðlum, Öundurarfirði,
lést þriðjudaginn 8. maí á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði. Útförin fer fram frá Holtskirkju laugardaginn 19. maí kl. 14.00.

Brynjólfur Árnason
Gunnhildur Brynjólfssdóttir
Árni Brynjólfsson
Erna Rún Thorlacius
Rakel Brynjólfssdóttir
og börn þeirra.

Brynhildur Kristinsdóttir
Þorsteinn Jóhannsson
Jón Sigurðsson



+

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát okkar ástæru,
RANNEIGAR ODDSDÓTTUR.
Sérstakar þakkir til starfsfólksins á 5. hæð á Hjúkrunarheimilinu Skjóli fyrir hlýhug og góða umönnun.

Jónína G. Kjartansdóttir
Finnur S. Kjartansson
Ágúst Oddur Kjartansson
Ragna S. Kjartansdóttir
Þórir Kjartansson
Helga Kjartansdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Emilía S. Sveinsdóttir
Guðrún Sveinbjörnsdóttir
Friðgeir P. Jóhannesson
Arna Magnúsdóttir



+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
VILBORG G. STEPHENSEN
kjólameistari,
verður jarðsöngin frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 15. maí klukkan 13.00.

Guðrún M. Stephensen
Hannes M. Stephensen
Magnús M. Stephensen
barnabörn og barnabarnabörn.

Sigurbjörn P. Bjarnason
Annika Stephensen
Sigrún Björnsdóttir



+

Ástkær eiginkona mín, móðir, okkar tengdamóðir, amma og langamma,
GUÐRÚN KARLSDÓTTIR
áður til heimilis að Dalatanga 6 Mosfellsbæ,
lést á Hjúkrunarheimilinu Eir þriðjudaginn 8. maí. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Jón Vigfússon
Edda Melax
Stefán Már Jónsson
Kolbrún Jónsdóttir
barnabörn og barnabarnabarn.

Günter Schmid
Hrefna Lind Borgþórsdóttir
Bæring Sigurbjörnsdóttir




MEÐ BLÓMAKRANSA Steinunn Sigurðardóttir og Elín Hirst skreyttar mæðrablómum sem verða víða til sölu á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

MÆÐRADAGSBLÓM: SELD Á MORGUN

Styrkja tekju- lágar konur

Mæðradagurinn er á morgun og margar konur verða þá gladdar með blómum, ýmist vöxnum upp af rótum eða handgerðum. Hinn nýstofnaði Menntunarsjóður Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur nýtur góðs af sölu hvors tveggja að sögn Elínar Hirst, formanns stjórnskjóðsins. Hún skipulagði, ásamt fleirum, átakið „konur hjálpa konum“ sem snerist um hönnun og gerð mæðradagsblóms en ágóðinn af sölu þess rennur í sjóðinn. „Við leituðum til Steinunnar Sigurðardóttur hönnuðar því við vissum að við fengjum eitthvað fínt út úr því, enda kom það á daginn. Steinunn tók ekkert fyrir hönnunina, heildverslunin Twill gaf efni og svo mættu á annað hundrad konur í Ráðhúsið og útbjuggu 700 falleg blóm í sjálfboðavinnu. Þau verða á sölustöndum í Kringlunni á morgun og víða á höfuðborgarsvæðinu, hjá Eymundssyni, Máli og Menningu, Ilse Jacobsen, Verslun Þjóðminjasafnsins og Kirsuberjatrénu svo aðeins örfáir staðir séu nefndir. En fleira kemur sjóðnum vel því Blóma-val, með blómabændur á bak við sig, ætlað að selja vandi og láta 1.000 krónur af hverjum þeirra renna í sjóðinn. Þannig að okkur eru að áskotnast fjármunir og svo er bara næsta mál að auglýsa eftir umsækjendum um styrki til náms á haustönn 2012.“

Menntunarsjóðnum, sem stofnaður var á sumardaginn fyrsta, er ætlað að styrkja tekjulágar konur til aukinnar menntunar svo þær eigi meiri möguleika á góðu framtíðarstarfi og hærri launum, að sögn Elínar. Hún segir margar konur þurfa á slíkri fjárhagsaðstoð að halda. „Umsóknirnar eiga ekki endilega að snúast um styrki til langskólanáms heldur ekki síður aukin starfsréttindi sem opna ákveðin tækifæri. Þá er tilgangi sjóðsins náð,“ segir hún.

Sjóðir til minningar um Elínu Storr og Guðrúnu Brandsdóttur eru grunnur að menntunarsjóðnum að sögn Elínar Hirst. Þeir hafa verið í vörslu Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur. Elín kveðst hafa verið viðloðandi Mæðrastyrksnefnd eftir að henni var sagt upp störfum hjá RÚV fyrir rúmum tveimur árum. „Ég hef unnið annað slag við matarúthlutun og fleira í Mæðrastyrksnefnd, þannig að ég er orðin þar nokkurs konar innanbúarkona. Þegar hugmyndin um sjóðinn vaknaði og ég var beðin að leggja honum lið fannst mér það sannur heiður,“ segir hún.

gun@frettabladid.is

+

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
MARGRÉT GUÐBJARTSDÓTTIR
frá Hvallátrun,
áður Þjórsárgötu 11, Reykjavík,
lést laugardaginn 5. maí og verður jarðsöngin þriðjudaginn 15. maí kl. 11.00 frá Fossvogskapellu.

Erla Bjarnadóttir
Reynir Bjarnason
Guðbjartur Bjarnason
barnabörn og barnabarnabörn.

Ásgeir Sigurðsson
Sharon Fudge



+

Hjartkær systir mín og frænka,
GUÐRÚN J. HALLDÓRSDÓTTIR
fyrrv. forstöðumaður
Námsflokka Reykjavíkur,
lést á Hjúkrunarheimilinu Skjóli 2. maí sl. Útförin fer fram miðvikudaginn 16. maí kl. 13.00 frá Hallgrímskirkju. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélög.

Fyrir hönd aðstandenda,
Hannes Halldórsson
Þorbjörg Hannesdóttir
Elisabet Halldórsdóttir



Vnr. 41616070
Vatnshelt sessubox,
acacia harðviður með
sessu, stærð 500x1280 mm.

29.990 kr.

Vnr. 41616004
HERITAGE stóll, acacia
harðviður, sessa fylgir.

11.490 kr.

Vnr. 41616008
Borð, 1400x800 mm,
acacia harðviður.

18.990 kr.

VERÐVERND BYKO
**LÆGSTA
VERÐIÐ**

NJÓTTU SUMARSINS Á PALLINUM

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.

1962-2012



Öll verð eru birt með lymreara um prentvillur og eða myndabreytingu. Allar vörur ísát í BYKO Bræddi en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Vnr. 41624117
MOSAIC borð, kringlótt,
60 cm, stálrammi með
borðplötu úr mósaik, grænt.

14.240 kr.



Vnr. 41624118
MOSAIC stóll, stálrammi
með setu úr mósaik, grænn.

7.590 kr.

KLÚBB verð
12.900 kr.



Vnr. 41624128
STEEL RATTAN borð og tveir
stólar. Plast/bast, ljósbrúnt,
5 mm hert gler í borði.

18.990 kr.



Vnr. 41621504
Teak borð, samanbrjótanlegt
og 2 stólar fellanlegir.
Stólar 89x47x43cm.
Borð 75x60x60cm

24.900 kr.



Vnr. 41621501
Teak sexhyrnt borð, saman-
brjótanlegt, 75x80x80 cm.
4 stólar, 89x47x43cm með
háu baki, fellanlegir.

49.990 kr.



Vnr. 41622122/3
Garðsett úr áli, plasthúðuð
viðaráferð, 6 stólar og borð
151x92 cm, viðhaldsfrítt.
Brúnt eða svart.

69.900 kr.

Vnr. 41616063
Bekkur, 110cm, acacia harðviður,
með svartri sessu.

7.990 kr.



Vnr. 41616069
Stóll, fellanlegur með
svartri sessu, acacia
harðviður.

6.990 kr.



Vnr. 41621529/4123-4
Markisa, 3,5x2,5 m, græn,
dökkblá og dökkgrá.

34.900 kr.

Vnr. 41616073
Sólbekkur með hjólum og
ljóstri sessu, acacia harðviður.

19.990 kr.



Vnr. 41622106
Sólstóll, plast/bast,
stálrammi.

7.990 kr.



ÓDÝRT PALLAEFNI

Fura, alheflað pallaefni,
gagnvarið, ECO-GR.

Vnr. 0058224
22x95 mm **185** kr./lm

Vnr. 0058274
27x95 mm **215** kr./lm

Fura, alheflað pallaefni,
A-gagnvarið.

Vnr. 0059954
95x95 mm **695** kr./lm

Fura, alheflað pallaefni,
AB-gagnvarið.

Vnr. 0058324
27x95 mm **245** kr./lm

Vnr. 0058504
45x95 mm **295** kr./lm

Verð frá **295** kr./lm

Vnr. 0058506
45x145 mm **515** kr./lm

Fylgstu með Bónus á Facebook



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



1979
KR. KG

KJÚKLINGABRINGUR



BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR

729
KR. KG

BÓNUS FULLELDAÐUR KJÚKLINGUR

TILBÚIN MATVARA
DARF AÐEINS AÐ HITA



BÓNUS
BUFFALO
VÆNGIR
800 GRÖMM

398
KR. 800 GR



BÓNUS
BUFFALO
LEGGIR
800 GRÖMM

598
KR. 800 GR



398
KR. 700 GR

PINK LADY EPLI PÖKKUR



Íslenskt grænmeti
ÞÚ VEIST HVADAN ÞAD KEMUR

459
KR. 1 KG.

ÍSLENSKIR TÓMATAR 1. KG PAKKAÐIR



195
KR. 2 STK.

TVÖ FERSK FUJI EPLI



275
KR. KG

SÆTAR KARTÖFLUR



159
KR. 280 GR

FERSKUR MAIS-STÖNGULL Á GRILLIÐ



59
KR. KG

HOLLENSKUR LAUKUR Í LAUSU !



359
KR. 200 GR

BÓNUS SPÍNAT FERSKT FRÁ SPÁNI



179
KR. KG

GUL MELÓNA



179
KR. KG

RAUÐ VATNSMELÓNA



79
KR. KG

HOLLENSKT HVÍTKÁL



69
KR. KG

RAUÐRÓFUR



79
KR. KG

HOLLENSKT RAUÐKÁL



195
KR. 2 LTR.



179
KR. 2 LTR.



139
KR. 500 ML

EUROSHOPPER SPORTDRYKKIR 500 ML.



HREINN ÁVAXTASAFI
ENGINN VIÐBÆTTUR SYKUR

159
KR. 3 FERN.

APPELSÍNU OG ELPLASAFI
3 FERNUR: 250 ML.



498
KR. 8 STK.

EUROSHOPPER ÍSTOPPAR 8 X 120 ML.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarkúbbur



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



198
KR. 450 G

BÓNUS SINNEP



198
KR. 400 G

BÓNUS REMÓLAFI



198
KR. 680 G

HUNTS TÓMATSÓSA



98
KR. 200 G

EUROSHOPPER STEIKTUR LAUKUR



498
KR. 550 G

HOLTA IO STK. KJÚKLINGAPYLSUR



359
KR. 480 G

IO STK. BÓNUS PYLSUR



198
KR. 240 G

5 STK. BÓNUS PYLSUR



159
KR. 5 STK.

BÓNUS PYLSUBRAUÐ



639
KR. 560 G

SS VÍNARPYLSUR IO STK.

nordanfiskur



1859
KR. KG.

FROSINN ÍSLENSKUR LAX BEINHREINSAÐUR M.ROÐI

BÓNUS NÝBAKAÐ BAGUETTE

129KR.



KAUFFÉLAG SKAGFIRÐINGA



1459
KR. KG.

KS FROSID LAMBALÆRI Í SNEIÐUM



100% NAUTAKJÖT

398
KR. 2 STK.

ÍSLANDSNAUT FERSKIR 2 X 140 GR. UNGNAUTA-HAMBORGARAR



229
KR. 612 ML

HUNTS GRILL SÓSA HONEY MUSTARD

229
KR. 612 ML

HUNTS ORGINAL BARBECUE SAUCE



498
KR. GLASID

SALT 136 GR - PIPAR 70 GR MEÐ KVÖRN Í TAPPANUM



1598
KR. PK.

FROSNIR NAUTAHAMBORGARAR IO STK X 120 GR.



1698
KR. IO STK.

IO STK. STÓRIR 120 GR. NAUTAHAMBORGARAR



159
KR. 4 STK.

BÓNUS STÓR HAMBORGARABRAUÐ



598
KR. 6 STK.

FROSNIR 6 X 120 GR FISKBORGARAR

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veitutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur



Á VEFSÍÐUNNI www.kidshealth.org er að finna ógrynni af upplýsingum fyrir krakka, allt frá uppskriftum og leikjum til forvitnilegs fróðleiks um starfsemi og uppbyggingu mannlíkamans.

Lísaloppa og Kata í ratleik

Bragi Halldórsson

15

„Hér eru tólf ávextir sem koma í þörum,“ sagði Lísaloppa. „Þautin er að finna hvaða ávextir eru eins.“ „Má borða þá þegar maður er búinn?“ spurði Kata. „Jú, jú, það má það,“ svaraði Lísaloppa. „Allt í lagi,“ sagði Kata. „Þú skal ég glíma við þessa þaut, því mér finnast ávextir góðir á bragðið, þótt það sé ekkert spennandi að finna tvo og tvo eins.“ „En heldur þú ekki að þeir bragðist mismunandi, það er að segja, að aðeins þeir sem eru eins bragðist eins?“ spurði Lísaloppa. Kata hugsaði sig um stutta stund. „Þú segir nokkuð. Nú lýst mér betur á þetta,“ sagði hún og bætti við ákveðin. „Brettum upp ermum, teljum ávextina og borðum þá upp til agna.“

BRANDARAKISTAN

Eínu sinni var maður með banana í eyrunum. Vinur hans kom að honum og sagði: „Veistu að þú ert með banana í eyrunum?“

„Ha?“ sagði maðurinn. „Þú ert með banana í eyrunum!“ endurtók vinurinn með hærrí rómi. „Ha?“ sagði maðurinn aftur. „ÞÚ ERT MEÐ BANANA Í EYRUNUM!“ hrópaði vinurinn. „Ég heyri bara ekkert í þér,“ sagði maðurinn. „Ég er nefnilega með banana í eyrunum.“

Það eru til þrjár tegundir af fólki. Þeir sem kunna að telja og þeir sem kunna það ekki.

Vitið þið af hverju hreindýr eru með horn? Því þau væru svo asnaleg með rúnstykki.

Eínu sinni var maður að hlusta á útvarpið þegar kynurinn segir: „Þú ert að hlusta á Bylgjuna.“ Maðurinn klóraði sér í hausnum og sagði: „Hvernig í ósköpunum vissi hann það?“

Þú getur sent brandara til krakkar@frettabladid.is

SKRÍTIÐ AÐ ANDA Í KAFI

Akureyringinn Pál Rúnar Bjarnason, 12 ára, langaði á köfunarnámskeið um leið og hann sá það auglýst. Hann var þá 11 ára og með yngstu Íslendingum í því sporti.

Ertu kallaður eitthvað annað en Páll Rúnar? „Já, ég er kallaður Palli.“

Hvað kom til að þú fórst að kafa? „Ég sá auglýsingu í fyrrasumar frá Köfunarskóla Norðurlands um krakkaköfun og sagði um leið við mömmu: „Ég ætla á þetta námskeið.“ Ég vildi vera eins og Gauti frændi sem kann að kafa.“

Hefurðu heyrt um fleiri á þínum aldri sem iðka köfun? „Við vorum tveir á köfunarnámskeiðinu í fyrra, ég og félagi minn Aron sem er ári yngri en ég. Elvar köfunarkennarinn okkar hélt að við værum þeir yngstu sem hefðu fengið skírteini hér á landi en ég held að það séu einhverjir fleiri búnir að læra þetta núna. Við fengum alþjóðaskírteini sem heitir Sealteam og er fyrir átta ára og eldri. Þá má maður kafa og gera æfingar í sundlaugum.“


Á hverju er byrjað? „Að setja köfunarbúnaðinn saman, fara yfir reglurnar og táknaði þvi það er ekki hægt að tala í kafi.“

Varstu hræddur þegar þú fórst fyrst í kaf? „Nei, en það var svolítið skrítíð að geta andað í kafi. Ég hef aldrei orðið hræddur, bara fundið fyrir góðri tilfinningu. Ég æfi sund og er mikið í vatni og þekki það því svo vel. Svo er ég búinn að smita pabba af köfunaráhuga. Hann er á námskeiði núna.“

Hvar kafar þú? „Ég hef ennþá bara kafað í sundlaugum. Þarf að læra meira áður en ég má kafa í sjónum, til þess þarf maður skírteini sem heitir Junior Open Water Diver sem er fyrir 10-14 ára krakka. Þá má kafa niður á 12 metra dýpi en bara með köfunarkennara.“

Hversu djúpt hefur þú kafað? „Ég hef ekki kafað mjög djúpt en meira verið að gera æfingar í kafi.“

Er þetta vandasamt sport? „Nei



PÁLL RÚNAR BJARNASON „Mig langar að starfa við köfun í framtíðinni,“ segir hann. MYND/GÍSLI DÚI HIÖRLEIFSSON


mér finnst það ekki, en það eru samt margar reglur sem þarf að læra til að vera öruggur. Erfiðast er að stilla flotjöfnunina, passa sig á að hvorki fljóta upp eða sökkva niður en skemmtilegast að gera æfingar eins og taka lungun út úr mér og finna þau aftur. Lungun eru stykkið sem maður er með í munninum og gefur manni loftið.“

Horfir þú á náttúrulífsmyndir sem eru teknar undir sjávarmáli? „Já, ég hef gaman af þeim. Mig langar að starfa við köfun þegar ég verð stór.“

Er köfun aðaláhugamálið eða áttu fleiri? „Ég æfi líka sund hjá sundfélaginu Óðni og hef áhuga á snjóbrettum, tölva, vísindum og geimnum.“

Ávaxtakarfan

- Allir krakkarnir sem ætla að vera með í leiknum setjast í hring á sessur eða stóla, nema einn sem byrjar í miðjunni.
- Þeim sem sitja er skipt upp í hópa eftir ávaxtahópum, þannig að einn hópur er epli, annar appelsínur, sá þriðji kiwi og svo framvegis. Fjöldi ávaxtategunda fer eftir fjölda þátttakenda, en ágætt er að miða við að að minnsta kosti þrjár séu með sama ávöxt. Ef barnahópurinn er 12 krakkar þarf því 4 ávaxtategundir, ef þeir eru 15 þarf 5 ávaxtategundir og þannig koll af kalli.
- Svo hefst leikurinn. Sá sem er í miðjunni nefnir einn ávöxt og þá stökkva allir sem eru með þann ávöxt af stað og skipta um sæti. Sá í miðjunni reynir líka að ná sæti. Sá sem engu sæti nær fer í miðjuna og svo er haldið áfram. Sá sem er í miðjunni getur líka sagt ávaxtakarfa og þá eiga allir að skipta um sæti. Krakkar frá sex ára aldri og upp úr skemmta sér konunglega í þessum leik, jafnvel þó að það séu engir sigurvegarar eða taparar.



www.ms.is

Fáðu þér góða mjólkurskvettu!

**FRÁBÆR VERÐ
Á FLOTTUM MERKJUM**



Fótboltaskór

frá Puma í miklu úrvali



PowerCat 1.10
Létt örtréfaefni.
Stærðir 40-46
Verð: 45.990 kr.
Outlet-verð: **22.990 kr.**

50%



PowerCat 1.10
Leður
Stærðir 41-46
Verð: 44.990 kr.
Outlet-verð: **26.990 kr.**

40%



PowerCat 4.10
Gerviefni
Stærðir 42-46
Verð: 11.990 kr.
Outlet-verð: **7.990 kr.**

33%

**Mikið úrval
af fótbolta-
skóm á börn
og fulloröna
í stökum
stærðum.
Verð frá
4.990 kr**



v5.10 - jr
Stærðir 34 - 39
Verð: 11.990 kr.
Outlet-verð: **7.990 kr.**

33%

**ÖRFÁ ÞÖR
EFTIR**



PowerCat jr
Stakar stærðir
Verð: 11.990 kr.
Outlet-verð: **8.990 kr.**

25%



King finale
Leður
Stærðir 41-46
Verð: 39.990 kr.
Outlet-verð: **22.990 kr.**

42%



Liga finale
Leður
Stærðir 41-46
Verð: 17.990 kr.
Outlet-verð: **11.990 kr.**

33%



**Liga finale
gervigras**
Leður
Stærðir 41-46
Verð: 17.990 kr.
Outlet-verð: **11.990 kr.**

33%



King Wn's
Leður
Stelpuútgáfa af
hinum vinsæla King-skó.
Stærðir 36-40,5
Verð: 33.990 kr.
Outlet-verð: **19.990 kr.**

40%



v6.10 - junior
Stærðir 28 - 38
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð: **4.990 kr.**

30%



v6.10 - junior
Stærðir 28 - 38
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð: **4.990 kr.**

30%



v1.10 K
Mjúkt K-leður
Stærðir 41-46
Verð: 49.990 kr.
Outlet-verð: **26.990 kr.**

46%



v1.10 K
Mjúkt K-leður
Stærðir 41-46
Verð: 49.990 kr.
Outlet-verð: **26.990 kr.**

46%

**Fótboltasokkar
Legghlífar
Hanskar
Boltar**



**v6.10 - junior
Gervigrasskór**
Stærðir 28 - 38
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð: **4.990 kr.**

30%




**v6.10 - junior
Gervigrasskór**
Stærðir 28 - 38
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð: **4.990 kr.**

30%

**SPORT
OUTLET**

Vínlandsleið 6
113 Reykjavík

Opið:
Virka daga kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-16
Sunnudaga kl. 13-17



Við erum í Vínlandsleið í Grafarholti

krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT
2. steypuefni, 6. umhverfis, 8. þunnur vökví, 9. gifti, 11. slá, 12. skokk, 14. vinna, 16. átt, 17. ferð, 18. kvenkyns hundur, 20. þurrka út, 21. truflun.

LÓÐRÉTT
1. flói, 3. þófi, 4. vörurými, 5. fyrirboði, 7. naggrís, 10. húðsepi milli taa, 13. gilding, 15. fimur, 16. arinn, 19. bókstafur.

LAUSN
15. frá, 16. stó, 19. ká.
5. spá, 7. mæsivín, 10. flt, 13. mál, 14. farnirum,
LÓÐRÉTT: 1. bugt, 3. í!, 4. farnirum,
LÁRÉTT: 2. gifts, 6. um, 8. lap, 9. gaf, 11. rá, 12. trinnm, 14. starf, 16. sv, 17. túr, 18. flk, 20. má, 21. ónád.

Stóra förðunarmálið

BAKÞANKAR Erlu Hlynsdóttur

Mér var hugföst í morgun stórfrettin af konunni sem var ómáluð á almanna-færi, og skelti á mig smá maskara áður en ég fór með barnið á leikskólann. Til þess auðvitað að misbjóða ekki starfsfólki leikskólans. Og hinum foreldrunum. Og börnunum!

ÞESSAR fréttir dúkka alltaf upp reglulega: „Kona var ótilhöfð innan um annað fólk“ og „Kona fór út úr húsi án þess að ráðfæra sig við stílستا“.

NÝJASTA „hneykslið“ í bandarískum stjórnmálum er sú staðreynd að Hillary Clinton, sem var í opinberum erindagjörðum á Indlandi sem utanríkisráðherra, fór í sjónvarpsviðtöl án þess að mála sig.

Þannig hljóma fyrirsagnirnar en Hillary var reyndar með varalit. Það er samt aukaatriði. Hún var ekki með meik, hún var ekki með kinnalit og hún var ekki með maskara. Hún var „au naturel“, eins og sagt var í fjölmiðlum.

VIRTIR miðlar á borð við CNN og Washington Post hafa fjallað um málið. Já, þessir miðlar fjölluðu um förðunarleysi Hillary. Hún hirti

ekki einu sinni um að vera með sjónlinsur þennan dag. Hún sleppti því meira að segja að setja hárið upp.

SUMUM fannst Hillary þarna sýna sérstakt hugrekki. Sumum fannst hún bara líta ansi vel út. Þessir sumir litu á þetta sem yfirlýsingu um að Hillary leggi meiri áherslu á að vinna vinnuna sína en að setja á sig maskara.

ÞDRIR (sem vinna hjá miðlum sem gefa lítið fyrir demókrata) skrifuðu fréttir um að Hillary hlyti einfaldlega að hafa gleymt að mála sig og að hún væri einstaklega þreytuleg.

EFLAUST myndi skapast hættuástand í íslensku samfélagi ef Jóhanna Sigurðardóttir eða Sóley Tómasdóttir myndu mæta ómálaðar í viðtal.

ÞEGAR CNN spurði Hillary um þetta mikilvæga mál, sagði hún: „Mér er svo létt að vera á þessum stað í lífinu. Ef mig langar að vera með gleraugu, þá set ég upp gleraugu. Ef mig langar að setja hárið upp, þá geri ég það. Stundum eru þetta hlutir sem ekki þarf að leggja í tíma og vinnu. Vilji aðrir hafa áhyggjur af þeim, þá ætla ég að leyfa þeim, til tilbreytingar, að hafa áhyggjur.“

(Auðvitað passaði ég upp á að vera máluð á myndinni sem hér fylgir.)



STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

vísir

FÉLAG FASTEIGNASALA

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Overli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



FRÉTTIR VÍSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.

Meira sjónvarp, meira útlarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf,

meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á vísi.

Meiri Vísir.

Veitingahús · Bar

Silfur Tunglið

Silfurtunglið opnar á ný eftir 37 ár
Komið og fagnið með okkur
Frábær opnunartilboð

Opið öll kvöld frá 17.30

Grillaður nautaborgari

með goudaosti,
heimagerðri sinnepssósu,
lauk, tómát, salati,
beikoni og frönskum kartöflum

& bjór/gos

kr. 1.500,-

Þriggja rétta

Freyðandi skelfisksúpa

með humri, rækju, kræklingi
og hörpuskel

Grillaður og gljáður lambaleggur

með mjúkri kartöflumús, gulrót,
blaðlauk, norrænum kryddum og lambasósu

Mjúk súkkulaðikaka

ásamt mjólkursúkkulaðimús og hnetuís
með salthnetum og karmellusósu

kr. 3.990,-

Djúsí grísaloka

grillað hvítlauskryddað brauð
með hægelduðum grísaþóg
í grillsósunni okkar,
lauk og frönskum kartöflum

& bjór/gos

kr. 1.500,-

Bökuð blálanga

í blöðrukáli með mjúkri kartöflumús,
vorlauk, reyktri svínasiðu
og freyðandi sinnepssósu

& léttvínsglas

kr. 2.200,-

Romain kjúklingasalat

brakandi ferskt salat með kjúklingi,
stökku beikoni, camembert osti,
engiferdressingu og Doritos

& léttvínsglas

kr. 1.500,-

Happy hour á barnum 17.30 - 19.00

 Finnið okkur á Facebook

Silfurtunglið

| Snorrabraut 37

| 105 Reykjavík

| 571 6900

| info@silfurtunglid.is

Tilboðin gilda til 31. maí 2012



GRÉTAR RAFN STEINSSON verður ekki með Bolton á móti Stoke á morgun í lokaumferð ensku úrvalsdeildarinnar vegna meiðsla og hefur væntanlega spilað sinn síðasta leik fyrir félagið en samningur hans rennur út í sumar. Bolton verður að vinna leikinn og treysta á það að Heiðar Helguson og félagar í Queens Park Rangers ná ekki í stig á móti toppliði Manchester City. Heiðar gæti komið aftur inn í lið QPR eftir nárameiðsli.



HNÍFAFNT Titillinn ræðst væntanlega á markatölu. NORDICPHOTOS/GETTY

Lokaumferðin í enska:

City einum sigri frá titlinum

FÓTBOLTI Manchester-liðin keppa um enska meistaratitilinn í lokaumferð ensku úrvalsdeildarinnar á morgun. Man. City er ofar á betri markatölu (+ 8 mörk) og ætti því að öllu eðlilegu að nægja sigur á heimavelli á móti Heiðari Helgusyni og félögum í QPR nema að Man. United taki upp á því að vinna risasigur á útivelli á móti Sunderland.

Mark Hughes, þjálfari QPR og fyrrum stjóri City-liðsins, segist ekki vera í hefndarhug en hans menn geta hjálpað United að vinna tuttugasta meistaratitilinn og koma í veg fyrir fyrsta meistaratitil City síðan 1968.

„Við verðum bara að gera okkar besta og vona að eitthvað heimskulegt komi fyrir City,“ sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United sem er að reyna að gera liðið að meisturum í þrettánda sinn. - 66j

Byrjun Skagamanna í sumar:

Fullt hús eftir tvo boðar gott

FÓTBOLTI Skagamenn eru með fullt hús eftir tvo leiki í Pepsi-deild karla en þetta er í fyrsta sinn í tólf ár sem Skagamenn ná sex stigum út úr fyrstu tveimur leikjum sínum í úrvalsdeild.

Í sex síðustu skipti hefur ÍA-liðið unnið titil þegar liðið hefur verið með fullt hús eftir tvær umferðir. Þetta er líka mikil breyting frá fyrri árum því ÍA-liðið fékk aðeins samtals eitt stig út úr fyrstu tveimur umferðunum 2006 til 2008. - 66j

ÍA með fullt hús eftir 2. umferð í úrvalsdeild karla:

2012 -	???
2000 -	Bikarmeistarar
1996 -	Íslandsmeistarar, bikarmeistarar
1995 -	Íslandsmeistarar
1993 -	Íslandsmeistarar, bikarmeistarar
1984 -	Íslandsmeistarar, bikarmeistarar
1983 -	Íslandsmeistarar, bikarmeistarar



EINS OG KÓNGUR Í RÍKI SÍNU KR-ingar voru örugglega orðnir þreyttir á Páli Gísla sem sýndi frábæra markvörslu í glæstum sigri ÍA gegn KR. FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐMUNDUR

EINS OG EFTIR HANDRITI

Páll Gísli Jónsson, markvörður ÍA, er leikmaður 2. umferðar Pepsi-deildar karla hjá Fréttablaðinu. Páll Gísli átti frábæran leik með Skagamönnum er þeir gerðu sér lítið fyrir og skelltu Íslandsmeisturum KR í fyrsta heimaleik sínum í sumar.

FÓTBOLTI Nýliðar ÍA hafa farið frábæra af stað í Pepsi-deildinni. Þeir hafa unnið fyrstu tvo leiki sína. Lykilmaður í báðum sigrum er markvörðurinn Páll Gísli Jónsson sem hefur varið eins og berserkur.

„Þetta var alveg óþolandi,“ sagði Páll Gísli sþukur um sigurinn í leiknum gegn KR en heyrna mátti á honum að menn voru enn hátt uppi. „Það var ekki hægt að biðja um það betra. Þetta var eins og eftir handriti. Að fá KR í fyrsta leik heima og vinna.“

Páll Gísli neitar því ekki að hann er ánægður með eigin frammi-stöðu og má vel vera það.

„Ég er í flottu formi og betra en undanfarin ár,“ sagði markvörðurinn knái en hann hefur lent í miklum meiðslum í gegnum tíðina.

„Það var árið 2008 sem ég fékk brjós-klos og sleit krossband. Ég missti alveg af tímabilinu 2008 og rétt náði nokkrum leikjum sumarið 2009. Var svo að koma upp 2010 og það er í raun ekki fyrr en í fyrra sem ég komst aftur í almennilegt form.“

Drátt fyrir mikið mótlæti kom það aldrei til greina hjá Páli Gísla að gefast upp og hætta.

„Það var aldrei inn í myndinni

enda er þetta svo gaman. Auðvitað tók það á að rífa sig upp aftur en ég luftsáðist í gegnum það og þá var þetta komið.“

Páll Gísli þakkar styrktarþjálfaranum Dean Martin fyrir það í hversu góðu formi hann sé. Martin, sem orðinn er 39 ára, er sjálfur í frábæru formi og átti fína innkomu í leikinn gegn KR þar sem hann lagði upp sigurmark leiksins.

„Hann er vélmenni. Ótrúlegur maður. Hann er með þetta og gæti mætt á vaxtarræktarmót eftir tíu mínútur ef hann vildi. Hann væri ekki í neinum vandræðum með það.“

Markvörðurinn nýtur þess einnig að vera hjá þjálfara, Þórði Þórðarsyni, sem var áður markvörður og síðar markmannsþjálfari Páls Gísla áður en hann tók við sem aðalþjálfari ÍA.

„Mér finnst það meiri háttar. Hefðbundna markmannsþjálfunin hefur minnkað en við markverðirnir fáum samt æfingar sem við förum eftir. Hann æfir okkur meira sér á veturna. Hann var líka frábær markmannsþjálfari og ég bý vel að því sem hann kenni mér. Hann Þórður veit alveg hvað hann syngur.“

Lítið hefur farið fyrir Þórði

þjálfara en hann er einn fárra markvarða sem hafa farið í þjálfun. Páll Gísli segir hann vera góðan þjálfara.

„Þórður er ofboðslega fagmannlegur í öllu sem hann gerir og veit nákvæmlega hvað hann vill. Ég er virkilega ánægður með hann. Ég er handviss um að hann á eftir að gera góða hluti. Hann er grantharður en sanngjarn. Það er ekkert kjaftæði í kringum hann. Hann segir hlutina eins og þeir eru og ef menn geta ekki tekið því þá verður það að vera þannig.“

Páll segir að það sé mikil stemning á Akranesi og almenn ánægja með að liðið sé aftur komið í efstu deild. henry@frettabladid.is

Lið umferðarinnar

3-4-3	
Páll Gísli Jónsson	ÍA
Rene Troost	Breiðablik
Ármann Smári Björnsson	ÍA
Freyr Bjarnason	FH
Ingimundur Niels Óskarsson	Fylkir
Rúnar Már Sigurjónsson	Valur
Frans Elvarsson	Keflavík
Jóhann Birir Guðmundsson	Keflavík
Atli Guðnason	FH
Óskar Örn Hauksson	KR
Gary Martin	ÍA



FANNDÍS FRÍDRÍKSDÓTTIR Fyrirliði Breiðabliks. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Pepsi-deild kvenna af stað:

Enda Blikarnir sjö ára bið?

FÓTBOLTI Pepsi-deild kvenna í fótbolta hefst á sunnudaginn. Meðal leikja verður leikur Breiðabliks og Fylkis sem verður í beinni á Stöð 2 Sport klukkan 19.15.

Blikakonum er spáð titlinum í árlegri spá fyrirliða, þjálfara og forráðamanna en þær hafa ekki orðið meistarar í sjö ár sem er jöfnun á lengstu bið Blika síðan að fyrsti titillinn af fimmtán vannst árið 1977. Umferðin hefst þó klukkan 16 með tveimur athyglisverðum leikjum milli liða sem var spáð öðru til fimmta sæti. ÍBV tekur þá á móti Val í Eyjum og Íslandsmeistarar Stjórnunnar heimsækja Þór/KA fyrir norðan.

Síðustu tveir leikir umferðarinnar eru síðan á milli nýliða Selfoss og KR annars vegar og Aftureldingar og nýliða FH hins vegar. Þeir hefjast klukkan 19.15. - 66j

Pepsi-deild karla í fótbolta:

Er spáin enn að stríða KR?

FÓTBOLTI Íslandsmeistarar KR náðu aðeins í eitt stig út úr fyrstu tveimur umferðum Pepsi-deildar karla og þrátt fyrir að skora fjögur mörk í leikjunum á móti Stjórnunni (2-2) og ÍA (2-3).

Það verður seint sannað hvort einhver tengsl séu á milli slakrar byrjunar KR-inga og því að KR sé spáð Íslandsmeistaratitlinum en tölfræðin segir þó sína sögu.

KR-liðið hefur nefnilega aðeins náð í samtals 2 stig (af 18 mögulegum) í fyrstu tveimur umferðunum í þrjú síðustu skiptin sem KR hefur verið spáð Íslandsmeistaratitlinum í árlegri spá þjálfara og fyrirliða (2004, 2010 og 2012). - 66j

Nilfisk ALTO
works for you

Hobby háþrýstidælar
Tilboð frá 8.980 kr.

C100.5-5 háþrýstidæla
Lítil, nett og ódýr háþrýstidæla.

C120.3-6 háþrýstidæla
Dæla fyrir þá sem vilja góða háþrýstidælu.

Buddy 15
Lítil og nett ryk- og vatnssuga

Affix 30-01
Óflug ryk- og vatnssuga sem heitir vel í erfið verkefni.

P160 2-15 X-tra háþrýstidæla
Dæla fyrir minni fyrirtæki, bændur, stóra bíla, vinnuvélar o.fl. Innbyggður efnablöndari og hreinsiefnahólf sem tekur 4 lítra.

Ryk- og vatnssuga
Tilboð frá 12.547 kr.

Háþrýstidælar, ryk- og vatnssugur
- á vortilboði

Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

Úrslitaleikur Vals og Fram í N1-deild kvenna í dag:

Fyrsti oddaleikurinn um titilinn í tíu ár

HANDBOLTI Það er risaleikur í Vodafone-höllinni klukkan 14.00 í dag þegar Íslandsmeistarar Vals taka á móti Fram í úrslitaleik um Íslandsmeistaratitil kvenna.

Fram tryggði sér oddaleik með dramatískum eins marks sigri í Safamýri á miðvikudaginn en Framkonur geta í dag unnið sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil síðan 1990. Valskonur geta aftur á móti unnið Fram í lokaúrslitum þriðja árið í röð.

Þetta er fyrsti oddaleikurinn um titilinn hjá konunum síðan 2002 þegar Haukar unnu Stjórnuna með 19 mörkum gegn 18. Stjarnan og Haukar voru þá að spila fjórða úrslitaleikinn um titilinn á aðeins sex árum (1996, 1997, 1998) en Víkingur vann Stjórnuna 24-21 í fyrsta oddaleiknum árið 1992.



STELLA SIGURDARDÓTTIR Hefur verið frábær í lokaúrslitunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Stella Sigurdardóttir skoraði sigurmark Fram í síðasta leik og er langmarkahæsti leikmaður lokaúrslitanna með 31 mark eða 7,8 að meðaltali í leik. Hún hefur skorað 21 mark í sigurleikjunum tveimur en aðeins 10 mörk í tapleikjunum. - 66j



Kauptu þennan í dag. Settu gamla bílinn uppí nýjan Ford Kuga á hagstæðu verði í dag.
Spartæknin er loksins komin á 4 hjól - heitir Titanium S

Komdu í kaffi. Kynntu þér spartækni Ford.



Fáðu flottari bíl
295.000 kr. vortilboð
Fáðu meira fyrir minna

Lífið er gott tilboð

Upphitanleg framrúða!

Hefurðu heyrt talað um
upphitanlega framrúðu
- alla rúðuna?

Fáðu flottari bíl 295.000 kr. vortilboð

Nýttu þér vortilboðið í dag. Þú færð meiri gæði
fyrir sama pening. Þú færð aukalega
upphitanlega framrúðu, bakkskynjara aftan,
langboga á þakið, aurlíffar og fleiri flottheit að
verðmæti 295.000 kr. Komdu í dag.

Fáðu meira fyrir minna

Settu gamla bílinn uppí nýjan

Tökum allar tegundir
bíla uppí nýja

Koltvísýringur CO2: 159 g/km
Eldsneyti: frá 5,1 l/100 km í langkeyrslu
2,0 TDCi dísil 140 hestöfl beinskiptur
**Ford Kuga Titanium S AWD sportjeppi
Vortilboðið 5.390.000 kr.**

Mánaðargreiðsla 48.584 kr.*
Árleg hlutfallstala kostnaðar 10,82%

Komdu í kaffi Komdu í Brimborg í dag Ilmandi vortilboð

Opið milli 12 - 16

Spyrðu um
verksmiðjuábyrgð
í allt að 5 ár

Opið í dag

Komdu og skoðaðu Ford
milli kl. 12 - 16
Bíldshöfða 6

Settu gamla bílinn uppí nýjan

Tökum allar tegundir
bíla uppí nýja

Kauptu Titanium S AWD
beinskiptan eða
sjálfskiptan með dísilvél

brimborg

Öruggur staður til að vera á

> Pierce Brosnan

„Þegar aðrir trúu ekki á þig þarftu að trúu á þig sjálfur.“

Bondinn Brosnan lendir líklegast sjaldan í því að fólk trúu ekki á hann. Hann þenur raddböndin og stígur nokkur létt spor í Abba-myndinni Mamma Mia á Stöð 2 Bíói í dag klukkan 10 og 16.



dagskrá


sunnudagur

SUNNUDAGSKVÖLD

> Stöð 2 kl. 21.55

The Killing

Önnur þáttaröð af þessum mögnuðu spennuþáttum sem byggja á dönsku spennuþáttunum Forbryðelsen. Haldið verður áfram þar sem frá var horfið í fyrstu þáttaröðinni, sem endaði með mikilli dramatik. Unglingsstúlkan Rosie Larsen var myrt og nú beinast öll spjót að stjórnmálanum Darren Richmond. Málið er þó langt frá því að vera upplýst og spennan magnast með hverjum þætti. Sífellt koma nýjar upplýsingar fram í dagsljósið sem leiða rannsóknarlögreglumennina á mismunandi slóðir. Fyrsta þáttaröðin af The Killing var tilnefnd til sex Emmy-verðlauna, þar á meðal fyrir aðalhlutverk (Mireille Enos) og aukahlutverk (Joel Kinnaman og Michelle Forbes).



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.03** Morgunandakt **08.00** Morgunfréttir **08.05** Á tónsviðinu **09.00** Fréttir **09.03** Íslensk menning **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Hinn fríðlaus snillingur **11.00** Guðsþjónusta í Hafnarjarðarkirkju **12.00** Hádegisútlarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Vísja **14.00** Útvarpsleikhúsið: Morðin á Sjöunda **15.00** Sögur af misgöðum mönnum **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Úr tónlistarlífinu **17.25** Vestur um haf **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Skomringar **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Óskalogin **19.40** Fólk og fræði **20.10** Mörk mannskeppunnar **21.05** Tilraunaglasíð **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Sker **23.15** Sagnaslóð **00.00** Fréttir **00.05** Næturútlarp Rásar 1

RÚV

08.00 Morgunstundin okkar
10.35 Alla leið (4:5) (e)
11.30 Leitinn að stórlaxinum (1:3) (e)
12.00 Listahátíð 2012 (e)
12.30 Sílfur Egils
13.50 Heimur orðanna – Notkun og misnotkun (3:5) (Planet Word) (e)
14.50 Blái naglinn
15.40 Svört sól (Sort sol) (e)
15.55 Úr viðjum vanans (Breaking the Mould: The Story of Penicillin)
17.20 Tákn málsfréttir
17.30 Skellibær
17.40 Teitur
17.55 Pip og Panik
18.00 Hreiðar heimski
18.25 Draumagarðar (Drømmehaver)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfregnir
19.40 Landinn
20.15 Höllin (16:20) (Borgen)
21.15 Átjándi öldin með Péttri Gunnarssyni (3:4)
21.50 Sunnudagsbíó - Óseyri (Delta) Ungversk mynd um Mihail sem snýr heim í þorpið sitt. Hann byggir sér hús og samband hans við systur sína verður fullnáið.
23.25 Sílfur Egils (e)
00.45 Dagskrárlok

BÍÓ

08.10 Charlie St. Cloud
10.00 Mamma Mia!
12.00 Chestnut: Hero of Central Park
14.00 Charlie St. Cloud
16.00 Mamma Mia!
18.00 Chestnut: Hero of Central Park
20.00 In the Name of the Father
22.10 Platoon
00.10 We Own the Night
02.10 War
04.00 Platoon
06.00 The Elementary Particles

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
12.00 Nágrannar
12.40 Nágrannar
13.20 Nágrannar
13.45 American Idol (36:40)
14.35 The Block (6:9)
15.25 New Girl (13:24)
15.50 How I Met Your Mother (5:24)
16.20 Mad Men (5:13)
17.10 Mið-Ísland (8:8)
17.40 60 mínútur
18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.40 Sjálfstætt fólk (30:38)
20.20 The Mentalist (20:24) Fjórða serían um Patrick Jane, sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á að baki glæsilegan feril við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbetta athyglisgáfu sína.
21.05 Homeland (10:13) Carrie Mathieson starfar fyrir bandarísku leyniþjónustuna og fær upplýsingar um að hryðjuverkasamtök hafi náð að snúa bandarískum stríðsfanga á sitt band.
21.55 The Killing Önnur þáttaröð af þessum mögnuðu spennuþáttum þar sem Sarah Linden reynir að komast til botns í morðmáli sem flækist sífellt. Unglingsstúlkan Rosie Larsen var myrt en málið er þó langt frá því að vera upplýst og spennan magnast með hverjum þætti. Sífellt koma nýjar upplýsingar fram í dagsljósið sem koma rannsóknarlögreglumönnum á mismunandi slóðir.
22.40 60 mínútur Glænýr þáttur í virtustu og vinsælustu fréttaskýringaþáttaröð í heimi.
23.25 The Daily Show: Global Edition (16:41) Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíf.
23.50 Smash (10:15)
00.35 Game of Thrones (6:10)
01.30 Silent Witness (2:12)
02.20 Supernatural (12:22)
03.00 The Event (9:22)
03.45 Medium (9:13)
04.30 The Mentalist (20:24)
05.15 Mið-Ísland (8:8)
05.40 Fréttir

SPORT

besta sætið

09.50 ÍA - KR
11.40 Formúla 1: Spánn BEINT Frá kappakstrinum í Barcelona.
14.10 Gulleikur
16.05 Ensku bikarmörkin
16.40 Pepsi mörkin Öll mörkin og umdeildu atvikin í leikjum Pepsi-deildar karla í knattspyrnu. Hörður Magnússon stýrir þættinum og honum til halds og trausts eru Hjörvar Hafliðason, Tómas Ingi Tómasson og Reynir Leósson.
17.45 Spænski boltinn: Betis - Barcelona
19.50 NBA: Miami Heat - Indiana Pacers BEINT
22.30 Breiðablik - Fylkir Útsending frá leik Breiðabliks og Fylkis í Pepsi-deild kvenna í knattspyrnu. Leikurinn er sýndur í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport 3 og Vísi kl. 19.10.
00.15 Spænski boltinn: Real Madrid - Mallorca Útsending frá leik Real Madrid og Mallorca í spænsku úrvalsdeildinni.

SPORT 2

enski boltinn

10.00 Liverpool - Chelsea
11.50 Premier League Review 2011/12
12.45 Premier League World
13.15 Premier League World
13.45 Man. City - QPR BEINT Lokaumferðin í ensku úrvalsdeildinni. Sýnt verður beint frá leikjum Man. City - QPR, Sunderland - Man. Utd., WBA - Arsenal, Tottenham - Fulham, Swansea - Liverpool og Everton - Newcastle á öðrum rásum Stöð 2 Sport.
16.00 Stoke - Bolton
17.45 Chelsea - Blackburn
19.30 Everton - Newcastle
21.15 Sunderland - Man. Utd.
23.00 WBA - Arsenal
00.45 Tottenham - Fulham
02.30 Swansea - Liverpool

EXTRA

16.15 Íslenski listinn
16.40 Bold and the Beautiful
17.20 Bold and the Beautiful
18.00 Bold and the Beautiful
18.25 Falcon Crest (19:30)
19.15 Ísland í dag - helgarúrval
19.40 Njónskólinn
20.15 American Idol (35:40) (36:40)
22.25 Mið-Ísland (8:8)
22.55 Damages (10:13)
23.40 Falcon Crest (19:30)
00.30 Íslenski listinn
00.55 Sjáðu
01.20 Fréttir Stöðvar 2
02.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
12.50 Dr. Phil (e)
13.35 Dr. Phil (e)
14.20 Dr. Phil (e)
15.05 90210 (15:22) (e)
15.55 Britain's Next Top Model (9:14) (e)
16.45 Once Upon A Time (19:22) (e)
17.35 Unforgettable (3:22) (e)
18.25 Girlfriends (12:13) Skemmtilegur gamanþáttur um vinkonur í blíðu og stríðu.
18.45 Solsidan (4:10) (e)
19.10 Top Gear (2:7) (e)
20.10 Titanic - Blood & Steel (5:12) Vönduð þáttaröð sem segir frá smíði Titanic. Hulunni hefur verið svipt af fortíð Marks, honum til mikillar skelfingar, enda er veruleikinn mun sárari en það sem hann trúði um eigin fortíð.
21.00 Law & Order (9:22) Al-ræmdur fjölamorðingi er laus úr fangelsi. Lögreglan fylgir honum eins og skugginn en hann nær að losna undan eftirliti þeirra með skelfilegum afleiðingum.
21.45 Californication (2:12) Bandarísk þáttaröð með David Duchovny í hlutverki syndaselsins og rithöfundarins Hank Moody.
22.15 Lost Girl (2:13) Yfirnáttúrulegir þættir um stúlkuna Bo sem reynir að ná stjórn á yfirnáttúrulegum kröftum sínum, aðstoða þá sem eru hjálparpurfi og komast að hinu sanna um uppruna sinn.
23.15 Blue Bloods (13:22) (e)
00.05 The Defenders (6:18) (e)
00.50 Californication (2:12) (e)
01.20 Psych (1:16) (e)
02.05 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America **07.00** Golfing World **07.50** The Players Championship 2012 (3:4) **12.50** Golfing World **13.40** The Players Championship 2012 (3:4) **18.00** The Players Championship 2012 (4:4) **23.00** The Open Championship Official Film 2010 **23.55** ESPN America

BBC entertainment

06.15 QI **07.15** EastEnders **09.15** Come Dine With Me: Supersize **10.50** QI **11.20** Shooting Stars **11.55** Top Gear **13.40** QI **15.40** Come Dine With Me: Supersize **17.15** QI **17.45** Shooting Stars **18.15** The Graham Norton Show **19.00** Derren Brown: Trick or Treat **19.50** Peep Show **20.20** QI **20.50** Shooting Stars **21.20** Bill Bailey: Tinselworm **22.15** Beautiful People **23.15** QI **23.45** Shooting Stars **00.15** The Graham Norton Show **01.05** Derren Brown: Trick or Treat **01.55** Peep Show **02.30** QI **03.00** Shooting Stars

DR 1

09.05 Victorious **09.30** Ponskolen **10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** BingoBoxen **10.25** Europa under pres **10.55** OBS **11.00** Verdens skrappeste foreldre **12.00** Gudstjeneste i DR Kirken **12.45** Verdens fedeste byer **13.35** Downton Abbey **14.45** Sherlock Holmes **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.05** Ekspedition Ny Guinea **18.00** Downton Abbey **19.00** 21. Søndag **19.40** Fodboldmagasinet **20.10** Bonderøven **20.40** Inspector Rebus **21.50** Blod, sved og ris **22.20** Den sidste fjende

NRK 1

07.05 Lindmo **07.55** Uventet besok **08.25** Karanba! **08.55** Schrödgers katt **09.25** Min idrett **09.55** Hund i huset **10.25** Litt av et liv **11.30** Maestro **12.30** Ut i naturen **13.00** Danmark fra kyst til kyst **14.00** X-fighters **15.30** Underveis **16.00** Bondeknolen **16.30** Newton **17.00** Søndagsrevyen **17.45** Sportsrevyen **18.05** Levende landskap **18.35** Naturens mirakel-ungar **19.25** Miss Marple **21.00** Kveldsnytt **21.20** Filmbonanza **21.50** Filmens historie **22.55** London 2012 **23.25** Miss Marple

svt1

11.00 Student 92 ...men sen då? **11.30** Polly och monsterbilen **12.00** Inför Eurovision Song Contest 2012 **13.00** Högläckat **13.30** Suits **14.10** Rapport **14.15** Förortsprinsessan **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Landet runt **17.00** Sportspegeln **17.30** Rapport **17.55** Regionala nyheter **18.00** Mästarnas mästare **19.00** Birdsong **20.25** The Big C **20.55** Rapport **21.00** Smartare än en femteklassare **22.00** Riktiga män **22.55** Humor godkänd av staten **23.10** Sportspegeln **23.40** Rapport **23.45** Birdsong

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

skemmtilegri

THE KILLING

HVER MYRTI ROSIE LARSEN?

Magnaður þáttur byggður á dönsku spennuþáttaröðinni Forbryðelsen

Ný þáttaröð hefst á sunnudag kl. 21.55

JAKKAFATADAGAR

...þú færð útskriftarfötin hjá okkur

Skyrta og bindi
frá Maó fylgir með
öllum jakkafötum
út maí

Jakkaföt frá:
29.990 kr.

galleri **sautján**

Kringlunni | Smáralind

Kíkið á okkur á ntc.is eða á [facebook](https://www.facebook.com/gallerisautjan)

> Stöð 2 kl. 20.20
Secretariat

Diane Lane og John Malkovich leika aðalhlutverkinn í þessari áhrifa-miklu mynd sem byggð er á sönnunum atburðum. Hún fjallar um konu sem tekur við rekstri hestabúgarðs föður síns og tekst að vinna glæsta sigra á veðhlaupabrautinni.




VIÐ TÆKIÐ STÍGUR HELGASON SOFNAR

Virðið tímamörkin

Ríkisútvarpið býður landsmönnum nú að fylgjast með ævintýrum Sherlocks Holmes í nútímauppfærslu BBC. Það eru ægilega breskir og furðulegir þættir en sjarmerandi þó. Aðalleikarinn er búinn að draga upp tiltölulega óþægilegan karikatúr af spæjaranum góðkunna og hver þáttur er yfirdrifnari en sá á undan. Ekkert af þessu er þó sérstaklega slæmt og líklegt er mesti lösturinn hvað þetta er langt prógramm – níutíu mínútur stykkið. Þetta eru í raun engir sjónvarpsþættir heldur bara heill haugur af bíómyndum sem krefjast þolgaðis og þrautseigju. En þær eru all-tént betri en bandaríska brelluveislan.

Þótt langir sjónvarpsþættir séu til ýmissa hluta nýtsamlegir bjóða þeir líka upp á vanda-mál. Það er nefnilega mun líklegt að maður sofni yfir klukkutímalöngum þætti af The Wire heldur en ef hann væri þessar hefðbundnu fjórutíu mínútur. Og það er óþolandi að sofna yfir marg-slöngnu sjónvarpsefni af því að þegar maður snýr svo aftur að skjánum þarf maður að horfa á tíu mínútur, korter af efni sem maður veit að maður hefur séð í svefnrofnum en man samt ekkert eftir. Skilaboðin eru þessi: Fjórutíu mínútur er fin lengd. Látið hana í friði.



dagskrá

RÚV

- 08.00 Morgunstundin okkar
10.20 Óvænt heimsókn (4:5) (Uventet besøg) (e)
10.50 Grillað (2:8)
11.20 Leiðarljós (Guiding Light) (e)
12.00 Leiðarljós (Guiding Light) (e)
12.40 Kastljós (e)
13.10 Sofie Gråbøl (Autograf) (e)
13.45 Úrslitakeppnin í handbolta BEINT frá úrslitaleik Fram og Vals í kvenna-flokki.
15.50 EM í knattspyrnu (8:8) Hitað upp fyrir keppnina sem fer fram í sumar.
16.15 Leitinn að Sherlock Holmes (The search for Sherlock Holmes)
17.05 Ástin grípur unglínginn (39:61)
17.50 Tákmaláfréttir
18.00 Ólympíuvinir (4:10) (Store Nørd)
18.25 Úrval úr Kastljósi
18.54 Lottó
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.40 Ævintýri Merlins (4:13) (The Adventures of Merlin II)
20.30 Alla leið (4:5)
21.35 Hjónalíf (Married Life)
23.05 Vaktmennirnir (Watchmen) Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
01.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

BÍÓ

- 08.00 The Wedding Singer
10.00 Knight and Day
12.00 Next Avengers: Heroes of Tomorrow
14.00 The Wedding Singer
16.00 Knight and Day
18.00 Next Avengers: Heroes of Tomorrow
20.00 Get Shorty
22.00 Underworld: Rise of the Lycan
00.00 Winter of Frozen Dreams
02.00 One Last Dance
04.00 Underworld: Rise of the Lycan
06.00 In the Name of the Father

STÖÐ 2

- 11.25 Njónskólinn
11.50 Bold and the Beautiful
12.30 Bold and the Beautiful
13.10 Bold and the Beautiful
13.35 American Idol (35:40)
15.00 Sjálfstætt fólk (29:38)
15.40 ET Weekend
16.25 Íslenski listinn
16.50 Sjáðu
17.20 Pepsi mörkin
18.30 Fréttir, íþróttir og lottó
19.04 Ísland í dag - helgarúrval
19.29 Veður
19.35 Wipeout USA (4:18) Skemmti-þáttur þar sem buslugangurinn er botnlaus og glíman við rauðu boltana aldrei myndnar.
20.20 Secretariat Mögnuð mynd með Diane Lane og John Malkovich í aðalhlutverkum og byggð á sönnunum atburðum. Þrátt fyrir að hafa ekki vit á veðreiðum ákveður Panny að taka við rekstri hestabúgarðs föður síns. Í þeim karlaheimi mætir hún miklu mót-læti en tekst henni að vinna glæsta sigra.
22.20 The Front Spennandi sakamála-mynd um einkaspæjara í úthverfi Boston sem fær inn á borð til sín gamalt sakamál sem hann þarf að komast til botns í. Því dýpra sem hann kafar í málið þeim mun meiri hættu stöðjar að honum.
23.50 Observe and Report Bráðfyrindin gamanmynd með Seth Rogen, Anna Faris og Ray Liotta í aðalhlutverkum. Ronnie Barnhardt er öryggisvörður í verslunarmiðstöð sem tekur starf sitt mjög alvarlega. Þegar flassarí lætur til skarar skríða leggur Ronnie allt í söluvar til að handsama öfuguggann. Þegar ekkert gengur er gamalreynndur lög-reglumaður fenginn til að afgreiða málið og það fellur ekki í góðan jarðveg hjá Ronnie.
01.15 Notorious Dramatísk kvikmynd sem byggð er á sannsögulegum atburðum um rapparann Notorious eða Christopher Wallace sem var myrtur árið 1997 og tókst aldrei að hafa hendur í hári morðingjans.
03.20 Fired Up Gamanmynd um tvo góða vini á menntaskólaaldri, þá Shawn og Nick, sem eru meðlimir í ruðningsliði menntaskólans síns. Hugarinn hjá þeim er þó aldeilis ekki allur við íþróttina, heldur hafa þeir meiri áhuga á klappspyrnum skólans.
04.50 ET Weekend
05.35 Fréttir

SPORT besta sætið

- 08.55 Formúla 1: Spánn - Æfing 3 (B)
10.00 Evrópueldin: Atlético Madrid - Athletic Bilbao
11.50 Formúla 1: Spánn - Tímataka (B)
13.30 NBA: LA Clippers - Memphis
15.20 Pepsi mörkin
16.30 The Science of Golf Í þessum þætti er rennt yfir golfsveifluna eins og hún leggur sig.
17.00 Fréttarþáttur Meistaradeildar Evrópu
17.30 Formúla 1: Spánn - Tímataka
19.20 La Liga Report
19.50 Spænski boltinn: Betis - Barcelona (B)
21.50 Box: Hopkins - Dawson
23.50 Spænski boltinn: Betis - Barcelona

SPORT 2 enski boltinn

- 10.05 Premier League Review 2011/12
11.00 Premier League Preview
11.30 Premier League World
12.00 West Ham - Cardiff
13.50 Birmingham - Blackpool
15.40 Blackburn - Wigan
17.30 Liverpool - Chelsea
19.20 Man. City - Man. Utd.
21.10 Chelsea - Newcastle
23.00 Stoke - Everton

EXTRA

- 17.30 Nágrannar
18.10 Nágrannar
18.50 Nágrannar
19.15 Spurningabomban (6:10)
20.05 Twin Peaks (18:22)
20.55 The Good Guys (2:20)
21.40 Bones (14:23)
22.25 Rizzoli & Isles (6:10)
23.10 True Blood (3:12)
00.05 Better With You (21:22) (22:22)
00.55 ET Weekend
01.40 Íslenski listinn
02.05 Sjáðu
02.30 Fréttir Stöðvar 2 og dagskrárlök

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
11.30 Dr. Phil (e)
12.10 Dr. Phil (e)
12.55 Got to Dance (11:15) (e)
13.45 Eldhús sannleikans (1:10) (e)
14.05 HA? (27:27) (e)
14.55 The Firm (11:22) (e)
15.45 Franklin & Bash (5:10) (e)
16.35 The Biggest Loser (1:20) (e)
18.05 Girlfriends (11:13)
18.25 Necessary Roughness (5:12) (e)
19.15 Minute To Win It (e)
20.00 America's Funniest Home Videos (21:48) Bráðskemmtilegur fjölskyldu-þáttur þar sem sýnd eru myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
20.25 Eureka (18:20) Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ þar sem helstu snillingum heims verið safnað saman og allt getur gerst.
21.15 Once Upon A Time (19:22) Frá framleiðendum Lost koma þessir vönduðu og skemmtilegu þættir sem gerast bæði í ævintýralandi og nútímanum.
22.05 Saturday Night Live (19:22) NFL-stjarnan Eli Manning er gestastjórnandi að þessu sinni.
22.55 This is England Einstök kvikmynd sem dregur upp sannfærandi mynd af þjóð-félagsástandi í Englandi á Thatcher-tímanum.
00.40 Jimmy Kimmel (e)
01.25 Jimmy Kimmel (e)
02.10 Lost Girl (1:13) (e)
03.10 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

- 06.00 ESPN America 07.35 Inside the PGA Tour (19:45) 08.00 The Players Championship 2012 (2:4) 14.00 Golfing World 14.45 The Players Championship 2012 (2:4) 18.00 The Players Championship 2012 (3:4) 23.00 The Open Championship Official Film 2009 23.55 ESPN America

N4

Endursýnt efni frá liðinni viku.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.30 Árla dags 06.36 Bæn 06.40 Veðurfregnir 07.00 Fréttir 08.00 Morgunfréttir 08.05 Við sjávarsíðuna 09.00 Fréttir 09.03 Út um græna grundu 10.00 Fréttir 10.05 Veðurfregnir 10.15 Kvika 11.00 Vikulokin 12.00 Hádegisútlarp 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregnir 13.00 Flakk 14.00 Til allra átta 14.40 Listræninginn 15.20 Málstofan 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Glæta 17.05 Matur er fyrir öllu 18.00 Kvöldfréttir 18.17 Skurðgráfan 18.50 Veðurfregnir 18.53 Dánarfrégnir 19.00 Óperukvöld Útvarpsins: Fidelio 21.30 Smásaga: Hvítar smámýs 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfregnir 22.10 Orð kvöldsins 22.20 Fyrr og nú 23.15 Stefnumót 00.00 Fréttir 00.05 Næturútlarp Rásar 1

BBC entertainment

- 08.35 QI 09.05 QI 09.40 QI 10.10 QI 10.40 QI 11.10 QI 11.40 QI 12.10 QI 12.40 QI 13.10 Top Gear 14.50 QI 15.30 Shooting Stars 16.00 Doctor Who 16.45 Doctor Who Confidential 16.55 Strictly Come Dancing 18.15 Strictly Come Dancing 19.20 Father & Son 20.05 Father & Son 20.50 QI 21.20 QI 21.50 QI 22.15 QI 22.45 QI 23.15 QI 23.45 QI 00.15 QI 00.45 QI 01.15 Doctor Who 02.00 Doctor Who Confidential 02.15 Father & Son 03.05 Father & Son 03.50 QI

DR 1

- 08.25 Ramasjang Mix 08.50 Aaron Stone 09.10 Victorious 09.40 Trolspejlet 10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 Tidens tegn 10.55 Sign up 11.10 Jamie Olivers Amerika 12.00 Merlin 12.45 Mord på hjemmet 14.29 Sporløs skilt 14.30 Sporløs 15.40 Far søndagen 16.00 Min sport på vej mod OL 16.20 Held og Lotto 16.30 TV Avisen med vejret 16.55 Sportlyt 17.10 De kæere dyrebørn 18.00 Junglebogen - jagten på abemes skat 19.30 Sherlock Holmes 21.00 De 39 trin 22.25 Blinded Angels

NRK 1

- 08.30 Eurovisjonens konkurranse for unge musikere 10.00 Fridrett. Diamond League 11.00 Munter mat 11.30 Adresse Baku 12.35 Jakta på lykka 13.05 Den store reisen 13.55 Verda við skaper 14.45 4-4-2 17.00 Lørdagsrevyen 17.45 Lotto-trekning 17.55 Amigo Grande 18.25 Litt av et liv 19.30 Adresse Baku 20.35 London 2012 21.05 Kveldsnytt 21.20 Inside Man 23.25 Dansefot jukeboks m/chat 01.55 Norge rundt

svt1

- 09.00 Från Lark Rise till Candleford 10.00 Rapport 10.05 Bakom kulissemå i Vigelandsparken 10.15 Mästarnas mästare 11.15 Göteborgsarvet 13.00 Handboll 13.45 Rapport 13.50 Handboll 15.00 Semester, semester, semester 15.20 Robins 15.50 Helgmalingsringning 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport 16.15 Go'kväll 17.00 Sverige! 17.30 Rapport 17.45 Sportnytt 18.00 Smartare än en femteklassare 19.00 Downton Abbey 20.05 Downton Abbey 20.55 Rapport 21.00 Suits 21.45 Kaka på kaka 22.05 8 miljoner sätt att dö

INN

- 17.00 Motoring 17.30 Eldað með Holta 18.00 Hrafnabing 19.00 Motoring 19.30 Eldað með Holta 20.00 Hrafnabing 21.00 Græðlingur 21.30 Svartar tungur 22.00 Björn Bjarnason 22.30 Tölvur tækni og vís-indi 23.00 Fiskikóngurinn 23.30 Bubbi og Lobbi 00.00 Hrafnabing

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

- FM 88,5 XA-Radíó FM 90,9 Gullbylgjan FM 95,7 FM957 FM 96,7 Létt Bylgjan FM 98,9 Bylgjan FM 100,5 Kaninn FM 102,9 Lindin
FM 90,1 Rás 2 FM 93,5 Rás 1 FM 96,3 FM Suðurland FM 97,7 X-ið FM 99,4 Útvarp Saga FM 102,2 Útvarp Latibær FM 105,5 Útvarp Boðun

BM VALLÁ

bmvala.is

BM Vallá ehf.
Breiðhófa 3
110 Reykjavík

Sími: 412 5050
Fax: 412 5001
sala@bmvala.is

BM Vallá ehf.
Austursíðu 2
603 Akureyri

Sími: 412 5203
sala@bmvala.is

Byggðu til framtíðar með BM Vallá

BM Vallá framleiðir byggingavörur úr íslenskum hráefnum, sérhannaðar fyrir íslenskar aðstæður og samkvæmt ítrustu gæðastöðlum.

Leitaðu til reynslumikilla fagaðila áður þú leggur í framkvæmdir – og byggðu til framtíðar.

Flotefni

Smellinn+

Múrvörur

Hellur og hleðsta

Garðeiningar

Smellinn hús

Ál-/trégluggar

BÍLAKAFFI

RENNDU VIÐ HJÁ OKKUR Á LAUGARDAGSRÚNTINUM Í DAG



HVAÐ FÆST FYRIR GAMLA BÍLINN?

Við tökum að sjálfsgöðu notaða bílinn sem greiðslu upp í nýjan og á laugardögum er tilvalið að fá upplýsingar hjá sölumönnum um hvernig það getur litið út.

HYUNDAI IX35

Verð frá 5.590.000 kr.



HYUNDAI I30

Verð frá 3.190.000 kr.



RENAULT CLIO

Verð frá 2.390.000 kr.

KAFFI OG MEÐLÆTI

Á laugardögum er skemmtilegt að kíkja í heimsókn, skoða bíla og fá að reynsluaka þeim nýjustu í salnum. Verið velkomin til okkar við tökum vel á móti ykkur með kaffi og meðlæti.



NISSAN JUKE

Sjálfskiptur og hlaðinn búnaði
Verð 3.990.000 kr.



Bjarni Ó.

Gummi

Thomas

Gunni

Jói Berg

Kalli

Rúnar

Bjarni Þ.

NÝR QASHQAI DÍSIL



Ný dísilvél eyðir aðeins frá 4,6 l/100 km sem er með því allra lægsta sem þekkist í fjórhjóladrifnum sportjeppum.
Verð frá 4.990.000 kr.

TAKA FERSKIR Á MÓTI ÞÉR!

Sölumenn okkar hafa alltaf tíma til að setjast niður með þér yfir rjúkandi bolla. Littu inn í kaffi, spjall og reynsluakstur. Við tökum höfðinglega á móti þér.



Magnús Ingvarson

Aldur: 51 árs.
Starf: Framhaldsskólakennari.
Fjölskylda: Kona mín heitir Guðrún Agnes Þorsteinsdóttir og saman eigum við tvö börn.
Foreldrar: Ingvi Guðjónsson og Þóra Magnúsdóttir.
Búseta: Ártúnsholtið.
Stjórnumerki: Ég er ljón.



Magnús er formaður Manchester City-klúbbsins á Íslandi og fer á lokaleikinn í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta á morgun.

Norðmenn taka misjafnlega í Þór

Íslenska teiknimyndin Þór heldur áfram flakki sínu um heiminn og var á dögnum frumsýnd hjá nágrönnum okkar í Noregi. Gagnrýnendur þar í landi eru ekki á einu máli um myndina þó að flestir gefi henni jákvæða dóma. Leikstjórar Þór eru Óskar Jónasson, Gunnar Karlsson og Toby Genkel en myndin er framleidd af CAOZ. Norðmenn hafa beðið með nokkurri eftirvæntingu eftir myndinni enda er söguþráður hennar skírskotun í norræna goðafræði sem er þeim vel kunn.

Gagnrýnandi dagblaðsins Adresseavisen segir söguhetjuna vera sjarmatröll frá Íslandi og vill meina að Íslendingum hafi tekist vel til í persónusköpun sinni. Eitt stærsta götublað Noregs, VG, er hrifið af íslensku teiknimynd-

inni og gefur henni fjórar stjörnur af sex. Það kemur þó fram að þrumuguðinn Þór sé helst til of góður og endurspeglir ekki þann fýlda og harða guð sem fólk þekkir úr sögunum. Østlandets Blad tekur undir þennan dóm og er sérstaklega hrifið af hamrinum Mjólni og hvernig honum er gefið líf í myndinni. Þá segja þeir myndina boða gott fyrir framhald teiknimyndargerðar á Íslandi, eða sögu-eyjuni eins og þeir kalla gjarnan Ísland.

Gagnrýnandi Dagsavisen er ekki jafn hrifinn. Hann segir myndina ósjarmerandi og fyrirsjáanlega. Einnig er hann ósammála hinum dómunum og segir söguna vera fulla af klisjum. Sá gagnrýnandi virðist vera með allt á hornum sér því hann setur líka út á norsku talsetningu myndarinnar.



ÓSAMMÁLA GAGNRÝNENDUR Gagnrýnendur í Noregi eru ekki á einu máli um teiknimyndina Þór. Flestir segja hana frábæra en einum þykir hún ósjarmerandi.

HUGRÚN ÖSP: HÉLT AÐ EINHVER VÆRI AÐ GERA GRÍN AÐ MÉR

Vann til tvennra verðlauna á Erasmus-hátíð í Portúgal

Hugrún Ösp Lárusdóttir Dunn, nemandi í ljósmyndun, hlaut tvenn verðlaun á Erasmus-stuttmyndahátíðinni í Leiria í Portúgal fyrir stuttmyndina Móðir mín í kví kví.

Hugrún Ösp flutti til Bristol árið 2007 og hóf nám í ljósmyndun tveimur árum síðar. Hún segir kennara sinn hafa hvatt sig til að gera eitt skólaverkefnið í öðru fagi en ljósmyndun og stakk upp á stuttmyndagerð. Hugrún ákvað að fara að ráði hans og var útkoman stuttmyndin Móðir mín í kví kví sem byggð er á samnefndri þjóðsögu.

„Þetta er frásögn gamallar konu sem rifjar upp ævi sína og útskýrir af hverju hún bar barnið sitt út. Við sjáum hana ganga í átt að staðnum þar sem útburðurinn átti sér stað á meðan hún segir sögu sína. Hún er uppgefin og langar að leggjast þar niður og deyja því hún hefur þurft að búa við þessa sorg alla ævi. Þannig að þetta er ekki beint gleðileg mynd,“ útskýrir Hugrún.

Sami kennari stakk síðan upp á því að hún sendi myndina á Erasmus-stuttmyndahátíðina í Portúgal. Keppt var í átta flokkum og var mynd Hugrúnar sýnd í flokknum Heritage, sem á íslensku þýðir arfleifð. Myndin þótti bæði besta myndin í sínum flokki og einnig á hátíðinni allri og kom þessi tvöfalda sigur Hugrúnu nokkuð á óvart.

„Ég hélt fyrst að einhver væri að gera grín að mér þegar mér var tilkynnt um sigurinn í gegnum vefpóst, þetta kom mér algjörlega á óvart,“ segir Hugrún sem hlaut peningaverðlaun og viðurkenningarskjál að launum. Hugrún giftist breskum manni



TVÖFALDUR SIGUR Hugrún Ösp Lárusdóttir Dunn hlaut tvenn verðlaun fyrir stuttmynd sína sem sýnd var á stuttmyndahátíð í Portúgal.

í fyrirasumar og ætlar því að búa áfram í Bristol að útskrift lokinni, en hún útskrifast í júlí með BA í ljósmyndun. Innt eftir því hvað hún ætli að gera að námi loknu segist hún gjarnan vilja færa sig meira yfir í kvikmyndagerð.

„Mér finnst mjög gaman í ljósmyndun en ég held ég muni færa mig meira yfir í kvikmyndagerð

í framtíðinni. Lokaverkefni mitt úr skólanum er stuttmynd um Viðfjarðarskottu og er lauslega byggð á Viðfjarðarundrunum eftir Þórberg Þórðarson. Fjölskylda mín er ættuð frá Viðfirði og mér þótti gaman að hafa lokaverkefnið svolítið persónulegt,“ segir hún að lokum.

sara@frettabladid.is

CC Flax

Frábært gegn **fyrirtíðarspennu** fyrir konur á öllum aldri og einkennum **breytingaskeiðs**

Mulin hörfræ – Lignans Trönuberjafrae Kalk úr hafþörungum

Slegið í gegn í vinsældum, frábær árangur!

Heilbrigðari og grennri konur

Rannsókn sýna að konur sem hafa mikið lignans í blóðinu eru að meðaltali með 8,5 kg minni fitumassa en þær konur sem skortir eða hafa lítið af Lignans.**

*Howel AB Journal of the American Medical Association June 2002:287:3082
 ** British Journal of Nutrition(2009), 102: 195-200 Cambridge University.

Styrking • Jafnvægi • Fegurð



1 kúfuð teskeið á dag - 40 daga skammtur

www.celsus.is

Fæst í apótekum, heilsubúðum og Krónunni.

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

5 ÚTVARPS-STÖÐVAR Í BEINNI

VÍSIR
- oft á dag

14 DAGAR í aðalkeppni Eurovision



Ber virðingu fyrir gömlu og góðu

„Við berum mikla virðingu fyrir þjóðbúningnum en við viljum reyna að nútímavæða hann og gera hann þannig að konur geti notað hann við fleiri tækifæri,“ segir Rebekka A. Ingimundardóttir, hönnuður kjólsins sem Greta Salóme mun klæðast í Eurovision-söngvakeppninni í Bakú 22. og 26. maí næstkomandi.

Rebekka hannaði einnig kjólinn sem Greta klæddist í Hörpunni og báðir voru þeir saumaðir af Elmu Bjarney Guðmundsdóttur. „Við vildum halda þessu þjóðlegu en það eru ýmis óvænt element í kjólnum,“ segir Rebekka. Fötin sem Jónsi klæðist segir hún vera samstarfsverkefni hennar sjálfrar, Freyðisar Jónsdóttur hjá Private Label og þeirra hjá NTC. „Jakkin er í reiðjakkastíl og hann er með svokallað „cravat“ um hálsinn. Svo er hann í háum skóm með buxurnar ofan í, en það á að vísa til þess þegar Íslenskir karlmenn voru í ullarsokkum og sauðskinnsskóm,“ segir hún. Bakraddirnar verða einnig í þjóðlegum stíl í hönnun frá Áróru, Private Label og Huginn Muninn meðal annars.

Rebekka fór með hópnum út í morgun, en hún sér einnig um sviðsframkomu atriðisins í Bakú. „Ég er hálfgerður leikstjóri, en svo fengum við hana Völu, dansara frá Íslenska dansflokknum, til



GLÆSILEG Þau Greta og Jónsi verða glæsileg á sviðinu í Bakú.

að hjálpa okkur með handahreyfingarnar,“ segir Rebekka sem er lærður leikstjóri og leikmynda- og búningahönnuður. Hún er ekki búin að hlusta mikið á önnur lög í keppninni en telur okkur þó eiga góða möguleika. „Ég held að við séum að fara að gera góða hluti úti og verðum sjálfum okkur samkvæm,“ segir hún að lokum.

- trs

habitat



SUMARIÐ ER KOMIÐ - Í ALVÖRUNNI!



DRAFT MATARSTELL
4 stk. saman í pakka
2.950 kr. pakkinn



FLAMINGO PÚÐI
3.500 kr.



AFRICA STÓLL
11.500 kr.



MAUI SÓLSTÓLL
Verð frá 12.500 kr.

LIMONE-LÍNAN
tveir litir

Kaffi/tekanna 980 kr.
Glas 980 kr.
Plastdiskar verð frá 690 kr.
Bakki, hringlaga 3.900 kr.
Morgunverðarplatti 1.250 kr.



DELI SKÁL
1.900 kr.



DANI BAKKI
3.900 kr.



TRATTORIA
kaffi/te-box
1.800 kr.



Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

VÍSIR

Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Ella á skjánum

Elínros Líndal og samstarfsmenn hennar hjá fatakönnunarfyrirtækinu Ellu glöddust þegar fjölmiðlakonan Jo Piazza klæddist kjól frá þeim í viðtals- og fréttættinum 20/20 á sjónvarpsstöðinni ABC. Piazza vinnur fyrir miðla á borð við CNN, The Daily Beast, Fox News og Wall Street

Journal og er þekkt í heimalandi sínu. Piazza klæddist ljósbláum Cheriekjól frá Ellu og er eflaust hin besta auglýsing fyrir íslenska merkið fari Ella í útrás vestur um haf.

Helgin fyrir afmælið

Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands fagnar 69 ára afmæli sínu á mánudaginn og væntanlega ekki loku fyrir það skotið að hann noti tækifærið um helgina til að halda upp á það. Forsetinn, sem haldið hefur sig til hlés á meðan aðrir frambjóðendur til embættisins hafa stigið fram síðustu daga og vikur, mætir annars í sitt fyrsta fréttaviðtal í nokkurn tíma núna um helgina. Hann verður gestur **Sigurjóns M. Egilssonar** í þættinum Sprengisandi á Bylgjunni klukkan tíu á sunnudagsmorgun. Afmælisvikan byrjar því vel hjá forseta, því líta má svo á að hann hefji kosningabaráttu sína í þættinum. - *áp, óká*



Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Þið getið andað rólega, heimsendir er ekki í nánd
- 2 Ólafur Ragnar um eiturfjandann: Einfaldar aðferðir bestar
- 3 Sérkennilegur fæðingarblettur kom fjölskyldu til bjargar
- 4 Vart hugað líf eftir að hafa bjargað eiganda sínum
- 5 Jörðin í áður óséðu ljósi

BÚÐU ÞIG UNDIR
HROLL!



695,-/stk.

GRANAT púðar B50xL50cm. Ýmsir litir



SODA sogrör 295,-/200 í pk.




GARPEN borð L160x885, H74cm. Svart **39.990,-**
Hentar til notkunar utanhúss



BARBRO sæng L200x150cm Marglitt **3.690,-** Fæst einnig í L220x240cm **6.990,-**

Allir út með sól í hjarta!



BARBRO motta. Flatofin L200x80cm. Marglitt **4.990,-**



SOMMARLOV servíettur B33xL33cm. Ýmis myndur **295,-/30 í pk.**



GARPEN barstóll B41xD49, H74cm Svart **8.990,-**
Hentar til notkunar utanhúss



2.290,-

BARBRO RUTA sængurverasett L200x150/L50xB60cm. Bleikt eða gult

Grænmetisbuff með graslaukssósu, kúskús og grænmeti



495,-




7.990,-

VÄSMAN stóll með örmum. B54xD59, H92cm. Sæti H44cm Svart eða hvítt. Hentar til notkunar utanhúss



GODIS MIX glös 23cl. Ýmis myndur **995,-/6 í pk.**



BARBRO RAND baðhandklæði B100xL150cm Marglitt **2.290,-**



LÄCKÖ borð Ø70, H71cm Grænt eða grátt **5.990,-**
Hentar til notkunar utanhúss




395,-/6 í setti

CHOSIGT íspinnamót H10cm. Ýmsir litir



GARPEN barborð L112xB60, H105cm. Svart **29.990,-**
Hentar til notkunar utanhúss



BARBRO teppi 100% bómull L180xB120cm. Ýmsir litir **4.690,-**

Sumarblómin og ávaxtatrénu eru komin aftur!

Eplatré, perutré, kirsuberjatré, plómutré, bláberjatré, hindberjatré, rifsberjatré, rabarbari, vínberjatré, jarðarberjaplöntur ásamt hinum hefðbundnu sumarblómum. Sjón er sögu ríkari!

